# KJÓSARHREPPUR

## Endurskoðun aðalskipulags 2024-2036

## TILLAGA TIL AUGLÝSINGAR

### GREINARGERÐ

2. mars 2026

Tillögunni fylgir uppdráttur dags. 2. mars 2026

LANDMÓTUN



## EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR ... 5
1.1. Aðdragandi endurskoðunar ... 6
1.2. Umsjón ... 6
1.3. Skipulagsgögn og kortagrunnar ... 7
1.4. Viðfangsefni ... 8
1.5. Umhverfismat ... 9
1.6. Samráð ... 9
2. FORSENDUR ... 10
2.1. Skipulagssvæðið ... 10
2.2. Staðhættir – Umhverfi og náttúra ... 10
2.3. Samfélag ... 12
2.3.1. Íbúafjöldi ... 12
2.3.2. Mannfjöldaspá ... 13
2.3.3. Húsnæðisþróun ... 14
2.3.1. Atvinnulíf ... 15
2.3.2. Samgöngur ... 15
2.4. Menningarminjar ... 16
2.4.1. Friðlýstar menningarminjar ... 16
2.5. Tengsl við aðrar áætlanir ... 17
3. Stefna og markmið aðalskipulags ... 24
3.1. Umhverfi og yfirbragð ... 25
3.2. Loftslag ... 26
4. Byggð og samfélag ... 27
4.1. Íbúðarbyggð (ÍB) ... 28
4.1.1. GISTISTAÐIR Á ÍBÚÐARLÓÐUM ... 28
4.2. Frístundabyggð (F) ... 31
4.2.1. Eldri frístundabyggðir ... 33
4.3. Opin svæði (OP) ... 36
4.4. Íþróttasvæði (ÍÞ) ... 37
4.5. Samfélagsþjónusta (S) ... 39
4.6. Kirkjugarðar og grafreitir (K) ... 40
5. Landbúnaður og landnýting ... 42
5.1. Landbúnaðarsvæði (L) ... 44
5.1.1. FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS ... 45
5.1.2. Landskipti ... 49
5.1.3. Byggingar og önnur starfsemi á landbúnaðarsvæðum ... 49
5.1.4. Kolefnisbinding ... 51
5.2. Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) ... 51
5.2.1. NÁTTÚRULEGIR BIRKISKÓGAR ... 53
5.2.2. UPPGRÆÐSLA OG ENDURHEIMT VOTLENDIS ... 53
5.3. Stakar framkvæmdir ... 54
6. Atvinnulíf og ferðaþjónusta ... 56
6.1. Verslun og þjónusta (VÞ) ... 57

6.2. Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) ... 59
6.3. Athafnasvæði (AT) ... 62
6.4. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) ... 62
7. Innviðir og orka ... 65
7.1. Iðnaðarsvæði (I) ... 66
7.1.1. Úrgangur ... 66
7.1.2. Orkuvinnsla ... 66
7.2. Vegir, götur og stígar (VE) ... 68
7.2.1. STOFNVEGIR (VE-SV) ... 69
7.2.2. TENGIVEGIR (VE-TV) ... 69
7.2.3. GÖNGULEIÐIR (VE-GL) ... 70
7.2.4. REIÐLEIÐIR (VE-RL) ... 71
7.2.5. HJÓLALEIÐIR (VE-HL) ... 72
7.2.6. ALMENNINGSSAMGÖNGUR ... 72
7.2.7. VEGIR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS ... 74
7.3. Veitur (VH) ... 75
7.3.1. VATNSVEITA ... 75
7.3.1. HITAVEITA ... 75
7.3.1. FRÁVEITA ... 76
7.3.2. RAFVEITA ... 76
7.3.3. FJARSKIPTI ... 77
8. VATN, VERND OG VÁ ... 79
VATN ... 80
8.1. Vötn, ár og sjór (V) ... 80
8.2. Strandsvæði (ST) ... 81
8.3. Vatnsvernd á strandsvæðum, við ár, vötn og sjó (VS) ... 83
8.4. Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG/VF) ... 84
VERND ... 89
8.5. Óbyggð svæði (ÓB) ... 89
8.6. Friðlýst svæði (FS) ... 90
8.7. Önnur náttúruvernd (ÖN) ... 92
8.8. Minjavernd (MV) ... 93
8.8.1. FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR ... 94
8.8.2. FRIÐLÝST HÚS ... 95
8.8.3. FRIÐUÐ HÚS ... 95
8.9. Hverfisvernd (HV) ... 96
8.9.1. HVERFISVERND VEGNA NÁTTÚRUMINJA ... 96
8.9.2. HVERFISVERND VEGNA MENNINGARMINJA ... 97
VÁ ... 99
8.10. Náttúruvá (NV) ... 99
9. UMHVERFISSKÝRSLA ... 102
9.1. Helstu áhrifaþættir ... 102
9.2. Umhverfisþættir og áherslur ... 104
9.3. Umhverfisviðmið ... 106

9.4. Valkostir og mat á áhrifum ........ 107
10. Umhverfismat ........ 108
10.1. Stefna aðalskipulags Kjósarhrepps um byggð og samfélag ........ 108
10.1.1. Valkostir fyrir íbúðarbyggð ........ 108
10.1.2. Valkostir fyrir frístundabyggð ........ 112
10.1.3. Valkostir fyrir opin svæði og íþróttasvæði ........ 115
10.1.4. Valkostir fyrir samfélagsþjónustu ........ 116
10.1.5. Niðurstaða umhverfisáhrifa fyrir byggð og samfélag ........ 117
10.2. Stefna aðalskipulags landbúnað og landnýtingu ........ 118
10.2.1. Valkostir fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði ........ 118
10.2.2. Niðurstaða umhverfisáhrifa fyrir landbúnað og landnýtingu 120
10.3. Stefna aðalskipulags um atvinnulíf og ferðaþjónustu ........ 120
10.3.1. Valkostir fyrir verslun og þjónustu ........ 120
10.3.2. Valkostir fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði ........ 123
10.3.3. Valkostir fyrir Efnistöku- og efnislosunarsvæði ........ 124
10.4. Stefna aðalskipulags um innviði og orku ........ 125
10.5. Stefna aðalskipulags Kjósarhrepps um vatn, vernd og vá ........ 125
10.6. Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum ........ 126
10.7. Samlegðaráhrif og heildarniðurstaða matsvinnu ........ 126
10.7.1. Vöktunaráætlun ........ 126
11. SKIPULAGSFERLIÐ ........ 127
11.1. Tímaáætlun - sett fram til viðmiðunar og með fyrirvara um breytingar. 127
11.2. Samráð og kynning ........ 128
11.3. Breytingar eftir auglýsingu. ........ 128
12. Heimildaskrá ........ 129

# 1. INNGANGUR

Aðalskipulag þetta er heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Vinna við endurskoðun byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismat áætlana var unnið samhliða endurskoðun aðalskipulagsins.

Í aðalskipulagi ber sveitarfélögum að setja fram stefnu og ákvarðanir sveitarstjórnar um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar, um landnotkun, byggðaþróun og -mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og atvinnu- og umhverfismál. Lýsa skal forsendum þeirrar stefnu sem mörkuð er og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni. Aðalskipulagi er ætlað að leiða samfélög í átt að sjálfbærri nýtingu lands og stuðla að sveigjanlegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa og atvinnulíf. Aðalskipulag á að vera virkt stjórntæki sem nýtist við ákvarðanatöku og við gerð áætlana sem fjalla um ráðstöfun lands. Markmiðið er **að aðalskipulagið myndi gagnsæja umgjörð um þróun sveitarfélagsins, verði hagnýtt verkfæri við uppbyggingu og eflingu mannlífs og traust umgjörð um atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri nýtingu gæða og auðlinda svæðisins og stendur vörð um framtíð þeirra.** Aðalskipulag skal haft til grundvallar við gerð annarra áætlana er snerta ráðstöfun lands á einn eða annan hátt og aðrar skipulagsáætlanir innan sveitarfélagsins skulu vera í samræmi við aðalskipulag.

Í greinargerð þessari er stefna mörkuð fyrir þá landnotkun sem stefnt er að á svæðinu og sýnd er á skipulagsuppdrætti. Forsendum stefnumörkunarinnar er lýst og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni.



Mynd 1. Laxá í Kjós á fallegum vordegi. Ljósmynd: Landmótun.

## 1.1. Aðdragandi endurskoðunar

Í ársbyrjun 2024 samþykkti sveitarstjórn Kjósarhrepps að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Í upphafi skipulagsvinnunnar var farið yfir forsendur gildandi aðalskipulags og metið hvort þær hafi breyst og hvort nýjar áskoranir blasi við í sveitarfélaginu. Reynslan af framfylgd skipulagsins metin og kannað var hvort aðalskipulagið samræmist öðrum áætlunum á lands- og svæðisvísu.

Síðan gildandi aðalskipulag Kjósarhrepps 2017-2029 var unnið hafa ýmsar forsendur breyst er varða landnotkun, innviði og þróun búsetu og atvinnulífs, og ný tækifæri og áskoranir er varða þessa þætti hafa litið dagsins ljós. Tímabært er að staldra við og yfirfara stefnu og helstu markmið aðalskipulags og uppfæra þau sem ekki eiga við lengur. Uppfæra þarf skilmála og texta m.t.t. núverandi ástands svo skilmálar séu nægilega leiðbeinandi fyrir deiliskipulagsgerð og ódeiliskipulögð svæði. Þannig er tryggt að aðalskipulagið nýtist sem virkt stjórntæki og sé til þess fallið að stuðla að því að markmið sveitarfélagsins náist og endurspeglist í deiliskipulagsáætlunum. Ný landsskipulagsstefna 2024-2038 hefur tekið gildi og stjórnvöld hafa lagt fram metnaðarfulla aðgerðaráætlun í loftslagsmálum til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030. **Til að ná árangri í loftslagsmálum er nauðsynlegt að sveitarfélög leggi lóð sín á vogarskálarnar og getur aðalskipulag verið áhrifaríkt tæki í aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga.**

## 1.2. Umsjón

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á gerð aðalskipulags sveitarfélaga. Nefnd um endurskoðun aðalskipulags Kjósarhrepps, skipuð tveimur nefndarmönnum skipulags- umhverfis- og samgöngunefndar (formaður og varaformaður) auk fulltrúa bænda, sumarhúsaeigenda og ferðaþjónustu og fyrirtækja, fjallaði um aðalskipulagsvinnuna í umboði sveitarstjórnar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Samið var við Landmótun sf. um skipulagsráðgjöf við endurskoðunina. Landmótun starfaði í samvinnu við nefndina ásamt skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins og hélt utan um vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Sveitarstjórn og skipulags- umhverfis og samgöngunefnd fjallaði um málefni aðalskipulagsins eftir því sem tilefni gafst til og aðrar nefndir hreppsins unnu að öflun gagna og mótun stefnu og voru þannig virkir þátttakendur í skipulagsgerðinni. Álits sérfræðinga var leitað þegar þörf var á faglegu mati eða öðrum sérfræðiupplýsingum. Aðkoma íbúa og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu frá upphafi skipulagsvinnunar er mikilvæg og rík áhersla lögð á samráð.



Mynd 2. Horft yfir Hvalfjarðareyri og Hvalfjörð. Ljósmynd: Landmótun.

## 1.3. Skipulagsgögn og kortagrunnar



Uppdrættir eru unnir á stafræna kortagrunna (IS50v) frá Landmælingum Íslands og loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Kortagrunnar eru í ISN93. Sveitarfélagsmörk eru sýnd eins og þau eru á kortagrunnum Landmælinga Íslands (IS50v).

Skipulagið er sett fram í greinargerð með skýringaruppdráttum og á sveitarfélagsuppdrætti í mælikvarðanum 1:40.000.

**Skipulagsgögn eru eftirfarandi:**

- Greinargerð, ásamt forsendum og umhverfisskýrslu
- Aðalskipulagsuppdráttur í mkv. 1:40.000

Kortagrunnar:

- ISV50 frá Landmælingum Íslands
- Landamerki frá Þjóðskrá
- Náttúruverndarsvæði frá Umhverfis- og orkustofnun
- Vistgerðir og jarðmyndanir frá Náttúrufræðistofnun Íslands
- Kortagrunnar sveitarfélagsins

Svæði sem eru auðkennd með hringtákni á skipulagsuppdrætti geta verið allt að 5 ha að stærð.

## 1.4. Viðfangsefni

Umfjöllun aðalskipulagsins er skipt í 5 kafla:

**Viðfangsefni**

| Kafli | Landnotkunarflokkar |
|---|---|
| **Byggð og samfélag** | *Íbúðarbyggð (ÍB) - Frístundabyggð (F) - Opin svæði (OP) - Íþróttasvæði (ÍÞ) - Samfélagsþjónusta (S) - Kirkjugarðar og grafreitir (K)* |
| **Landbúnaður og landnýting** | *Landbúnaður (L) - Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)* |
| **Atvinnulíf og ferðaþjónusta** | *Verslun og þjónusta (VÞ) - Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) - Athafnasvæði (AT) - Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)* |
| **Innviðir og orka** | *Iðnaðarsvæði (I) - Vegir, götur og stígar (VE) - Veitur (VH)* |
| **Vatn, vernd og vá** | *Vötn, ár og sjór (V) - Strandsvæði (ST) - Sérstök not haf- og vatnasvæða (SN) - Vatnsból (VB) - Óbyggð svæði (ÓB)*<br>**Takmarkanir á landnotkun:**<br>*Náttúruvá (NV) - Varúðarsvæði (VA) - Friðlýst svæði (FS) - Önnur náttúruvernd (ÖN) - Minjavernd (MV) - Vatnsvernd vatnsbóla (VG/VF) - Vatnsvernd á strandsvæðum, við ár, vötn og sjó (VS) - Hverfisvernd (HV)* |

***Viðfangsefni og efnistök aðalskipulags***

*Meginviðfangsefni aðalskipulags er stefnumörkun sveitarstjórnar um landnotkun og byggðarþróun. Gera skal grein fyrir og marka stefnu um eftirtalin málefni og setja þau fram með ákvörðunum um landnotkun, eftir því sem við á.*

*Athafna- og iðnaðarstarfsemi*
*Blöndun byggðar*
*Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs*
*Íbúar og íbúðir*
*Landbúnaður*
*Landsskipulagsstefna*
*Opin svæði, útivist og íþróttir*
*Samgöngur, vegir og stígar*
*Sjálfbær þróun*
*Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis*
*Stakar framkvæmdir*
*Varúðarsvæði og náttúruvá*
*Veitur og fjarskipti*
*Verndar- og orkunýtingaráætlun*
*Vernd vatns, náttúru- og menningarminja*
*Verslun og önnur þjónusta*
*Þéttbýli*

*Að auki getur sveitarstjórn sett fram stefnu í aðalskipulagi um önnur málefni sem varða þróun sveitarfélagsins.*

## 1.5. Umhverfismat

Endurskoðun aðalskipulagsins er háð umhverfismati framkvæmda og áætlana skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismati er ætlað að stuðla að sjálfbærni í skipulagi og verndun umhverfis í samræmi við lög. Þar skal meta áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu. Metið er hvort þeir valkostir sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar muni hafa jákvæð, óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skal taka mið af niðurstöðum umhverfismatsins. Umhverfismatið er að finna í 9. kafla.

***Sjálfbær þróun?***

*Sjálfbær þróun mætir þörfum samtímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum, og lágmarkar þannig neikvæð áhrif á umhverfið.*

*Sjálfbær þróun er lykilhugtak í allri umræðu samtímans um þróunar- og umhverfismál, og hlýtur sífellt meira vægi í allri samfélagsgerð.*

*Hugmyndin um sjálfbæra þróun byggir á þremur meginstoðum: samfélagi, umhverfi og efnahag. Þróun getur aðeins verið sjálfbær ef jafnvægi ríkir á milli stoðanna þriggja. Hún getur þannig aðeins verið sjálfbær ef hún er til framdráttar á öllum þremur sviðum.*

## 1.6. Samráð

Skipulagslýsing var auglýst frá 15. júlí til 22. ágúst 2024. Bárust 9 umsagnir um skipulagslýsinguna. Send var spurningakönnun til landeigenda og ábúenda þar sem falast var eftir upplýsingum og þátttöku þeirra í skipulagsgerðinni. Spurningakönnun fyrir íbúa, sumarhúsaeigendur og aðra sem láta sig málefni Kjósarhrepps varða var auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins. Þátttaka var góð og bárust 73 svör við könnuninni með margvíslegum upplýsingum og ábendingum frá svarendum sem nýttust við skipulagsvinnuna. Opið hús var haldið í september 2024 þar sem efni skipulagsins var kynnt og tækifæri gafst til skrafs og ráðagerða. Þá var opinn vinnufundur haldinn þar sem landeigendum og ábúendum var boðið til samtals um endurskoðun á flokkun landbúnaðarlands í hreppnum og landnotkun á sínu landi. Haldinn var kynningarfundur vegna vinnslutillögu í Ásgarði í október 2025 þar sem helstu efnistök aðalskipulagsins voru kynnt og tækifæri gafst til umræðna. Þessi vinnslutillaga er auglýst og kallað eftir athugasemdum frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Unnið verður úr athugasemdum sem berast við vinnslutillögu og fullunnin tillaga auglýst og gefst þá annað tækifæri til að gera athugasemdir við skipulagið.

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*B.3: Skipulag tryggi tækifæri fyrir ólíka félagshópa til að hafa áhrif á ákvarðanir um nærumhverfi sitt.*

# 2. FORSENDUR

## 2.1. Skipulagssvæðið

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Kjósarhrepps við sunnanverðan Hvalfjörð. Sveitarfélagið er dreifbýlissveitarfélag án þéttbýlisstaðar en miðstöð opinberrar þjónustu er í Ásgarði. Sveitarfélagið á mörk að þremur sveitarfélögum: Reykjavík í vestri og suðri, Bláskógabyggð í austri og Hvalfjarðarsveit í norðri.

## 2.2. Staðhættir – Umhverfi og náttúra

### Afmörkun

Sveitarfélagið Kjósarhreppur er í sunnanverðum Hvalfirði og liggur að stórum hluta að sjó. Sveitarfélagamörkin liggja frá ósum Kiðafellsár og fylgja henni í Kerlingargil í norðanverðum Esjuhlíðum. Þaðan liggja mörkin eftir Esjunni austur fyrir Skálafell og stefna þaðan á Botnssúlur og svo niður að sjó skammt sunnan við ósa Botnsár. Að austan marka fjöllin Hlíðar, Kjölur, Leggjabrjótur og Botnssúlur skil á milli Kjósarhrepps og Bláskógabyggðar. Landslag í Kjósarhreppi er fjölbreytt og setja fjöll og dalir svip sinn á svæðið. Syðst í Kjósinni í norðurhlíðum Esjunnar eru fimm dalir sem liggja gróflega norður-suður. Vestastur er Hrútadalur, þá Eilífsdalur, Flekkudalur, Eyjadalur og loks Svínadalur austast. Innan hreppsins eru m.a. fjöllin Eyrarfjall, Meðalfell, Reynivallaháls, Þrándarstaðafjall og Múlafjall, sem skipta svæðinu niður í sex stóra dali til viðbótar.

### Jarðfræði og landslag

Kjósarhreppur liggur utan við virkasta hluta gosbeltisins og berggrunnur sveitarfélagsins er að mestu leyti súrt gosberg sem er eldra en 11.000 ára. Hvalfjörður hefur myndast á ísöld þegar skriðjöklar surfu jarðlögin með miklum þunga sínum og dýpstur er hann 84 m á móts við Kiðafell (Landlínur, Áskelsdóttir, & Þórðarson, 2007). Landslag er fjölbreytt: fjöll, dalir, lækir, vötn og fossar. Undirlendi er takmarkað en er vel gróið þrátt fyrir það og víða vel fallið til landbúnaðar með ágætum ræktunarskilyrðum. Þegar saga Kjósarinnar er skoðuð má sjá að talsvert af bæjum hafa byggst upp og fallið í eyði í gegnum aldirnar, þó að stærstu jarðirnar hafi verið í stöðugri ábúð (Beck & Guðnadóttir, 2012). Samkvæmt lögbýlaskrá 2024 eru 48 lögbýli í Kjósarhreppi og tvö þeirra í eyði (Lögbýlaskrá, 2024). Eitt stórt vatn er í vesturhluta Kjósarinnar, milli Esju og Meðalfells, sem kallast Meðalfellsvatn og þar hefur myndast stór frístundabyggð á liðnum áratugum. Frístundabyggð er einnig að finna víðar í sveitarfélaginu, t.d. við mynni Eilífsdals litlu vestar, Norðurnesi í mynni Svínadals og á Hvalfjarðarströnd vestan við Hvammsvík. Laxá í Kjós og Bugða eru ásamt Meðalfellsvatni eitt stærsta aðdráttarafl Kjósarinnar enda árnar einar vinsælastu laxveiðiár landsins, en einnig er veiði í Kiðafellsá og Brynjudalsá. Flestir bæir í Kjós njóta einhverra hlunninda, svo sem lax- og silungsveiði.

*Sveitarfélagið Kjósarhreppur er um 300 km$^2$ að flatarmáli.*

*Íbúar Kjósarhrepps voru 301 talsins þann 1. janúar 2025.*
*Karlar voru 170 og konur 131.*

*Árið 2025 voru skráð 677 sumarhús í Kjósarhreppi, og er það fjórði mesti fjöldi sumarhúsa í öllum sveitarfélögum landsins.*

### Áhugaverðir staðir

Margir áhugaverðir og fallegir staðir eru í Kjós. Brynjudalur liggur inn af Hvalfjarðarbotni með birkikjarri innst í dalnum og Botnsúlur blasa við. Brynjudalsá rennur eftir dalnum og er ágæt til laxveiða. Við strandlengjuna meðfram Hvalfirðinum er fjölbreytt fuglalíf og kræklingafjörur og Hvalfjarðareyrin er sérstakt náttúruundur. Við Maríuhöfn við Hálsnes er fyrsta

höfn landsins talin hafa verið. Kaupa má veiðileyfi í Meðalfellsvatni og þar veiðist bæði lax og silungur. Þá eru margar áhugaverðar göngu- og reiðleiðir um Kjósina og þeir sem vilja skoða sveitina akandi geta farið ýmsar hringleiðir (Beck & Guðnadóttir, 2012).

### Veður

Veðurfar er almennt gott í Kjósarhreppi. Byggð svæði á undirlendi eru víða í góðu skjóli fyrir vindum. Suðaustanátt er ríkjandi vindátt og víðast sú vindátt sem slæm getur verið innan hreppsins og norðanátt að jafnaði hagstæðust. Úrkoma er mest á haustin en minnst á vorin. Á hlýjum sumardögum er ekki óalgengt að hitaskúr leiði með Esjunni inn yfir sveitina. Svæðið er tiltölulega snjólétt á vetrum en snjór á þó til að safnast saman í skafrenningi. Yfir háveturinn sést víða ekki til sólar þar sem byggð er víða norðanundir fjöllum og hálsum.



Mynd 3. Vindatlas Veðurstofu Íslands sýnir tíðni vindátta.

### Lífríki

Fuglalíf er fjölbreytt í Kjósarhreppi og Hvalfjörður er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Meðal fuglategunda sem eiga þar varpland sitt er æðarfugl, kría og ýmsar tegundir mófugla. Leirur í Laxvogi, Brynjudalsvogi og Botnsvogi eru mikilvægur fæðuöflunarstaður fyrir bæði varpfugla og farfugla sem hafa þar viðkomu. Æðarvarp er víða með ströndinni, einkum í Hvammsvík. Góðar kræklingafjörur eru m.a. í Laxvogi og við Fossá. Laxvogur og strandlengjan milli Hvammsvíkur og Botnsvogs eru mjög mikilvæg svæði fyrir sjávarlífríki og fuglalíf. Minkur og refur hefur á tíðum verið nokkuð áberandi en þeim haldið frá byggð, sérstaklega á vorin og sumrin þegar laxveiði og æðarvarp stendur sem hæst (Landlínur, Áskelsdóttir, & Þórðarson, 2007).

### Náttúruvá

Kjósarhreppur liggur utan virkasta gosbeltisins á Íslandi og er þannig ekki útsettur fyrir hættu af völdum eldsumbrota. Kjósarhreppur er í jaðri Suðurlandsskjálftabeltisins en það er sniðgengisbelti sem nær frá Vatnafjöllum í austri vestur um Ölfus. Það tjón sem einkum hlýst af jarðskjálftum vegna eðlislægra þátta er vegna sprungna á yfirborði, skemmda á mannvirkjum, breytinga á grunnvatnsstöðu og landsigs. Þá geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamfara, s.s. skriðufalla og flóða í ám.

Möguleg náttúruvá er til staðar vegna landbrots, sjávarflóða á láglendi vegna nálægðar við sjó, auk þess sem hætta er á ofanflóðum á ákveðnum svæðum. Undir ofanflóð flokkast snjóflóð, skriður og svonefnd berg- og framhlaup, en þau verða þegar stórar spildur eða stykki úr fjallshlíðum hlaupa fram.

Á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu hefur Veðurstofan unnið svokallað staðbundið hættumat þar sem skoðaður er afmarkaður reitur sem ætlaður er fyrir byggingar. Ekki eru afmörkuð hættusvæði í slíkum tilvikum.

## 2.3. Samfélag

### 2.3.1. ÍBÚAFJÖLDI

Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúaþróun í sveitarfélaginu Kjósarhreppi sýna að íbúum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarna áratugi, úr 138 árið 1998 í 301 árið 2025, sjá línurit 1 um íbúaþróun í Kjósarhreppi. Þegar horft er á fólksfjölda eftir aldri og kyni sést að fjölmennasta aldursbilið er 55-64 hjá konum og körlum. Á svæðum þar sem fjölgun íbúa er nokkuð jöfn og 2 börn fæðast að meðaltali á hverja konu má búast við að aldursdreifingarlínurit (sjá Línurit 2) líti út eins og píramídi með lengstu greinarnar neðst sem síðan styttast eftir því sem ofar dregur. Íbúasamsetning hefur áhrif á þjónustuþörf í sveitarfélaginu og endurnýjun fólksfjöldans, þ.e. íbúaþróun. Hafa ber í huga að í litlu sveitarfélagi geta minnstu breytingar haft nokkur áhrif á heildarmyndina. Þá er ein af forsendum íbúafjölgunar að gott framboð húsnæðis sem hentar ólíkum aldurshópum og íbúðarlóða sé fyrir hendi.




Línurit 1. Íbúaþróun í Kjósarhreppi. Heimild: Hagstofa Íslands.




Línurit 2. Aldursdreifingarpíramídi Kjósarhrepps árið 2024 (Hreinsson, 2023)




Línurit 3. Hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara í Kjósarhreppi (Hagstofa Íslands, 2024).

Ekki er starfrækt hjúkrunar- eða dvalarheimili í Kjósarhreppi og því er fámennt í elsta hópnum sem þar býr og notar þá þjónustu. Hlutfall erlendra ríkisborgara í Kjósarhreppi hefur haldist í kringum 5-8% undanfarin ár, sjá Línurit 2.

### 2.3.2. MANNFJÖLDASPÁ

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands og gerir ráð fyrir að íbúafjölgun haldi áfram í Kjósarhreppi og að íbúafjöldi nái 500 árið 2030 og fari yfir 1000 árið 2038. Íbúar verða skv. spánni 904 við lok skipulagstímabilsins árið 2036.



Mynd 4. Börn að leik í Kjós. Ljósmynd: Ólöf Ósk Guðmundsdóttir.




Línurit 4. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar, 2024 (Hreinsson, 2023).




Línurit 5. Fjöldi íbúða og sumarhúsa í Kjósarhreppi (HMS, 2025).

### 2.3.3. HÚSNÆÐISÞRÓUN

Samkvæmt húsnæðisáætlun sem var gefin út árið 2024 mun íbúðaþörf í sveitarfélaginu vera á bilinu 4-13 íbúðir á ári fram til ársins 2033. Uppsöfnuð íbúðarþörf er á bilinu 30 til rúmlega 90 íbúðir (Húsnæðisáætlun, 2024). Eins og sést á línuriti 2 er talsvert ójafnvægi á milli fjölda íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu.




Mynd 5. Línurit úr Húsnæðisáætlun HMS (Húsnæðisáætlun, 2024).

### 2.3.1. ATVINNULÍF

Flestir íbúar í Kjósarhreppi sem stunda vinnu, sækja hana til annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eða eru í fjarvinnu. Margir íbúar í Kjósarhreppi eru komnir á eftirlaunaaldur en búskapur er enn stundaður á nokkrum bæjum, þó þeim fari fækkandi. Aðrir vinnustaðir í sveitarfélaginu eru flestir í þjónustugeiranum. Þó nokkrir aðilar eru starfandi í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og er fjölbreytt afþreying og þjónusta í boði fyrir ferðalanga sem einnig nýtist íbúum.

### 2.3.2. SAMGÖNGUR

Samgöngur eru mikilvægar fyrir atvinnu og búsetu í Kjósarhreppi.

Stofnvegir eru grunnnet samgangna eins og skilgreint er í 8. gr. vegalaga. Í drögum að nýrri samgönguáætlun 2026-2040 er lögð áhersla á kraftmiklar og arðsamar framkvæmdir um land allt sem efla umferðaröryggi, greiða fyrir umferð, stytta tengingar milli byggða og atvinnusvæða og bæta lífsgæði íbúa. Einnig er stefnt að því að tryggja farnetssamband á stofnvegum og helstu tengivegum. Uppbygging grunnnetsins, viðhald þess og rekstur á að vera forgangsatriði til að samgöngukerfið uppfylli þarfir fyrir alla flutninga á fólki og vörum. Margar áhugaverðar reið- og gönguleiðir og gamlar þjóðleiðir er að finna í Kjósarhreppi.

Flokka skal vegi í náttúru Íslands skv. reglugerð nr. 260/2018 og lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Með vegaskránni verður til heildstæð skráning yfir vegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, með eða án takmarkana. Um er að ræða kortlagningu og ákvarðanatöku um hvaða leiðir er heimilt að aka, í sumum tilfellum með tilteknum takmörkunum. Vegaskráin verður grundvöllur fyrir útgáfu vegakorta, þar á meðal stafrænna korta fyrir GPS-tæki.



Mynd 6. Kýr í haga. Ljósmynd: Ólöf Ósk Guðmundsdóttir.

## 2.4. Menningarminjar

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Í 29. gr. sömu laga kemur fram að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð og skv. 3. gr laganna eru fornminjar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands og eru sumar fornleifar jafnframt friðlýstar séstaklega og getur friðlýsingin þá náð til nánasta umhverfis minjastaðar, húss eða mannvirkis. Athygli er vakin á því að margar minjar nálgast nú 100 ára aldurinn og mun því minjum fjölga hratt á komandi árum miðað við núgildandi lög. Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu fornleifa og friðaðra og friðlýstra húsa og mannvirkja og setur reglur um lágmarkskröfur fyrir hvert skipulagsstig.

### 2.4.1. FRIÐLÝSTAR MENNINGARMINJAR

Heildarskráning fornleifa fór fram Í Kjósarhreppi árið 2008 og var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands (Ásta Hermannsdóttir, et al., 2008-2012)

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð. Í Kjósarhreppi eru 3 friðlýst hús og mannvirki. Friðlýstar menningarminjar og hús/mannvirki eru talin upp í töflum 1 og 2.

Tafla 1. Friðlýstar menningarminjar.

| Friðlýstar minjar | Lýsing |
|---|---|
| Orrustuhóll<br>GK334:031 | Þjóðsaga, legstaður. Í Kjalnesingasögu segir frá orustu við Orrustuhól. Friðlýstur árið 1962. |
| Hálsbúðir<br>GK352:012 | Búðarrústir frá fornum verslunarstað hjá Búðasandi. Friðlýst árið 1975. |
| Fossá<br>GK356:032 | Fjárrétt hlaðin úr grjóti í landi Fossár. Friðlýst árið 1972. |
| Gullhlaðsvellir<br>GK359:010 | Forn rúst, er nefnist Gullhlaðsvellir, sunnan við Brynjudalsá innan við Þrándarstaði. Friðlýst árið 1930. |

Tafla 2. Friðlýst hús og hús sem njóta verndar.

| Friðlýst hús eða mannvirki | Lýsing |
|---|---|
| Hallgrímskirkja í Vindáshlíð | Friðlýst kirkja, reist árið 1878 á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd en flutt að Vindáshlíð 1957 og kór reistur við kirkjuna og innri gerð breytt verulega. Friðuð 1990. |
| Reynivallakirkja | Friðlýst kirkja. Forkirkja reist 1951-1953 og kirkjan lengd árið 1959. Friðuð 1990. Byggð 1859 |
| **Friðuð hús og mannvirki** | **Lýsing** |
| Árnes | Friðað sumarhús, byggt árið 1917. |
| Ingunnarstaðir | Hlaða, kálfahús og gripahús, byggð árið 1924. |
| Ingunnarstaðir | Íbúðarhús, byggt árið 1923. |
| Hvaleyrarviti | Hvaleyrarviti er ljóshús sem upphaflega var komið fyrir á Bjargtöngum árið 1913 en var flutt á Hvalfjarðareyri árið 1948. |

## 2.5. Tengsl við aðrar áætlanir

Við endurskoðun aðalskipulags verður tekið mið af öðrum áætlanagerðum og gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísu um skipulagsmál, s.s. Landsskipulagsstefnu, Náttúruverndaráætlun, Samgönguáætlun og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, og við aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga; Reykjavíkurborgar, Bláskógabyggðar og Hvalfjarðarsveitar.

### 2.5.1. LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Landsskipulagsstefna 2024-2038 er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt á Alþingi í maí 2024 og leysir hún af hólmi landsskipulagsstefnu 2015-2026. Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild auk haf- og strandsvæða og felur í sér almennar leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Framtíðarsýn stefnunnar byggir á leiðarljósum eldri stefnu um að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Í landsskipulagsstefnu 2024-2038 eru þrjú markmið lögð til grundvallar, sem öll byggja á sjálfbærri þróun:

**A. Markmið um vernd umhverfis og náttúru** snýr að heilnæmi umhverfis og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

**B. Markmið um velsæld samfélags** snýr að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þar kemur fram áhersla á loftslagsaðlögun sem leiðarljós í skipulagi og seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

**C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf** snýr að samkeppnishæfni samfélags og eflingu atvinnulífs, hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi með aukinni bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Til að takast á við þær áskoranir sem blasa við á sviði skipulagsmála skal unnið að eftirfarandi níu lykilviðfangsefnum:
1. Viðbrögðum við loftslagsbreytingum.
2. Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæðum í byggðu umhverfi.
3. Uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða.
4. Landnotkun í dreifbýli.
5. Landnotkun á miðhálendi Íslands.
6. Orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta.
7. Skipulag haf- og strandsvæða.
8. Skipulag vindorku.
9. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Lögð er mikil áhersla á að sveitarfélög útfæri í skipulagi hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

### 2.5.2. SVÆÐISSKIPULAG HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS 2015-2040

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 nefnist Höfuðborgarsvæðið 2040 og er sameiginleg stefna sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kjósarhrepps, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar um náið samstarf, skipulagsmál og hagkvæman vöxt svæðisins næstu 25 árin. Höfuðborgarsvæðið er eitt búsetusvæði, einn atvinnu- og húsnæðis markaður með sameiginleg grunnkerfi, útivistarsvæði, auðlindir og náttúru. Á Íslandi er einungis eitt borgarsvæði og sem slíkt gegnir höfuðborgarsvæðið veigamiklu hlutverki sem miðstöð stjórnsýslu, menntunar og menningar fyrir

landið allt. Í nútímasamfélagi, þar sem fólk, fyrirtæki og fjármagn eru hreyfanleg, hafa öflug borgarsvæði sífellt meira vægi sem drifkraftur nýsköpunar og nýrra tækifæra. Það er lykilatriði í samkeppnisstöðu landsins að höfuðborgarsvæðið þróist í nútímalegt borgarsamfélag með alþjóðlegu yfirbragði þar sem lífskjör og tækifæri verði sambærileg við það sem best gerist í öðrum borgum. Síðustu áratugi hefur höfuðborgarsvæðið verið í örum vexti og flest bendir til að svo verði áfram. Með auknum vexti blasa við flóknar áskoranir, fyrirséðar og ófyrirséðar, og er stefna Höfuðborgarsvæðisins 2040 mótuð til að leiðbeina við úrlausn þeirra. Lykilatriði í stefnunni er að vöxturinn verði hagkvæmur og ekki verði gengið á umhverfisgæði þeirra sem þar búa fyrir. Það er því nauðsynlegt að fyrirsjáanlegri fólksfjölgun verði mætt án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli og án þess að óbyggt land verði brotið í sama mæli og síðustu áratugi.

**Helstu áskoranir svæðisins eru:**

| | |
|---|---|
| Áframhaldandi vöxtur | Breyttar húsnæðisþarfir |
| Veikleikar í stjórnkerfinu | Alþjóðleg samkeppnishæfni |
| Breytingar í umhverfi - loft, lögur og láð | Lýðheilsa |

**Stefna svæðisskipulagsins er sett fram undir 5 leiðarljósum:**

- Hagkvæmur vöxtur höfuðborgarsvæðisins
- Skilvirkar samgöngur og nútímalegt samgöngukerfi
- Aukin alþjóðleg samkeppnishæfni
- Heilnæmt umhverfi
- Gott nærumhverfi

### 2.5.3. AÐGERÐAÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM

**- Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.** Áætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040 (Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum, 2020). Aðgerðaáætlunin tekur til helstu aðgerða stjórnvalda, alls 48 talsins, til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu úr andrúmslofti, þannig að Ísland gæti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Aðgerðir eru ólíkar og misjafnar að umfangi. Þær eru settar fram í 9 flokkum, m.a. samgöngur á landi, landbúnaður, úrgangur og sóun og landnotkun, og aðgerðir í hverjum flokki eru útlistaðar. Uppfærð aðgerðaáætlun með 150 aðgerðum er í samráðsferli (Stjórnarráð Íslands - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, 2024).

### 2.5.4. Í LJÓSI LOFTSLAGSVÁR - STEFNA UM AÐLÖGUN AÐ LOFTSLAGSBREYTINGUM

Samhliða vinnu við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er unnið að aðlögun að þeim breytingum sem eru að verða og brugðist við þeirri vá sem stafar af áhrifum loftslagsbreytinga og afleiðingum þeirra. Framtíðarsýn stjórnvalda er að íslenskt samfélag og lífríki búi að viðnámsþrótti gagnvart loftslagsvá og að aðlögun að loftslagsbreytingum sé fastur þáttur í áætlunum og starfsemi hins opinbera, stofnana og fyrirtækja og þekkt viðfangsefni meðal félagasamtaka og almennings. Aðlögun skal vera hluti af ákvarðanatöku stjórnvalda og innan viðeigandi geira og atvinnugreina svo greiningar og ákvarðanir taki til loftslagsáhættu og afleiðinga hennar. Dæmi um loftslagsvá á Íslandi til framtíðar er aukin úrkomuákefð, fleiri þurrkadagar, sjávarborðshækkun og hlýnun veðurfars með ýmsum afleiðingum og áhrifum á samfélög (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið - Stjórnarráð Íslands, 2021).

### 2.5.5. LOFTSLAGSSTEFNA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu stefna að því að svæðið verði kolefnishlutlaust í síðasta lagi árið 2035, sem þýðir að það ár verði reiknuð heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á svæðinu, að landnotkun meðtalinni, ekki meiri en sem nemur reiknaðri bindingu kolefnis. Sveitarfélögin horfa til

þess að ný verkefni vinni ekki gegn sýn um kolefnishlutleysi án mótvægisaðgerða (Stefán Gíslason & Birna Sigrún Hallsdóttir, 2022). Sveitarfélögin eru í lykilstöðu til að hafa áhrif á losun vegna landnotkunar gegnum skipulagsvaldið.

### 2.5.6. Í ÁTT AÐ HRINGRÁSARHAGKERFI - STEFNA UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐHERRA Í ÚRGANGSMÁLUM[1]

Stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið er varða myndun og meðhöndlun úrgangs

**Saman gegn sóun – Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016-2027[2]**

Markmið stefnunnar eru:

- að draga úr myndun úrgangs
- að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
- að bæta nýtingu auðlinda, m.a. með áherslu á græna nýsköpun
- að draga úr hráefnisnotkun samhliða minni umhverfisáhrifum.
- að minnka dreifingu á efnum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi.

**Almenn stefna um meðhöndlun úrgangs 2021–2032**

Stefnan er gefin út í samræmi við 5. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Líkt og lögin gera ráð fyrir er fjallað um hlutverk stjórnvalda og einkaaðila við meðhöndlun úrgangs, farið yfir stöðu úrgangsmála í landinu og sett fram stefna til að bæta endurnotkun, endurvinnslu, aðra endurnýtingu og förgun úrgangs. Þá felur stefnan í sér aðgerðir sem grípa á til í því skyni að styðja við meginmarkmið hennar. Loks eru gerðar upp þær tillögur að markmiðum og aðgerðum sem birtust í Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013–2024.

Markmið stefnunnar eru:

- Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá meðhöndlun úrgangs og vinna að kolefnishlutleysi Íslands.
- Að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu með því að auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs, draga úr urðun og hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs.
- Að úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun svo hann skapi ekki hættu fyrir heilbrigði manna og dýra eða valdi skaða á umhverfinu.

### 2.5.7. NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Samkvæmt 13. gr. laganna um náttúruvernd nr. 60/2013 gefur ráðherra út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi eigi sjaldnar en á 5 ára fresti tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í lögunum er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í 3 hluta: A- hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð. B- hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. C- hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í náttúruverndarlögum eru einnig skilgreindir flokkar friðlýstra svæða, þ.e. óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar. Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulagt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Ákvæði um efnistöku sem áður voru í náttúruverndarlögum hafa verið færð inn í skipulagslög.

Náttúruminjaskrá er skrá yfir friðlýst svæði á Íslandi og aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í Kjósarhreppi eru fjögur svæði á náttúruminjaskrá undir aðrar náttúruminjar. Þau eru: (Náttúruminjaskrá, 2024):

[1] (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021)

[2] (Atvinnuvegaráðuneytið, 2016)

**134. Laxárvogur og Laxá í Kjós, Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu.** (1) Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranessef og Hurðarbakssef. (2) Í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.

**135. Þórufoss, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu.** (1) Þórufoss í Laxá ásamt nánasta umhverfi. (2) Tilkomumikill foss í fögru gljúfri. Vinsæll áningarstaður.

**136. Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur (201)**, Kjósarhreppi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu. (1) Lönd Litla- og Stóra- Botns, Hrísakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi, svo og Brynjudal og Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins, er í Botnsá.

**138. Ósmelur og Hvalfjarðareyri, Kjósarhreppi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu.** (1) Fjörur, sjávarlón, grunnsævi og strandlengja utan ræktaðs lands neðan þjóðvegar frá Norðurkoti inn að vík neðan við Eyrarkot. (2) Ósmelur er stór og fagur jökulgarður frá síðjökultíma. Meðfram ströndinni eru jarðlög með fornskeljum. Hvalfjarðareyri er fundarstaður baggalúta. Svæði í nánd við þéttbýli með mikið útivistar- og fræðslugildi.

Auk þessa er Hvalfjörður skilgreindur sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og tilnefndur á náttúruminjaskrá vegna fjöruvistgerða, fugla og sela (Náttúrufræðistofnun, 2026).

### 2.5.8. RAMMAÁÆTLUN

Rammaáætlun tekur fyrir vernd og nýtingu auðlinda landsins og landsvæða og er samheiti yfir ákveðin lög, ferli og aðferðafræði sem eru verkfæri til að greiða úr ágreiningi sem kann að rísa er varðar nytjar landsins. Í drögum að flokkun virkjanakosta eru engir virkjanakostir rammaáætlunar í Kjósarhreppi.

### 2.5.9. VATNAÁÆTLUN ÍSLANDS 2022-2027

Vatnið er dýrmæt auðlind sem þarf að vernda og stýra notkun á. Með setningu laga um stjórn vatnamála var sett á fót nýtt stjórnkerfi sem miðar að verndun íslenskrar vatnsauðlindar til framtíðar. Hið nýja stjórnkerfi felur í sér heildstæða og samræmda stjórn vatnamála, rannsóknir og vöktun sem byggir á samvinnu stjórnvalda, stofnana, ráðgjafa, sveitarfélaga, hagsmunaaðila og almennings. Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Markmiðið er einnig að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Þessi fyrsta vatnaáætlun fyrir landið er fyrsta heildstæða stefnan fyrir verndun vatnsauðlindarinnar á Íslandi.

Í vatnaáætlun er fjallað um hluta þeirra fjölmörgu verkþátta sem vinna þarf fyrir hvern vatnahring til að innleiða stjórn vatnamála. Gerð er grein fyrir umgjörð og stjórnskipulagi stjórnar vatnamála en margir koma að gerð hennar. Ferlinu við framsetningu grunneininga stjórnar vatnamála er lýst, sem meðal annars felst í því að afmarka og skilgreina stjórnsýslueininguna vatnshlot og hvernig áætlað er að ná umhverfismarkmiðum þeirra. Einn liður í því að ná umhverfismarkmiðum fyrir vatnshlotin er að greina álag á vatn um allt land og flokka vatnshlotin eftir álagi, þ.e. í hættu eða í óvissu um að ná umhverfismarkmiðum sínum. Þegar óvissa ríkir um hvort umhverfismarkmiðum verður náð eru settar fram aðgerðir í aðgerðaáætlun til að skera úr um hvort slík hætta sé fyrir hendi og aðgerðir til að halda vatni almennt í góðu ástandi um allt land. Vöktunaráætlun hefur þann tilgang að samræma vöktun vatns og afla gagna til að meta ástand vatns á landsvísu en töluvert vantar upp á að gögn séu til staðar til að hægt sé að meta raunástand vatnsauðlindarinnar .

## 2.5.10. HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA




Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015 (Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, n.d.). Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að vinna skipulega að innleiðingu þeirra bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar, þ.e. efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar stoðar. Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin endurspegla áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða

## 2.5.11. SAMGÖNGUÁÆTLUN 2026-2040 OG UMFERÐARÖRYGGISÁÆTLUN

Framtíðarsýn samgönguáætlunar er að bæta lífsgæði um land allt með bættum samgöngum og styrkara grunnneti samgangna. Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi byggðir landsins og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið. Meginmarkmið áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum er að þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins og að sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt. Samkvæmt áætluninni verða lykilviðfangsefni í samgöngumálum á Íslandi næstu ár m.a. að lágmarka slysatíðni í samgöngum, viðhalda samgönguinnviðum, fækkun malarvega, samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum og aðlögun samgöngumannvirkja að loftslagsbreytingum, efling almenningssamgangna um land allt, verðmætasköpun með uppbyggingu innviða og farnetssamband á þjóðvegum.

**Engar framkvæmdir eru á dagskrá samgönguáætlunar innan Kjósarhrepps til næstu 15 ára (2026-2040).** Á samgönguáætlun eru þó framkvæmdir sem munu hafa veruleg áhrif á vegasamgöngur við hreppinn, svo sem Sundabraut, breikkun Vesturlandsvegar (Hringvegar) um Kjalarnes með hringtorgi við Hvalfjarðarveg og Þingvallavegur í Mosfellsdal. Þá má einnig nefna tvöföldun Hvalfjarðarganga, sem kemur til síðari skoðunar (Samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040, 2025)**.**

Í umferðaröryggisáætlun er mörkuð stefna um umferðaröryggi á Íslandi til 15 ára. Sett markmið og áherslur miða að því að ná árangri og auka umferðaröryggi (Umferðaröryggisáætlun 2024-2038, 2023).

## 2.5.12. SJÁLFBÆR ORKUFRAMTÍÐ - ORKUSTEFNA TIL ÁRSINS 2050

Sjálfbær orkuframtíð er langtímaorkustefna fyrir Ísland til ársins 2050. Aðgengi að orku, jafnt varma, rafmagni og eldsneyti, er hluti af almennum lífsgæðum almennings og forsenda þess að hana megi nýta sem aflgjafa til að knýja hjól atvinnulífsins. Verðmætasköpun af endurnýjanlegum orkuauðlindum er þannig ein af undirstöðum lífskjara á Íslandi. Loftslagsváin er ein af stærstu áskorunum okkar tíma og orkuskipti frá jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa eru nauðsynleg til að vinna gegn henni. Langtímaorkustefna miðar að því að gæta hagsmuna núverandi sem komandi kynslóða, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi, sem endurspeglar jafnvægi milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, 2020).

### 2.5.13. SKIPULAG HAF- OG STRANDSVÆÐA

Skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum er tvíþætt. Annars vegar er almenn stefna ríkisins um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum sem sett er fram í landsskipulagsstefnu. Hins vegar svæðisbundið skipulag á tilteknum svæðum við strendur landsins. Í landsskipulagsstefnu er sett fram stefna um skipulag haf- og strandsvæða sem skal leggja til grundvallar við gerð strandsvæðisskipulags.

Í kafla 4.1 í landsskipulagsstefnu kemur eftirfarandi fram:

Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins. Skipulagsákvarðanir um staðbundna nýtingu á haf- og strandsvæðum byggist á vistkerfisnálgun og stuðli þannig að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda

### 2.5.14. FJARSKIPTAÁÆTLUN

Innviðaráðherra leggur fram á Alþingi, að minnsta kosti á þriggja ára fresti, tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð er stefna til næstu fimmtán ára. Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Stuðla skal að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Í gildi er stefna í fjarskiptum 2019-2033 nr. 32/149 og fimm ára fjarskiptaáætlun 2019-2023 nr. 31/149. Góðir samskiptainnviðir eru lykilatriði í velferð og búsetugæðum og grundvöllur fjölbreyttrar atvinnustarfsemi í dreifbýli. Í kafla 2.1.1. í gildandi stefnu er lögð áhersla á að aðgengi lögheimila og atvinnuhúsnæðis að ljósleiðara verði 99,9%.

### 2.5.15. KERFISÁÆTLUN LANDSNETS

Áætlunin er unnin skv. raforkulögum nr. 65/2003 en Landsneti ber að sjá til þess að fyrir liggi áætlanir um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í gildi er Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034. Meginhlutverk kerfisáætlunar er að gera grein fyrir þeirri uppbyggingu og endurnýjun sem er í forgangi á landsvísu á hverjum tíma. Í kerfisáætlun 2025-2034 eru sett fram markmið um að byggt verði upp sterkt flutningskerfi með hátt afhendingaröryggi raforku.

### 2.5.16. AÐRAR STEFNUR OG SAMÞYKKTIR Á SVEITARFÉLAGS- OG SVÆÐISVÍSU

- Umhverfisstefna Kjósarhrepps - Sjálfbærni í sveitasælunni (2020)
- Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi (2024)
- Samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Kjósarhreppi (2024).

### 2.5.17. AÐRAR ÁÆTLANIR STJÓRNVALDA

Aðrar stefnur og áætlanir stjórnvalda sem snerta á málefnum aðalskipulags Kjósarhrepps og hafðar eru til hliðsjónar við endurskoðun skipulagsins.

- Hreint loft til framtíðar. Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029 (Umhverfisstofnun, 2017)
- Matvælastefna Íslands til ársins 2040 (Matvælaráðuneytið, 2023)
- Velkomin - Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030 (Menningar- og viðskiptaráðuneytið, 2024)
- Samningur Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni frá árinu 1992 (Convention on Biologcial Diversity, CBD) og stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins (Umhverfisráðuneytið, 2008)
- Líffræðileg fjölbreytni. Stefna og markmið til ársins 2030 (Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, 2025).
- Ramsarsamningurinn um vernd votlendis (RAMSAR, n.d.)
- Bernarsamningurinn um villtar plöntur og dýr
- AEWA-samkomulagið um verndun afrísk-evrasískra sjó- og vatnafugla
- Árósasamningurinn um aðgang að réttlátri málsmeðferð
- Landslagsverndarsamningur Evrópu (Umhverfisstofnun, 2024)

# STEFNA

# 3. STEFNA OG MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS

Í aðalskipulagi þessu er mörkuð stefna fyrir Kjósarhrepp og þróun hans. Aðalskipulaginu er ætlað að vera hagnýtt verkfæri við uppbyggingu og eflingu byggðar og mannlífs í sveitarfélaginu og málsvari náttúrunnar. Það skal vera traust umgjörð um atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri nýtingu gæða og auðlinda svæðisins og stendur vörð um framtíð þeirra og rétt komandi kynslóða til að njóta þeirra. Markmiðið er hagkvæm þróun byggðar og að búseta á svæðinu sé aðlaðandi og eftirsóknarverð fyrir fólk á öllum aldri, að auka lífsgæði íbúa og búa í haginn fyrir blómlegt atvinnulíf og gott samfélag sem hvílir á traustum innviðum og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Jafnvægi í nýtingu lands er haft að leiðarljósi svo vöxtur samfélagsins gangi ekki um of á náttúrulegt umhverfi, og vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta er tryggð. Mikilvægt er að standa vörð um gott landbúnaðarland sem ræktunarland til framtíðar og viðhalda landbúnaðarásýnd sveitarfélagsins og þeim menningarverðmætum sem í henni felast. Sveitarfélagið er dreifbýlissveitarfélag og í því liggja styrkleikar þess sem meginatvinnuvegir svæðisins, landbúnaður og ferðaþjónusta, byggja á. Lögð er áhersla á þróun og framtíðarsýn þessara atvinnugreina auk þess að skapa grundvöll fyrir fjölbreytt tækifæri til atvinnusköpunar, jafnt innan þeirra sem á öðrum sviðum.

Um leið og sett eru fram skýr markmið um að ákveðnum gæðum verði viðhaldið er mikilvægt að aðalskipulagið bjóði uppá sveigjanleika og aðlaga megi útfærslur og aðferðir til að stuðla að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum sem sífellt eiga sér stað.

## *Stefna og markmið*

*Standa vörð um þá sérstöðu og aðdráttarafl sem svæðið býr yfir og viðhalda dreifbýlisyfirbragði sveitarfélagsins.*

*Efla byggð, menningu og atvinnulíf og auka lífsgæði íbúa.*

*Efla lýðheilsu með fjölbreyttum möguleikum til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.*

*Sveitarfélagið verði áfram eftirsótt til frístunda og útivistar í rólegu umhverfi og umgengni hvarvetna til fyrirmyndar.*

*Stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum með traustum innviðum fyrir nýjar atvinnugreinar og þróun þeirra sem fyrir eru.*

*Innviðir samfélagsins standist kröfur nútímans og bæti öryggi, afkomumöguleika og lífsgæði íbúa.*

*Stuðla að varðveislu náttúru- og söguminja og annarra umhverfislegra gæða og endurheimt landgæða innan sveitarfélagsins.*

*Sjálfbærni og heilnæmi umhverfisins verði í öndvegi í öllum málaflokkum og nýting lands og annarra auðlinda verði í sátt við samfélag og náttúru í nútíð og framtíð.*

## 3.1. Umhverfi og yfirbragð

Samkvæmt landsskipulagsstefnu skal skipulag fela í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja. Stefna um umhverfi og yfirbragð byggir á markmiðum landsskipulagsstefnu og gildandi aðalskipulagi og tekur til allrar landnotkunar í sveitarfélaginu.

### Stefna um umhverfi og yfirbragð:

- Viðhalda skal dreifbýlisyfirbragði sveitarfélagsins.
- Við skipulagsgerð taki ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu og ræktun mið af og efli þau gæði sem felast í staðareinkennum svo sem sérkennum landbúnaðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nytjalands og menningarlandslags. Skipulagi og hönnun mannvirkja verði hagað þannig að staðareinkenni og fjölbreytt og verðmætt landslag sé varðveitt, svo sem sérstakar landslagsheildir og búsetulandslag sem hefur menningarlegt gildi.
- Skipulag skal stuðla að gæðum hins byggða umhverfis og vandað skal til staðarvals og yfirbragðs og hönnunar mannvirkja. Yfirbragð og mælikvarði nýrra mannvirkja falli að heildarsvipmóti lands, umhverfi þeirra og byggingarhefðum á svæðinu og sérstaklega vandað til hönnunar mannvirkja sem mynda ný kennileiti. Lögð er áhersla á snyrtilega umgengni og vandaðan frágang lóða.
- Sveitarfélagið hafi snyrtilegt yfirbragð og umgengni sé til fyrirmyndar, byggingar séu til prýði og þeim vel við haldið. Dregið verði úr myndun úrgangs eins og kostur er og honum komið í réttan farveg. Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma smærri eða stærri hluti, lausamuni, búnað eða tæki á þann hátt að valdið geti skaða eða mengun umhverfisins.
- Öruggt aðgengi allra að opinberum byggingum og öðrum þjónustumannvirkjum verði tryggt.
- Útilýsing valdi ekki óþarfa ljósmengun né nágrönnum ónæði.
- Í deiliskipulagi nýrra svæða skal almennt áfangaskipta uppbyggingu til að tryggja markvissa uppbyggingu og yfirsýn. Ekki skal úthluta/hefja framkvæmdir við næsta áfanga fyrr en framkvæmdir eru hafnar á a.m.k. 70% af fyrri áfanga.

***Hvað er Landsskipulagsstefna?***

*Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins um skipulagsmál fyrir landið í heild og tekur hún á vernd og ráðstöfun lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbærri nýtingu haf- og strandsvæða. Stefnan er sett fram til fimmtán ára ásamt fimm ára aðgerðaáætlun.*

*Í landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 eru eftirfarandi þrjú markmið lögð til grundvallar, sem byggja á stoðum sjálfbærrar þróunar:*
***markmið A - um vernd umhverfis og náttúru***
***markmið B - um velsæld samfélags***
***markmið C - um samkeppnishæft atvinnulíf***

*Stefnan byggir á grunni eldri stefnu um að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun, sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum og jafnframt að lífsgæðum fólks og styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta. Sveitarfélög skulu byggja á landsskipulagsstefnu við gerð aðal- og svæðisskipulags.*

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*A.7: Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.*

*B.7: Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi.*

## 3.2. Loftslag

Samkvæmt landsskipulagsstefnu skal skipulag fela í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Loftslagsstefna þessi byggir á loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins sem Kjósarhreppur er aðili að og markmiðum landsskipulagsstefnu.

### Stefna um loftslag

- Höfð verði til hliðsjónar aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum
- Tekið verði mið af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og bestu fáanlegu leiðbeiningum hverju sinni um loftslagsmiðað skipulag og þekkingu á samspili landnotkunar og losunar gróðurhúsalofttegunda.
- Landnýting sé í sátt við náttúruna og umhverfisvernd höfð að leiðarljósi. Stuðla skal að endurheimt landgæða og aukinni bindingu kolefnis og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda innan sveitarfélagsins. Til þess má nefna landgræðslu, skógrækt, endurheimt votlendis og almennar aðgerðir til að styrkja líffræðilega fjölbreytni.
- Skipulag miði eins og kostur er að því að draga úr losun og auka bindingu gróðurhúsalofttegunda.
- Lögð skal áhersla á að lágmarka kolefnisspor og umhverfisálag vegna mannvirkjagerðar. Við deiliskipulagsgerð verði skilgreindar almennar umhverfiskröfur sem taki til efnisnotkunar og líftíma mannvirkja.
- Jarðvegur verði nýttur á ábyrgan hátt, m.a. með því að forðast uppbyggingu á votlendissvæðum, endurheimta votlendi á svæðum sem henta, nýta allan jarðveg sem til fellur vegna framkvæmda og fyrirbyggja mengun sem spillt getur lífsskilyrðum jarðvegslífvera.
- Stuðlað verði að ábyrgri úrgangsmeðhöndlun, m.a. með aðgerðum til að sporna gegn myndun úrgangs, gjaldtöku sem hvetur til endurnota, endurvinnslu og annarrar endurnýtingar og með markvissri nýtingu lífrænna auðlinda í úrgangi og banni við urðun (að óvirkum úrgangi frátöldum). Flokkun og endurvinnsla verði auðveld og aðgengileg fyrir alla íbúa og fyrirtæki.



Mynd 7. Horft úr Miðdal inn Eilífsdal. Ljósmynd: Ólöf Ósk Guðmundsdóttir.

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*B.1: Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma.*

*B.9: Skipulag leggi áherslu á að lágmarka kolefnisspor húsnæðisuppbyggingar og mannvirkjagerðar með betri endingu og bættri efnisnotkun.*

*B.10: Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis.*

# 4. BYGGÐ OG SAMFÉLAG

## *Stefna og markmið*

*Stuðlað verði að sjálfbæru samfélagi og vexti þess og hagkvæmri þróun byggðar og nýtingu lands.*

*Staðinn verði vörður um þau lífsgæði sem felast í sterku og samheldnu samfélagi og nálægð við náttúru.*

*Í sveitarfélaginu sé grundvöllur fyrir búsetu allra aldurshópa með fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, þjónustu og atvinnutækifæra.*

*Heilnæmt umhverfi og lýðheilsa verði í fyrirrúmi með vönduðum frístunda- og útivistarsvæðum fyrir hreyfingu og leik, samskipti og endurnæringu ólíkra aldurs- og getuhópa.*

*Stefna fyrir þróun íbúðar- og frístundabyggðar sé skýr og stuðli að jafnvægi í uppbyggingu íbúðar- og frístundabyggðar.*

Kjósarhreppur hefur margt til brunns að bera og þar eru góðar aðstæður til að skapa gott samfélag og íbúum og gestum heilnæmt og öruggt umhverfi. Hreppurinn er tiltölulega fámennur og þannig er nærþjónusta af skornum skammti, en hreppurinn er vel í sveit settur hvað varðar samgöngur til höfuðborgarsvæðisins og einnig til nærsveitanna Hvalfjarðarsveitar og Bláskógabyggðar. Mikil eftirsókn er eftir því að búa í dreifbýli í nálægð við þéttbýlt höfuðborgarsvæðið og fyrirhugaðar samgöngubætur við höfuðborgarsvæðið á næstu áratugum munu stuðla að aukinni eftirspurn.

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*B.2: Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðaþróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðakjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðaþörf.*

***Í hverju felst dreifbýlisyfirbragð?***

*Dreifbýlisyfirbragð felur í sér að byggðin er gisin og óregluleg, hús standa frekar stakstæð á stórum lóðum fremur en í beinum röðum meðfram götu. Ekki er um par-, rað- eða fjölbýlishús að ræða né heildstæðar götumyndir. Útlit og yfirbragð bygginga er ekki samræmt sérstaklega milli lóða sem geta verið misstórar og afleggjarar heim að húsum mislangir.*



Mynd 8. Horft inn eftir Kjósarskarðsvegi. Ljósmynd: Landmótun.

## 4.1. Íbúðarbyggð (ÍB)

*Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Stefna sveitarstjórnar er að efla byggð en halda í dreifbýlisyfirbragð og því eru lóðir fremur stórar og fjöldi þeirra takmarkaður á hverjum stað, um leið og hagkvæm uppbygging og góð nýting innviða er höfð að leiðarljósi. Samkvæmt mannfjöldaspá Byggðastofnunar verða íbúar Kjósarhrepps 904 við lok skipulagstímabilsins (Hreinsson, 2023).

Sveitarstjórn vill stuðla að íbúafjölgun í sveitarfélaginu og nægt framboð íbúðarlóða er ein af forsendum þess. Uppbygging íbúðarhúsnæðis til að anna eftirspurn er litin jákvæðum augum, sé hún í takti við markmið um að vernda gott landbúnaðarland, hagkvæmni og verndun dreifbýlisyfirbragðs. Stærð svæða og fjöldi lóða á svæðum fyrir íbúðarbyggð eru í samræmi við þá íbúafjölgun sem mannfjöldaspá Byggðastofnunar gerir ráð fyrir á skipulagstímabilinu.

Skipulagsákvæði:

- Íbúðarbyggð skal skipulögð utan góðs landbúnaðarlands í flokki L1 og L2 og svæða með verndar- eða útivistargildi.
- Ný íbúðarsvæði raski ekki búrekstrarskilyrðum nálægra jarða.
- Ný svæði fyrir íbúðarbyggð skulu staðsett með tilliti til núverandi samgöngu- og veituinnviða. Gera skal ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti í samgöngum, svo sem hleðslustöðvum.
- Ný svæði fyrir íbúðarbyggð skulu deiliskipulögð og samþykkt deiliskipulag liggja fyrir við stofnun nýrra íbúðarlóða.
- Ný íbúðarsvæði innan hverrar jarðar verða ekki tekin til skipulagsmeðferðar fyrr en þegar skipulögð/núverandi svæði hafa verið fullbyggð (byggingarstig B2).
- Huga skal að náttúrufari og minjum í deiliskipulagi til að lágmarka áhrif á mikilvægar jarðmyndanir, minjar og gróðursvæði.
- Íbúðarbyggð verði ekki heimiluð á mögulegum hættusvæðum vegna náttúruvár.
- Hvert íbúðarhús skal vera á skilgreindri lóð. Á hverju íbúðarsvæði verði að hámarki 15 íbúðarlóðir, 0,4-2 ha að stærð. Byggð verði lágreist (1-2 hæðir, mænishæð ≤7m) og byggingarheimildir samkvæmt tölfuTafla 3.
- Heimilt er að bjóða upp á heimagistingu skv. 13. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Önnur tegund gistiþjónustu er óheimil í íbúðarbyggð.
- Um íbúðarbyggð gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

Tafla 3. Byggingarheimildir á íbúðarlóðum.

| Byggingarheimildir á íbúðarlóðum | | |
|---|---|---|
| **Lóðarstærðir** | **m²** | **Heimildir** |
| 0,4 - 0,8 ha | ≤300 m² | 1 íbúðarhús auk gestahúss/skúrs/geymsluhúss - samtals ≤3 hús. Að auki er heimilt að byggja 2 smáhýsi/gróðurhús/gufubað ≤15 m² sem er undanskilið heildarfjölda m². |
| 0,8 - 1,2 ha | ≤350 m² | |
| 1,2 - 2 ha | ≤400 m² | |

### 4.1.1. GISTISTAÐIR Á ÍBÚÐARLÓÐUM

Talsverður fjöldi gististaða er fyrir hendi í Kjósarhreppi og hefur þeim fjölgað meðfram vexti í ferðamennsku. Tilkoma sölusíðna fyrir heimagistingu hefur gert að verkum að gistiþjónusta einskorðast ekki lengur við skilgreind svæði fyrir ferðaþjónustu og þar til gert þjónustuhúsnæði, heldur einnig íbúðar- og frístundabyggðarsvæði með tilheyrandi ónæði fyrir aðra íbúa og röskun á húsnæðismarkaði. Á íbúðarlóðum er aðeins heimilt að vera með gististað í flokki I: heimagisting, í samræmi við 3. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Gististaðir í flokki II-IV eru aðeins heimilir á verslunar- og þjónustusvæði.

| Íbúðarbyggð (ÍB) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr./Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| ÍB1 Miðbúð | Svæðið er deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 7 íbúðir á 7 lóðum, ≤ 2800 m². | 5 |
| ÍB2 Harðbali | Svæðið er deiliskipulagt og er fullbyggt. | Heimilt er að byggja allt að 5 íbúðir á 5 lóðum, ≤ 2000 m². | 19,8 |
| ÍB3 Lækjarbraut | Svæðið er ekki deili-skipulagt en er fullbyggt. | Heimilt er að byggja allt að 4 íbúðir á 4 lóðum, ≤ 1600 m². | 7,8 |
| ÍB4 Eilífsdalur | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 8 íbúðir á 8 lóðum, ≤ 3200 m². | 15,6 |
| ÍB5 Möðruvellir I | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 3 íbúðir á 3 lóðum, ≤ 900 m². | 1,9 |
| ÍB6 Þorláks-staðavegur | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 5 íbúðir á 5 lóðum, ≤ 1750 m². | 5 |
| ÍB7 Eyri | Svæðið er deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 48 íbúðir á 48 lóðum, ≤ 16800 m². Forðast skal að raska votlendi. Óheimilt er að byggja íbúðarhús eða aðrar byggingar þar sem fólk dvelur í að staðaldri ofan A-línu skv. ofanflóðahættumati. | 53,5 |
| ÍB8 Eyrarkot | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 2 íbúðir á 2 lóðum, ≤ 800 m². | 2,5 |
| ÍB9 Eyrarkot | Svæðið er deiliskipulagt fyrir 6 lóðir og einnig er stök lóð, Bolaklettar 1. | Heimilt er að byggja allt að 7 íbúðir á 7 lóðum, ≤ 2450 m². Forðast skal að raska votlendi. | 8,5 |
| ÍB10 Hvítanes | Svæðið er deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 5 íbúðir á 5 lóðum, ≤ 1750 m². Svæðið er hverfisverndað vegna herminja og ber að taka fyllsta tillit til minja á svæðinu og lágmarka rask sem kostur er. | 5 |
| ÍB11 Álfakot | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 7 íbúðir á 7 lóðum, ≤ 2450 m². Á svæðinu eru álfaklettar sem njóta hverfisverndar og er óheimilt að raska þeim. | 6,5 |
| ÍB12 Lækjarbraut 3a | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 6 íbúðir á 6 lóðum, ≤ 2100 m². | 5,5 |
| ÍB13 Káranes | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 4 íbúðir á 4 lóðum, ≤ 1600 m². | 9 |
| ÍB14 Þúfukot | Íbúðarsvæði í kringum Þúfukotsbæinn. Uppbyggt að hluta. Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 12 íbúðir á 12 lóðum, ≤ 3600 m². | 5 |
| ÍB15 Ásgarður | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 8 íbúðir á 8 lóðum, ≤ 3200 m². | 22,3 |
| ÍB16 Sandslundur | Svæðið er deiliskipulagt og byggt að hluta. | Heimilt er að byggja allt að 6 íbúðir á 6 lóðum, ≤ 2400 m². | 10,4 |
| ÍB17 Eyjar II | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 4 íbúðir á 4 lóðum, ≤ 1200m². | 1,8 |
| ÍB18 Eyjar II | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 3 íbúðir á 3 lóðum, ≤ 900 m². | 1,4 |
| ÍB19 Eyjar II | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 15 íbúðir á 15 lóðum, ≤ 4500 m². Hlífa ber nálægu votlendissvæði. | 11,2 |
| ÍB20 Eyjar II | Svæðið er ekki deiliskipulagt. | Heimilt er að byggja allt að 15 íbúðir á 15 lóðum, ≤ 4500 m². Hlífa ber nálægu votlendissvæði. | 6,1 |
| | **Samtals:** | **174 íbúðir 57.620m²** | **214,8 ha** |



Mynd 9. Hvalfjarðareyri. Ljósmynd: Landmótun.


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Íbúðarbyggð
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsvogur
Botnsdalur
Hvalfell
Þyrilsnes
Múlafjall
Hvammsvík
ÍB10
Brynjudalsvogur
Brynjudalur
Reynivallaháls
Botnssúlur
Laxvogur
ÍB15
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
ÍB9
ÍB1
ÍB2
Laxárdalur
ÍB13
Langiás
ÍB11
ÍB8
ÍB7
ÍB3
ÍB6
ÍB14
Eyrarfjall
Meðalfell
Kjósarheiði
Efri-Hjaltadalur
Öxl
Meðalfellsvatn
ÍB17
ÍB18
ÍB19
ÍB20
ÍB4
ÍB16
ÍB5
Kjölur
Búrfell
Miðdalur
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Blikdalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Esja
Stíflisdals-
vatn
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Kistufell
0
2,5
5 km
Skýringar
Íbúðarbyggð (ÍB)
Stofnvegur/stofnbraut
Tengivegur/tengibraut
Kjósarhreppur
LANDMÓTUN

## 4.2. Frístundabyggð (F)

*Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 eru frístundabyggðir ekki ætlaðar til fastrar búsetu. Reyndin er engu að síður sú að fjölmargir búa í frístundahúsum sínum í sveitarfélaginu og eru ýmist skráðir til heimilis *ótilgreint í hús* eða í öðru sveitarfélagi. Þetta getur haft ýmsar afleiðingar í för með sér og haft áhrif á starfsemi og tekjuöflun sveitarfélagins og þá þjónustu sem veitt er til íbúa. Mikil eftirspurn er eftir frístundahúsum í Kjósarhreppi og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Samkvæmt gögnum frá Fasteignaskrá voru 200 frístundahús í sveitarfélaginu árið 2000 en árið 2025 voru þau 677 (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, fasteignaskra.is, 2024). Fjöldi skilgreindra frístundabyggða í sveitarfélaginu er 41 á um 750 ha svæði. Stór svæði eru skilgreind undir frístundabyggð sem ýmist eru óbyggð eða byggð upp að fullu. Markmið sveitarfélagsins er að öðlast betri yfirsýn og skapa fyrirsjáanleika í uppbyggingu frístundabyggða, með hagkvæmni og virðingu fyrir umhverfinu að leiðarljósi.




Línurit 6. (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, fasteignaskra.is, 2025)

Allar framkvæmdir á frístundasvæðum skulu vera í samræmi við gildar deiliskipulagsáætlanir.

Fjallað er um stök frístundahús í kafla 6.3 *stakar framkvæmdir*.

### Skipulagsákvæði

- Frístundabyggð verður aðeins skipulögð utan góðs landbúnaðarlands í flokki L1 og L2 og svæða með verndar- eða útivistargildi.
- Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að fella út frístundasvæði við næstu endurskoðun aðalskipulags þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi og uppbygging hefur ekki átt sér stað.
- Í nýjum frístundabyggðum verði að hámarki 15 frístundalóðir.
- Ný svæði fyrir frístundabyggð skulu deiliskipulögð og samþykkt deiliskipulag liggja fyrir við stofnun nýrra frístundalóða. Ný frístundasvæði innan hverrar jarðar verða ekki tekin til skipulagsmeðferðar fyrr en þegar skipulögð svæði eru fullbyggð (byggingarstig B2).
- Lóðir skulu vera á bilinu 0,3 - 1 ha að stærð og byggingarheimildir á lóð í samræmi við töflu 4. Hámarksmænishæð er 6 m m.v. gólfhæð neðri hæðar og ekki skal byggt nær lóðarmörkum en 10 m.
- Óheimilt er að skipta upp eða sameina frístundalóðir í þegar byggðum frístundabyggðum, nema breytingar samræmist ásýnd og yfirbragði byggðarinnar og gerð sé breyting á deiliskipulagi.
- Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum og veitur og vegir verði sameiginlegir þar sem þéttleiki byggðar og náttúrufarslegar aðstæður leyfa. Gera skal ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti í samgöngum, svo sem hleðslustöðvum.
- Áhersla verði á umferðaröryggi og greiðar samgöngur um meginleiðir í frístundabyggðum. Tengja skal göngu- og hjólaleiðir innan svæða saman og við stofnleiðir og útivistarsvæði og þær sýndar í deiliskipulagi. Tryggja skal

góðar og aðgengilegar gönguleiðir milli aðliggjandi svæða, að gömlum og hefðbundnum göngu- og reiðleiðum og að áhugaverðum útivistarsvæðum og náttúrufyrirbærum.

- Gera skal ráð fyrir svæðum sem nýtast til almennrar útivistar á frístundasvæðum.
- Frístundabyggð verði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, minja, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis, og tryggt að slík svæði verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmda.
- Tryggt verði að ekki verði hróflað við fornleifum, friðlýstum eða friðuðum minjum vegna uppbyggingar, nema í samráði við þar til bæra eftirlitsaðila.
- Við skipulag nýrra svæða í eldri byggðum verði horft til umhverfisáhrifa og umhverfislegra og samfélagslegra þolmarka svæða.
- Viðhalda skal yfirbragði eldri, gróinna frístundabyggða hvað varðar útlit, hæð og byggingarefni húsa og tryggja sem best eðlilegt viðhald þeirra.
- Við afmörkun lóða skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Ekki skal reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Viðbyggingar/stækkanir á húsum skulu ekki ná nær ár- eða vatnsbakka en nú er.
- Innan hverfisverndarsvæða skal hugað sérstaklega að fráveitumálum s.s. frárennsli frá heitum pottum.
- Öryggi í frístundabyggðum skal tryggt. Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir brunavörnum, vatnstökustöðum fyrir slökkvivatn og aðkomu og flóttaleiðum að öllum húsum vegna gróður- og kjarrelda. Landeigendur/félög sumarhúsaeigenda skulu vinna viðbragðsáætlanir vegna gróðurelda fyrir núverandi frístundasvæði í samráði við Brunavarnir í Kjós/slökkvilið höfuðbrogarsvæðisins.
- Gerð er krafa um ofanflóðamat við frístundabyggð eins og um væri að ræða íbúðarbyggð.
- Innan frístundabyggðar er heimilt að vera með þjónustumiðstöðvar, smáverslanir og aðra starfsemi sem þjónar viðkomandi svæði, sé gert ráð fyrir því í deiliskipulagi. Gera skal ráð fyrir öruggum gönguleiðum að þjónustunni.
- Heimilt er að leigja út frístundahús fyrir heimagistingu skv. 13. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Önnur tegund gistiþjónustu er óheimil í frístundabyggðum. Vegna færðar og álags á innviði er heimagisting óheimil í janúar-mars.
- Við skipulag nýrra frístundabyggða skal horft til þess að þær raski ekki búrekstrarskilyrðum nálægra jarða.
- Köld gróðurhús að 15m$^2$ eru heimil. Lýsing er óheimil.
- Um frístundabyggð gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

Tafla 4. Byggingarheimildir á frístundalóðum.

| Byggingarheimildir á frístundalóðum | | |
|---|---|---|
| **Lóðarstærðir** | **m$^2$** | **Heimildir** |
| 0,3 - 0,6 ha | ≤200 m$^2$ | 1 frístundahús auk gestahúss/skúrs/geymsluhúss - samtals ≤2 hús. Að auki er heimilt að byggja 2 smáhýsi/gróðurhús/gufubað ≤15 m$^2$ sem er undanskilið heildarfjölda m$^2$. |
| 0,6 - 1 ha | ≤250 m$^2$ | |

### 4.2.1.ELDRI FRÍSTUNDABYGGÐIR

**Þar sem lóðir eru ≤ 3000 m²/hús eru ≤ 90m² /hús eru byggð fyrir 1999**

Nokkur fjöldi eldri sumarhúsasvæða (byggð fyrir 1999) eru í Kjósarhreppi þar sem lóðir eru litlar, einkum við Meðalfellsvatn. Á þessum lóðum eru lítil hús, mörg komin til ára sinna og sum hver standast ekki kröfur nútímans. Við endurbætur og/eða breytingar á eldri húsum skal þess gætt sérstaklega að halda í yfirbragð eldri byggðar hvað varðar útlit, hæð og byggingarefni húsa. Byggingar skulu ekki fara nær ár- eða vatnsbökkum en núverandi frístundahús er. Eldri frístundabyggðarsvæði skulu deiliskipulögð og skal öll uppbygging á þeim vera í samræmi við gilt deiliskipulag. Byggingarheimildir eru skv. töflu:

Tafla 5. Byggingarheimildir á eldri frístundalóðum undir 0,3 ha.

| Byggingarheimildir á eldri frístundalóðum undir 0,3 ha | | |
|---|---|---|
| **Lóðarstærðir** | **m²** | **Heimildir** |
| ≤ 0,2 ha | ≤120 m² | Heimilt er að gera upp þau hús sem fyrir eru og byggja á þeirra grunni. |
| 0,2 - 0,3 ha | ≤150 m² | |

| Frístundabyggð (F) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr./Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| F1 Kiðafell | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 13 lóðir og 2600 m². | 7,3 |
| F2 Morastaðir | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 4 lóðir og 1000 m². | 6,7 |
| F3 Miðdalur | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 4 lóðir og 800 m². | 3 |
| F4 Flekku-dalur | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 8 lóðir og 1600 m². | 3,8 |
| F5 Flekku-dalur | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 21 lóð og 5250 m². | 19,4 |
| F6 Blönduholt og Þúfa | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 44 lóðir og 1100 m². | 28,9 |
| F7 Þúfukot | Svæðið er deiliskipulagt að hluta fyrir 13 lóðir. | Allt að 15 lóðir og 3750 m². | 16 |
| F8 Eilífsdalur | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 4 lóðir og 1000 m² | 3 |
| F9 Bær | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3750 m². | 38,6 |
| F10 Meðalfell | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 125 lóðir og 31.250 m². | 97,3 |
| F11 Meðalfell | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 54 lóðir og 10.800m². | 22.6 |
| F12 Meðalfell | Svæðið er deiliskipulagt að hluta. Margar eldri frístundalóðir sem eru litlar og nálægt vatninu. | Allt að 33 lóðir og 5200m². | 21,3 |
| F13 Eyjar I | Svæðið er deiliskipulagt fyrir 58 lóðir. | Allt að 58 lóðir og 6960 m². Heimilt er að reisa frístundahús og aukahús, samtals allt að 120 m². | 25,3 |
| F14 Sandur og Eyjar II | Deiliskipulagt fyrir 46 lóðir. | Allt að 46 lóðir og 9600 m². | 22,4 |
| F15 Sandur | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 6 lóðir og 1250 m². | 30,2 |
| F16 Grjóteyri | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 36 lóðir og 9000 m². | 11 |
| F17 Eyjar II | Svæðið er deiliskipulagt að hluta. | Allt að 39 lóðir og 9450 m². | 19,6 |
| F18 Eyjar II | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 3 lóðir og 750 m². | 2 |
| F19 Möðruvellir I /Norðurnes og Lækir | Svæðið er deiliskipulagt að hluta. | Allt að 96 lóðir og 24.000 m². | 53,5 |
| F20 Möðruvellir I / Brekkur. | Svæðið er deiliskipulagt fyrir 7 lóðir. | Allt að 7 lóðir og 1750 m². | 8,7 |
| F21 Fremri-Háls | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 4 lóðir og 1000 m². | 2,9 |
| F22 Vindás | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3750 m². | 23,3 |
| F23 Valda-staðir | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 3 lóðir og 750 m². | 4 |
| F24 Neðri-Háls. | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 6 lóðir og 1500 m². | 4,7 |
| F25 Neðri-Háls. | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 23 lóðir og 5750 m². | 21,1 |
| F26 Háls - Raðahverfi | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 68 lóðir og 27.200m². | 39,9 |
| F27 Háls | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 22 lóðir og 5500 m². | 21,4 |
| F28 Hvammur/ Hvammsvík | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 40 lóðir og 10.000 m². | 37,5 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| F29 Skorhagi | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 5 lóðir og 1250 m². | 28,9 |
| F30 Eyri | Deiliskipulagt fyrir 17 frístundalóðir. | Allt að 17 lóðir og 4250 m². | 13,4 |
| F31 Hjalli | Svæðið er deiliskipulagt. | Allt að 7 lóðir og 1750 m². | 5,9 |
| F32 Ásamýri | Ekki deiliskipulagt | Allt að 4 lóðir og 1000 m². | 5 |
| F33 Meðalfells-vegur | Ekki deiliskipulagt | Allt að 4 lóðir og 600 m². | 1,5 |
| F34 Írafell | Nýtt svæði, ekki deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3750 m². | 25 |
| F35 Írafell | Nýtt svæði, ekki deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3750 m². | 24 |
| F36 Bær | Nýtt svæði, ekki deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3750 m². | 35 |
| F37 Bær | Nýtt svæði, ekki deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3000 m². | 5 |
| F38 Bær | Nýtt svæði, ekki deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3000 m². | 5 |
| F39 Bær | Nýtt svæði, ekki deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3000 m². | 6,6 |
| F40 Bær | Nýtt svæði, ekki deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3250 m². | 8,2 |
| F41 Meðalfell | Svæðið var áður hluti af F11. Ekki deiliskipulagt. | Allt að 20 lóðir og 5000 m². | 14,2 |
| F42 Eyjar II | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 5 lóðir og 1250 m². | 1,5 |
| F43 Eyrarkot | Ekki deiliskipulagt | Allt að 4 lóðir og 1000 m². | 5 |
| F44 Hvammsendi | Svæðið var áður hluti af F26 Háls. Ekki deiliskipulagt. | Allt að 20 lóðir og 5000 m². | 14,8 |
| F45 Ásamýri | Ekki deiliskipulagt. | Allt að 15 lóðir og 3450 m². | 8,3 |
| | | **Samtals: 1033 lóðir, 193.110 m²,** | **771ha** |



Mynd 10. Horft yfir frístundabyggð við Meðalfellsvatn. Ljósmynd: Sigurþór Ingi Sigurðsson.


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Frístundabyggð
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsvogur
Botnsdalur
Hvalfell
Þyrilsnes
Múlafjall
Hvammsvík
Brynjudalsvogur
F44
F28
F26
F25
F27
F29
Brynjudalur
Reynivallaháls
Botnssúlur
F24
F23
Laxvogur
F30
F43
Laxárdalur
Langiás
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
F7
F6
F40
F11
Eyrarfjall
Meðalfell
Kjósarheiði
F39
F41
F33
F12
Öxl
Meðalfellsvatn
F36
F37
F9
F16
F13
F1
F2
F38
F5
F31
F18
F42
F4
F14
F8
F17
F10
F20
F22
F45
F35
F3
F15
F32
F34
F19
F21
Efri-Hjaltadalur
Kjölur
Búrfell
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Blikdalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Esja
Stíflisdals-vatn
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Kistufell
0
2,5
5 km
Skýringar
Stofnvegur/stofnbraut
Tengivegur/tengibraut
Frístundabyggð
LANDMÓTUN

## 4.3. Opin svæði (OP)

*Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Í sveitarfélaginu eru nokkur opin svæði sem ætluð eru til útivistar og einnig liggja fjölmargar göngu- og reiðleiðir vítt og breitt um sveitarfélagið, sjá kafla 7.2. *Vegir, götur og stígar.*

### Skipulagsákvæði

- Útivistarmöguleikar verði efldir og unnið að fjölgun og merkingu göngu-, reið- og hjólaleiða.
- Íbúar og gestir hafi aðgang að fjölbreyttum útivistarsvæðum sem hvetja til reglulegrar hreyfingar, náttúruupplifunar og jákvæðra félagslegra samskipta.
- Opin svæði verði gerð aðgengilegri með góðu skipulagi, leiðbeiningum og aðgengilegum gönguleiðum.
- Fjölbreytt aðstaða verði fyrir hendi til leikja- og tómstundastarfs og horft til þess við uppbyggingu nýrra íbúðar- og frístundabyggða.
- Um opin svæði gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

| Opin svæði (OP) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr./Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| OP1 Hurðarbak | Á svæðinu er gæludýragrafreitur. | | >5 |
| OP2 Vindáshlíð | Útivistarsvæði, birki- og víðikjarr, skógrækt og fjölbreyttar gönguleiðir. | Uppbygging bílastæða, göngustíga, upplýsingaskilta og aðstöðu til útivistar heimil. Hámarksbyggingarmagn: 50 m$^2$. | 29,5 |
| OP3 Meðalfell | Bátaskýli. | | 1 |
| OP4 Meðalfell | Bátaskýli og upplýsingaskilti. | | 1 |
| OP5 Félagsgarður | Útivistarsvæði – göngustígar og skógrækt. | Uppbygging bílastæða, göngustíga, upplýsingaskilta og aðstöðu til útivistar heimil. | 3 |
| OP6 Eyrarkot | Bátaskýli og bryggja. | | 2 |
| OP7 Hjalli | Vestan Eyjatjarnar er fyrirhugað útivistarsvæði með gönguleiðum og eftir atvikum aðstöðu til annarrar útivistar s.s. fuglaskoðunar. | Ekki er heimilt að raska landi í flokki L1 og L2 með varanlegum mannvirkjum. Hámarksbyggingarmagn: 50 m$^2$. | 18 |
| OP8 Ásgarður | Opið svæði fyrir íbúa og gesti, leiksvæði og fleira. | Uppbygging bílastæða, göngustíga, upplýsingaskilta og aðstöðu til útivistar heimil. | 1 |
| OP9 Ásgarður | Svæði fyrir uppbyggingu aðstöðu fyrir almenna útivist og afþreyingu. | Uppbygging þjónustuhúss, bílastæða, göngustíga, upplýsingaskilta og aðstöðu til útivistar er heimil. Hámarksbyggingarmagn: 50 m$^2$. | 5,7 |
| OP10 Hvammsvík | Bátaskýli og bryggja. | | 1 |
| | | **Samtals:** | **62.2** |

## 4.4. Íþróttasvæði (ÍÞ)

*Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

### Skipulagsákvæði

- Uppbygging fjölbreyttrar íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu er litin jákvæðum augum.
- Um íþróttasvæði gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

| Íþróttasvæði (ÍÞ) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr. / Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| ÍÞ1 Hvammsvík | Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 18 holu golfvelli og þjónustu honum tengdum. | Starfsemi golfvallar ógni ekki umferðaröryggi. Þjónustubyggingar skulu reistar í jaðri svæðis og utan lands í flokki L1 og L2 þar sem því verður við komið.<br>Byggingarheimild ≤200 $m^2$. | 56 |
| ÍÞ2 Eyjar II | Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 9 holu golfvelli og þjónustu honum tengdum. | Starfsemi golfvallar ógni ekki umferðaröryggi. Þjónustubyggingar skulu reistar í jaðri svæðis og utan lands í flokki L1 og L2 þar sem því verður við komið.<br>Byggingarheimild ≤200 $m^2$. | 7 |
| Samtals: | | | 63 |



Mynd 11. Fjöllin speglast í vatninu. Ljósmynd: Ólöf Ósk Guðmundsdóttir.


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Íþrótta- og opin svæði
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsvogur
Botnsdalur
Hvalfell
Þyrilsnes
Múlafjall
ÍÞ1
OP10
Hvammsvík
Brynjudalsvogur
Brynjudalur
Reynivallaháls
Botnssúlur
OP9
OP8
OP6
Laxvogur
OP5
Laxárdalur
Langiás
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
OP1
Eyrarfjall
OP4
Meðalfell
Kjósarheiði
Öxl
OP3
Meðalfellsvatn
Efri-Hjaltadalur
ÍÞ2
OP7
OP2
Kjölur
Búrfell
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Blikdalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Esja
Stíflisdals-vatn
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Kistufell
0
2,5
5 km
Skýringar
Stofnvegur/stofnbraut
Tengivegur/tengibraut
Íþróttasvæði
Opin svæði
Kjósarhreppur
LANDMÓTUN

## 4.5. Samfélagsþjónusta (S)

*Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

### Skipulagsákvæði

- Stuðlað verði að betri þjónustu við íbúa.
- Unnið verði að eflingu á sviði öldrunarmála.
- Aðgengi að heilbrigðisþjónustu og þjónusta við eldri borgara verði bætt í samstarfi við nágrannasveitarfélög.
- Um samfélagsþjónustu gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

Miðað við aldurssamsetningu íbúa í Kjósarhreppi þá mun fjölga í hópi aldraðra meðan heldur fækkar í yngstu árgöngunum. Því þarf að gera ráð fyrir vaxandi þörf fyrir þjónustu við eldri borgara. Margar þjónustustofnanir í dreifbýli eru háðar sérstökum skilyrðum í lögum eða samningum, s.s. sóknarkirkjur, félagsheimili og skólar. Notkun á landi sem tilheyrir hlutaðeigandi stofnunum er háð samþykktu deiliskipulagi.

Svæði fyrir samfélagsþjónustu skulu taka mið af stefnu um umhverfi og yfirbragð byggðar í kafla 2.1, eftir því sem við á. Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Ganga þarf vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.

| Samfélagsþjónusta (S) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr. / Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| S1 Ásgarður | Skrifstofa sveitarfélagsins og bókasafn. | Byggingarheimild ≤ 800 m². | 2 |
| S2 Ásgarður | Svæði fyrir skóla, leikskóla og hjúkrunarheimili. | Byggingarheimild ≤ 1500 m². | 3 |
| S3 Reynivalla-kirkja | Kirkjan er timburkirkja og var reist árið 1859. Forkirkja var byggð árið 1951. Við kirkjuna er kirkjugarður. Kirkjan var friðuð árið 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989. | Byggingarheimild ≤ 500 m². | 2 |
| S4 Vindáshlíð/ Hallgríms-kirkja | Á svæðinu eru starfræktar sumarbúðir á vegum KFUK. Þar er einnig Hallgrímskirkja, byggð í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd 1878 en flutt í Vindáshlíð 1957. Kirkjan var friðuð árið 1990. | Byggingarheimild ≤ 1600 m². | 5 |
| **Samtals: 4400 m²** | | | **12** |

## 4.6. Kirkjugarðar og grafreitir (K)

*Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Trúarstofnanir falla undir landnotkunarflokkinn samfélagsþjónusta en svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti eru skilgreind sem slík á uppdrætti.

### Skipulagsákvæði

- Að mannvirkjum verði vel við haldið og hugað að næsta umhverfi þeirra.
- Um kirkjugarða og grafreiti gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

| Kirkjugarðar og grafreitir (K) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr. / Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| K1 Meðalfell | Kirkjugarður | | <2 |
| K2 Valdastaðir | Heimagrafreitur | | <2 |
| **Samtals:** | | | **<4** |



Mynd 12. Ljósmynd: Reynivallakirkja. Ljósmynd: Landmótun.



Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Samfélagsþjónusta ásamt kirkjugörðum og grafreitum
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsdalur
Hvalfell
Botnsvogur
Þyrilsnes
Múlafjall
Hvammsvík
Brynjudalsvogur
Brynjudalur
Reynivallaháls
Botnssúlur
S2
K2
S1
Laxvogur
Laxárdalur
S3
Langiás
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
Eyrarfjall
K1
Meðalfell
Kjósarheiði
Öxl
Meðalfellsvatn
Efri-Hjaltadalur
S4
Kjölur
Búrfell
ÍB4
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Blikdalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Esja
Stíflisdals-vatn
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Kistufell
0
2,5
5 km
Skýringar
Stofnvegur/stofnbraut
Tengivegur/tengibraut
Kirkjugarðar og grafreitir
Samfélagsþjónusta
Kjósarhreppur
LANDMÓTUN

# 5. LANDBÚNAÐUR OG LANDNÝTING

## *Stefna og markmið*

*Skipulag feli í sér vernd landbúnaðarásýndar og að gott ræktunarland sem er vel fallið til búvöruframleiðslu sé varðveitt til slíkra nota.*

*Fjölbreytni og nýsköpun í landbúnaði og stoðgreinum hans bæti afkomuöryggi bænda, og lögð verði áhersla á tækifæri sem felast í nálægð við neytendur og markaði á höfuðborgarsvæðinu.*

*Sveitarfélagið verði aðlaðandi og fýsilegur kostur fyrir landbúnað og tengda starfsemi.*

*Flokkun landbúnaðarlands og skilmálar landbúnaðarflokka þjóni markmiðum um varðveislu landbúnaðarlands til framtíðar og þörfum bænda.*

*Ásýnd bújarða og mannvirkja sé til fyrirmyndar og styðji við jákvæða ímynd sveitarinnar og íslensks landbúnaðar.*

*Leitast verði við að efla skógrækt og skjólbeltarækt á hentugum svæðum, m.t.t. kolefnisbindingar, landbóta, útivistar og atvinnusköpunar.*

*Stuðlað verði að verndun votlendissvæða og eftir atvikum endurheimt votlendis.*

*Hugað verði að mótvægisaðgerðum þegar gengið er á auðlindir náttúrunnar og önnur umhverfisleg gæði og verðmæti í sveitarfélaginu.*

Kjósarhreppur er dreifbýlishreppur án þéttbýlis og þar hefur verið stundaður fjölbreyttur landbúnaður í gegnum aldirnar. Land er takmörkuð auðlind og landbúnaðarland sem hentar vel til matvæla- og fóðurræktar er verðmætt. Undanfarna áratugi hafa orðið verulegar breytingar í atvinnu- og lifnaðarháttum í Kjósarhreppi, m.a. vegna breytinga í landbúnaði og nálægðar við höfuðborgarsvæðið, og landbúnaður raunar víða lagst af í hreppnum. Mikil varðveisluverð menningarverðmæti felast í landbúnaðarásýnd og búsetulandslagi sem landbúnaður og lifnaðarhættir fyrri tíðar hafa skapað og enn sjást víða í hreppnum, þrátt fyrir miklar breytingar og ásókn í land til annarra nota. Samkeppni ríkir um land í dreifbýli vegna aukinnar eftirspurnar eftir landi, s.s. fyrir íbúðauppbyggingu, frístundabyggð, ferðaþjónustu og skógrækt. Landbúnaður er mikilvægur liður í aðdráttarafli sveitanna og framleiðsla matvæla og annarra landbúnaðarafurða er grundvöllur byggðar um landið. Mikilvægt er að skipulag landnotkunar í sveitarfélaginu feli í sér vernd landbúnaðarásýndar og góðs ræktunarlands sem getur staðið undir aukinni matvælaframleiðslu til framtíðar um leið og samfélagið vex og dafnar. Markmiðið er að viðhalda landbúnaðarásýnd og búsetulandslagi svæðisins og tryggja að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu sé varðveitt til slíkra nota, á tímum er hefðbundinn landbúnaður á undir högg að sækja og ásókn í land undir aðra notkun eykst. Lögð verður áhersla á hvernig viðhalda megi landbúnaðarstarfsemi í hreppnum og stuðla að bættu afkomuöryggi bænda með möguleikum á aukinni fjölbreytni og nýsköpun í landbúnaði og stoðgreinum hans. Þá felast einnig tækifæri í nálægð við neytendur á höfuðborgarsvæðinu. Flokkun landbúnaðarlands og skilmálar landbúnaðarflokka eru endurskoðaðir, með hliðsjón af markmiðum um varðveislu landbúnaðarásýndar, þörfum bænda og reynslu s.l. ára af flokkun landbúnaðarlands.

### Vernd búsetulandslags

Skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 teljast menningarminjar „ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag... og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar,” en tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga „að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.” Búsetulandslag sem er eldra en 100 ára telst til fornminja skv. lögunum, líkt og önnur mannanna verk sem eru yfir 100 ára. Með orðinu búsetulandslag er átt við landslag sem mótað er af búsetu eða starfsemi manna, skv. greinargerð með Þjóðminjalögum nr. 107/2002, en þar var fyrst talað um búsetulandslag. Verndun menningarlandslags felur í sér að varðveita einkenni og yfirbragð. Í

þeim tilgangi eru breytingum settar ákveðnar skorður til að þær skerði ekki þau gildi sem verndunin byggir á. Því er mikilvægt að þau gildi séu skýr og vel þekkt innan samfélagsins svo markmið um verndun menningarlandslags náist (Vésteinsson, 2020).



Mynd 13. Ljósaskiptin í Kjósinni. Ljósmynd: Sigurþór Ingi Sigurðsson.

***Búsetulandslag***

*Búsetulandslag er menningarlandslag þar sem ummerki um búsetu og hefðbundna atvinnuvegi til sjós og lands hafa sett mark sitt á landið, svo sem sveitabæir og mannvirki sem þeim tilheyra, vegir og stígar á milli þeirra, tún, engjar og hagar, fiskimið og veiðistaðir, örnefni, sögur og minningar sem fólk tengir við þetta. Búsetulandslag er víðfeðmt, það er landslagið sem fólk bjó í, mótaði og var sjálft mótað af. Á Íslandi má segja að svo til allt land á láglendi sé búsetulandslag, auk miðanna og afrétta. Búsetulandslag 20. aldar er Íslendingum kunnuglegt. Eitt megineinkenni þess er að þrátt fyrir mikil inngrip s.s. steyptar byggingar, framræslu og túnasléttun, eru þær í rökréttu framhaldi af því sem áður var. Þær breytingar sem hafa orðið á síðustu 70 árum eru mesta umbylting á íslensku landslagi sem orðið hefur frá landnámi, bæði hvað varðar umfang framkvæmda og breytta landnotkun en einnig samband fólks við landið.*

*Þar sem búsetulandslag sveitanna er okkur enn kunnuglegt í dag, og var alltumlykjandi og hversdagslegt fyrir eldri kynslóðir, er ákall um varðveislu þess ekki orðið sterkt en það mun að líkindum breytast. 20. aldar búsetulandslag fer þverrandi á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Allt frá Borgarfirði til Suðurlandsundirlendisins tekur búsetulandslagið hröðum breytingum með vaxandi uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn, sumarhúsabyggðar, skógræktar og margskonar framkvæmdum tengdum iðnaði og afþreyingu. Þessar breytingar munu fyrr en síðar kalla á aðgerðir til að vernda það sem eftir stendur. Mat á því hvað er mikilvægt og merkilegt breytist með tímanum. Skilgreina þarf verðmætin áður en þeim er kastað á glæ, svo að fólk og framkvæmdaraðilar geri sér grein fyrir þeim tilkostnaði sem það hefur að umbreyta landinu. Búast má við vaxandi ákalli um að breytingar á landnotkun séu gerðar í sátt við það sem áður var og í eðlilegu framhaldi af því (Vésteinsson, 2020).*

## 5.1. Landbúnaðarsvæði (L)

*Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla undir 300 m y.s., sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni. Þó er gert ráð fyrir heimildum fyrir annars konar starfsemi á bújörðum og byggingum í þeim tilgangi sem samræmist landbúnaði vel, svo framarlega sem þær skerði ekki gott landbúnaðarland. Landbúnaðarsvæði eru skilgreind upp í 300 m hæð y.s. Byggingar tengdar búrekstri eru ekki heimilar ofar 300 m y.s. og þar gilda ákvæði um óbyggð svæði.

**Skipulagsákvæði:**

- Áfram verði stundaður landbúnaður sem atvinnugrein á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum fjölbreyttra stoðgreina sem henta á slíkum svæðum.
- Þar sem er föst búseta er heimilt að stunda minni háttar atvinnurekstur sem samræmist landbúnaði vel, s.s. ferðaþjónustu, afurðasölu eða léttan og snyrtilegan iðnað, sjá kafla *5.3 Stakar framkvæmdir*.
- Samfellt landbúnaðarland sem er vel fallið til búvöruframleiðslu (í flokki L1 og L2) skal varðveita til slíkra nota eins og kostur er og verði ekki tekið til annarrar landnýtingar sem takmarki matvælaframleiðslu til frambúðar. Horfa skal til flokkunar landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða og ákvæða jarðalaga um vernd landbúnaðarlands þegar skipta á landi upp til annarrar nýtingar.
- Forðast skal uppskiptingu bújarða, sérstaklega landbúnaðarlands í flokki L1 og L2. Áður en ákvörðun er tekin um landskipti eða breytta landnotkun á landbúnaðarlandi skal meta virði svæðisins m.t.t. ræktunargildis og kolefnisbindingar og þess gætt að landskipti og breytt notkun hafi ekki óafturkræf áhrif. Gera skal grein fyrir áhrifum breytingarinnar á landbúnaðarframleiðslu og mótvægisaðgerðum, t.d. hvar og hvernig megi fara í landbætur, rækta upp eða beita í staðinn, sjá kafla 5.1.2 *Landskipti*.
- Forðast skal að nýjar byggingar, samfelld skógrækt, umfangsmikil iðnaðarstarfsemi, efnistaka eða önnur landnotkun og nýir vegir raski samfellu í landbúnaðarlandi í flokki L1 og L2 en slíkt getur eftir atvikum verið í jaðri svæða.
- Gera skal úttekt á náttúrufari á deiliskipulagsstigi eða við umsókn um framkvæmda- og byggingarleyfi til að koma í veg fyrir að mikilvæg gróðursvæði, s.s. votlendi, tegundir á válista og/eða búsvæði fugla verði fyrir áhrifum framkvæmda.
- Stuðla skal að umhverfisvernd og endurheimt landgæða innan sveitarfélagsins, svo sem með uppgræðslu, skógrækt og gróðurvernd á áður grónum svæðum, sem og endurheimt votlendis þar sem aðstæður leyfa. Almennt er litið á uppgræðslu í smáum stíl, þ.e. skógrækt til skjóls og prýði og landgræðslu til landbóta, sem landbótaverkefni sem heimil eru á landbúnaðarlandi og óbyggðum svæðum.
- Stuðlað verði að farsælli sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar.
- Byggingar skulu að jafnaði reistar í tengslum við núverandi mannvirki eða vegakerfi m.a. til að nýta þá innviði sem fyrir eru.
- Stuðla skal að sem umhverfisvænstri framleiðslu afurða og erfðabreytt matmæli eða nytjajurtir verði ekki ræktuð.
- Gætt skal sérstaklega að geymslu og meðhöndlun efna, svo þau valdi ekki mengun í jarðvegi eða grunnvatni t.d. olía, áburðarefni eða fráveituvatn.
- Lyktarmengandi starfsemi s.s. eldishús alifugla, loðdýra og svína sé staðsett a.m.k. 500 m frá annarri byggð. Staðsetningu eldishúsa skal meta í hverju tilfelli fyrir sig út frá áætluðum fjölda dýra, ríkjandi vindátt og náttúrufarslegum aðstæðum sem haft geta áhrif. Ný eldishús sem krefjast starfsleyfis skulu vera á iðnaðarsvæði.

### 5.1.1. FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS

Gott landbúnaðarland er dýrmæt auðlind og taka ákvæði aðalskipulags mið af því. Markmið jarðalaga nr. 81/2004 er að landnýtingu sé hagað í samræmi við landkosti með hagsmuni samfélagsins og komandi kynslóða að leiðarljósi og stuðla að fjölbreyttum og samkeppnishæfum landbúnaði, fæðuöryggi þjóðarinnar, náttúruvernd, viðhaldi og þróun byggðar og um leið þjóðfélagslega gagnlegri og sjálfbærri landnýtingu. Samkvæmt lögunum skal tryggja svo sem kostur er að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu verði áfram varðveitt til slíkra nota til að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar til framtíðar. Við gerð aðalskipulags í dreifbýli skal land flokkað með tilliti til ræktunarmöguleika og ráðstöfun á landbúnaðarlandi, þ.m.t. til skógræktar, byggjast á þeirri flokkun.

Haga skal nýtingu góðs landbúnaðarlands í samræmi við meginmarkmið jarðalaga þannig að möguleikar til þess að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni verði ekki skertir. Landbúnaðarland er flokkað með það að markmiði að vernda gott landbúnaðarland (í flokki L1 og L2) til matvælaframleiðslu með sjálfbærni og hagsmuni komandi kynslóðir fyrir augum. Áður en ákvörðun er tekin um breytta nýtingu á hefðbundnu landbúnaðarlandi skal meta virði svæðisins m.t.t. ræktunargildis. Þetta á m.a. við þegar fyrir liggur tillaga um breytta landnotkun á landbúnaðarsvæðum, t.d. fyrir skógrækt, íbúðar- eða frístundabyggð.

Landbúnaðarland í Kjósarhreppi var flokkað í samráði við bændur á svæðinu við gerð aðalskipulags 2017-2029. Sú flokkun er höfð til hliðsjónar við uppfærslu flokkunarinnar en til grundvallar er lögð samræmd grunnflokkun fyrir landbúnaðarland sem nær til alls Íslands og unnin var af Eflu verkfræðistofu í samvinnu við Land og skóg. Við flokkun landbúnaðarlands er notuð aðferð sem kallast fjölþátta ákvarðanagreining í landupplýsingakerfi (e. GIS based Multi Criteria Decision Analysis). Aðferðin byggir á því að kortleggja umhverfisþætti og skilgreina viðmið sem annað hvort útiloka svæði eða hafa áhrif á það hversu vel tiltekið landsvæði hentar til ræktunar. Við val á áhrifaþáttum, einkunn þeirra og vægisgildi er litið til leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands, reynslu af flokkun landbúnaðarlands í tengslum við aðalskipulagsgerð, auk samráðs við fagaðila með þekkingu á ræktun og vistkerfum.

### Grunngögn við flokkun landbúnaðarlands

Við flokkun á landbúnaðarlandi er byggt á aðgengilegum landupplýsingagögnum. Forritið ArcGis Pro er notað til að framkvæma fjölþátta greiningu og gögnin sem greiningin byggir á eru eftirfarandi:

- Vistgerðir á Íslandi frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Stafræn gögn til niðurhals er hægt að nálgast í niðurhalsþjónustu stofnunarinnar.
- Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54 sem gefið var út samhliða vistgerðakortlagningu.
- Hitafarsgögn frá Copernicus Arctic Regional Reanalysis (CARRA).
- Landhæðarlíkan frá Landmælingum Íslands (ÍslandsDEM útg. 1.0). Upplýsingar um landhalla.
- Upplýsingar um hæð yfir sjó.

Hitafarsgögn komu á rastaformi í 2,5 km upplausn, gögnunum var breytt í punktgögn og brúað á milli punktanna þannig að gögnin sem voru notuð í vinnslunni voru í 100 m upplausn.

Hrýfi á nútímahraunum var ýkt til að reyna að koma í veg fyrir að vel gróið land á nútímahraunum sem ekki flokkast sem hraun í vistgerðagögnum og er almennt mishæðótt og með grunnan jarðveg flokkaðist sem gott ræktunarland.

Auk þess er notuð skurðaþekja frá Landbúnaðarháskóla Íslands og reiknaður þéttleiki skurða og afmörkuð svæði sem teljast fullframræst og falla í vistlendin graslendi, mólendi og votlendi. Þessi svæði verða hluti af vistgerðagögnunum.

Þá eru nýjar loftmyndir af svæðinu hafðar til hliðsjónar og ástand og hæfi lands til ræktunnar metið út frá þeim og þeirri ræktun sem sýnilega fer fram á landinu.

### Áhrifaþættir

Áhrifaþættir segja til um hversu vel svæði henta til ræktunar. Þeim er gefin hæfiseinkunn á bilinu 1 til 10 þar sem einn hentar verst til ræktunar og tíu hentar best.

### Umhverfisþættirnir sem horft er til í greiningunni eru:

| | |
|---|---|
| Hæð yfir sjávarmáli | Hitafar; daggráður |
| Vistgerðir | Landhalli |

Byggt er á upplýsingum um hversu vel vistgerðir henta til ræktunar, auk þess sem svæði fá einkunn út frá hæð yfir sjó og landhalla. Sem dæmi henta vistgerðir misvel til ræktunar þar sem graslendi og ræktað land fá háa einkunn, en eyðimelar fá lága einkunn. Á sama hátt fá svæði sem eru hátt yfir sjávarmáli og í miklum landhalla lága einkunn á meðan sléttlendi nær sjávarmáli fær háa einkunn.

Daggráður eru skilgreindar sem margfeldi af hitastigi og dagafjölda. Þannig er 10 gráðu sólahringsmeðalhiti í 10 daga samtals 100 daggráður. Möguleikar til ræktunar aukast eftir því sem daggráðunum fjölgar. Dagráður voru reiknaðar fyrir tímabilið 7 maí til 15 september og miðað við árin 2001-2024.

### Breytingar á flokkun landbúnaðarlands

Telji landeigendur að flokkun landbúnaðarlands á þeirra landi sé ekki í samræmi við gæði lands geta þeir aflað óháðs álits sérfræðinga á sviði landgæða (s.s. vistfræðinga, líffræðinga eða sambærilegs) sem sveitarstjórn mun taka afstöðu til og gera breytingar á flokkun ef hún telur haldbær rök færð fyrir því. Áhersla er lögð á að álitsgerðin sé unnin af óháðum sérfræðingi og bera landeigendur allan kostnað.

### Landbúnaðarland er flokkað í fjóra flokka:

Með hliðsjón af gæðum ræktunarlands eru landbúnaðarsvæði flokkuð í 4 flokka (L1, L2, L3, L4) með mismunandi áherslum og landnotkunarákvæðum.

**L1 - Mjög gott ræktunarland**. Góður móajarðvegur og steinefnaríkar mýrar. Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri möl. Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm. Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. Ekki miklar mishæðir í landinu. Halli innan við 4% (2,29°). Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.

**L2 - Gott ræktunarland.** Mýrar með miklu af lífrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar. Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði fínkornóttur og ekki með mjög grófri möl. Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm. Land vel þurrt eða auðvelt að þurrka það. Ekki mjög miklar mishæðir í landinu. Halli innan við 8% (4,57°). Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m. Djúpur grasmói sem færi í I. flokk ef halli og þurrkstig er í lagi.

**L3 - Sæmilegt ræktunarland**. Lakari mýrar, móar, melar og sandar. Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófari en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða. Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm. Þurrkunarskilyrði sæmileg. Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja. Halli innan við 12% (6,84°). Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.

**L4 - Lélegt ræktunarland.** Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.

Um land jarða og lögbýla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.

Tafla 6. Skipulagsákvæði flokka landbúnaðarlands.

| Fl-ha | Ákvæði |
|---|---|
| **L1 - 1,025 ha** | Landið verði fyrst og fremst nýtt til ræktunar og matvælaframleiðslu.<br>Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðar-landi með mannvirkjum eða samfelldri skógrækt.<br>Byggja skal í tengslum við núverandi bæjartorfur en í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða.<br>Afturkræfar framkvæmdir eru heimilar, s.s. íþróttasvæði, tjaldsvæði, golfvellir o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verður metið í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. varanleika og líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu.<br>Framkvæmdir í almannaþágu s.s. veitur og vegagerð er heimil.<br>Heimilt er að planta skjólbeltum (<15m breiðum) og trjálundum, t.d. við bæjartorfur og akra. Umfangsmeiri skógrækt er ekki heimil. |
| **L2 - 1,589 ha** | Forðast skal að raska samfellu á góðu ræktunarlandi með mannvirkjagerð. Heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, landbúnaðarstarfsemi og minniháttar atvinnustarfsemi sem samræmist landbúnaði.<br>Byggja skal í tengslum við núverndi bæjartorfur en í einhverjum tilfellum getur mannvirkjagerð verið heimil í jaðri svæða.<br>Afturkræfar framkvæmdir eru heimilar, s.s. íþróttasvæði, tjaldsvæði, golfvellir o.fl. þar sem ekki er um varanleg mannvirki að ræða. Það verður metið í hverju tilfelli fyrir sig m.t.t. varanleika og líklegra áhrifa á nýtingu lands til matvælaframleiðslu.<br>Framkvæmdir í almannaþágu s.s. veitur og vegagerð er heimil.<br>Ekki er heimilt að rjúfa samfellu á góðu landbúnaðarlandi með samfelldri skógrækt. Heimilt er að planta skjólbeltum (<15m breiðum) og trjálundum, t.d. við bæjartorfur og akra. Umfangsmeiri skógrækt er ekki heimil. |
| **L3 - 3,453 ha** | Getur hentað til landbúnaðar.<br>Annað landbúnaðarland sem síður hentar til jarðræktar vegna misjafnra landgerða. Getur þó hentað til beitar. Landbúnaðarstarfsemi er víkjandi, ef nýta þarf land til annars.<br>Svæðið hentar oft vel til landgræðslu og skógræktar, frístunda- og útiveru og til landbúnaðar, þó halli o.fl. geti takmarkað ræktunarmöguleika. Heimilt er að byggja upp landspildur til fastrar búsetu, eða annarrar starfsemi, sbr. almenn ákv. um landbúnaðarland. Mengandi starfsemi sem veldur öðrum óþægindum, s.s. vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar, sjónmengunar eða mikils umferðarþunga er ekki heimil. |
| **L4 - 8,346 ha** | Þetta land hentar ekki til akuryrkju en hentar oft vel til beitar, landgræðslu og skógræktar, frístunda- og útiveru og til landbúnaðar, t.d. fyrir tún, þó halli o.fl. geti takmarkað ræktunarmöguleika. Heimilt er að byggja upp landspildur til fastrar búsetu, eða annarrar starfsemi, sbr. almenn ákv. um landbúnaðarland. Mengandi starfsemi sem veldur öðrum óþægindum, s.s. vegna lyktar, hávaða, óþrifnaðar, sjónmengunar eða mikils umferðarþunga er ekki heimil. |
| | **Samtals 14.413 ha** |

## Niðurstöður flokkunar

Hlutfall heildar flatarmáls flokkaðs ræktunarlands innan sveitarfélags: 99.94 %
Hlutfall af heildar flatarmáli sveitafélags, mjög gott ræktunarland: **3.61 %**
Hlutfall af heildar flatarmáli sveitafélags, gott ræktunarland: **5.59 %**
Hlutfall af heildar flatarmáli sveitafélags, sæmilegt ræktunarland: **12.14 %**
Hlutfall af heildar flatarmáli sveitafélags, lélegt ræktunarland: **29.35 %**
Hlutfall af heildar flatarmáli sveitafélags, takmarkanir: **49,3 %**
(Efla, Land og skógur, 2025)

Af öllu ræktaralandi í kjós fellur aðeins um 9,2% í flokk L1 eða L2, mjög gott eða gott ræktunarland. Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að fara vel með þá dýrmætu og mikilvægu auðlind sem gott ræktunarland er og ráðstafa því ekki varanlega til annarra nota.


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Flokkun landbúnaðarlands
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsvogur
Botnsdalur
Hvalfell
Þyrilsnes
Hvammsvík
Múlafjall
Brynjudalsvogur
Brynjudalur
Reynivallaháls
Botnssúlur
Laxvogur
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
Laxárdalur
Langiás
Eyrarfjall
Meðalfell
Kjósarheiði
Öxl
Meðalfellsvatn
Efri-Hjaltadalur
Kjölur
Búrfell
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Blikdalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Esja
Stíflisdals-
vatn
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Kistufell
0
2,5
5 km
Skýringar
L1 - Mjög gott ræktunarland
L2 - Gott ræktunarland
L3 - Sæmilegt ræktunarland
L4 - Lélegt ræktunarland
Kjósarhreppur
LANDMÓTUN

### 5.1.2. LANDSKIPTI

Við landskipti skal tillit tekið til verndarsvæða og góðs landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar matvæla (í flokki L1 og L2) skal almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar eða íbúðar- og frístundabyggðar.

Með umsókn um landaskipti skulu fylgja upplýsingar um landkosti pg áformaða uppbyggingu, fjölda og stærð lóða/landspildna, aðkomu og gatnakerfi og tímaáætlun uppbyggingar. Byggingar á nýjum lóðum/spildum skulu nýta sem best þá innviði sem eru til staðar, s.s. veitu- og samgöngukerfi. Aðgengi að nýjum spildum frá núverandi tengingum við þjóðvegi skal tryggt. Gera skal grein fyrir áætlaðri nýtingu lands þegar óskað er eftir landaskiptum og sýna fram á að sú nýting hafi ekki áhrif á búrekstarskilyrði aðliggjandi jarða.

**Einkum verður litið til eftirfarandi þátta um ákvarðanatöku er kemur að landaskiptum:**

- Að dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu sé varðveitt.
- Að skiptingin samræmist gildandi skipulagi.
- Uppbygging stuðli að hagkvæmu byggðamynstri og verði ekki íþyngjandi í rekstri sveitarfélagsins.
- Tekið sé tillit til verndarsvæða og gæða landbúnaðarlands og verndarsvæði og gott landbúnaðarland ekki skert.
- Áhrifum á búrekstrarskilyrði jarðarinnar og aðliggjandi jarða og samfellu í landbúnaðarlandi.
- Nýjar spildur séu í tengslum við og nýti þá innviði sem fyrir eru, s.s. veitu- og samgöngukerfi. Aðgengi frá núverandi tengingum við þjóðveg skal tryggt. Nýjar spildur loki ekki almennum göngu- eða reiðleiðum og takmarki ekki aðgengi almennings að áhugaverðum stöðum og svæðum.
- Séu neikvæð áhrif á gott landbúnaðarland (í flokki L1 og L2), verndarsvæði, umhverfið eða önnur umhverfisleg gæði óhjákvæmileg skal gera ráð fyrir vöktun og/eða mótvægisaðgerðum.
- Hvort landið er stærra en þörf krefur að teknu tilliti til nýtingaráforma. Jafnframt hvort aðrir valkostir um staðsetningu komi til greina á landi sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar (sbr. 5 gr. jarðalaga nr. 81/2004).
- Samræmi við jarðalög nr. 81/2004, skipulagslög nr. 123/2010 og lög um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001.

Markmiðið með takmörkun á landaskiptum er að vernda dreifbýlisyfirbragð á landbúnaðarsvæðum, að tryggja að gott landbúnaðarland megi áfram nýta til landbúnaðar og búvöruframleiðslu og tryggja hagkvæma nýtingu innviða.

***Jarðalög nr. 81/2004***

*Markmið jarðalaga er að stuðla að því að nýtingu lands og réttinda sem því tengjast sé hagað í samræmi við landkosti og með hagsmuni samfélagsins og komandi kynslóða að leiðarljósi, að teknu tilliti til mikilvægis lands frá efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu sjónarmiði. Markmið laganna er þannig m.a. að stuðla að fjölbreyttum og samkeppnishæfum landbúnaði, náttúruvernd, viðhaldi og þróun byggðar og um leið þjóðfélagslega gagnlegri og sjálfbærri landnýtingu. Tryggja skal svo sem kostur er við framkvæmd laganna að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu sé varðveitt til slíkra nota og að fæðuöryggi sé tryggt til framtíðar.*

### 5.1.3. BYGGINGAR OG ÖNNUR STARFSEMI Á LANDBÚNAÐARSVÆÐUM

Á landbúnaðarsvæðum er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri og stoðgreinum landbúnaðar, en einnig er heimild fyrir minni háttar atvinnurekstri sem samræmist landbúnaði vel og gengur ekki á gott landbúnaðarland (L1 og L2) og hefur ekki neikvæð áhrif á landbúnaðarland né umhverfi. Markmiðið er að gefa kost á bættri nýtingu húsakosts og styrkja byggð í dreifbýli, skjóta styrkari stoðum undir búrekstur

og tryggja eftir því sem hægt er að jarðir haldist í landbúnaðarnotum. Leitast skal við að nýta þá innviði sem fyrir eru, svo sem vegi og veitur. Minniháttar efnistaka (≤500 m$^3$) til eigin nota er heimil á landbúnaðarsvæðum, en hún er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins. Heimilt er, á landi í ábúð/lögbýlum og þar sem aðstæður leyfa, að hafa sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi, s.s. smiðju, verkstæði, gistiheimili, verslun, smáhýsi og/eða byggingar fyrir veitingarekstur, svo fremi sem heildarstærð slíkra bygginga fari ekki yfir 500 m². Byggingar verða almennt utan landbúnaðarlands í flokki L1 og L2 og skulu falla vel að og vera í tengslum við núverandi byggð og samnýta inniviði. Heimilt er að reka gististaði sem eru í flokki I og II skv. reglugerð 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með allt að 20 gistirúmum. Stærri gististaðir og gisting í flokki III og IV skal vera á verslunar- og þjónustusvæði. Miða skal við að reisa byggingar ekki nær jarðamörkum en 50 metra. Umfangsmeiri rekstur verður einungis heimilaður á svæðum sem eru skilgreind sérstaklega fyrir atvinnustarfsemi í aðalskipulagi, s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæði, verslunar- og þjónustusvæði, athafnasvæði eða iðnaðarsvæði. Heimiluð er uppbygging á landspildum sem eru að lágmarki 0,5 ha, m.a. til áhugabúskapar (sjá nánar kafla 0 *Stakar framkvæmdir*). Slíkar spildur eru að jafnaði utan góðs landbúnaðarlands (í flokki L1 og L2) og utan svæða sem eru verðmæt vegna náttúrufars, náttúruauðlinda, sögu eða almenns útivistargildis. Þá verður bygging nýrra íbúðarhúsa ekki heimiluð á hættusvæðum. Skal staðsetning og uppbygging taka mið af innviðum sem fyrir eru. Þá gilda ákvæði 1. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla *1.1. Umhverfi og yfirbragð* og *1.2 Loftslag* um alla uppbyggingu á landbúnaðarsvæði.

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*C.8: Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar.*

Tafla 7. Takmarkandi þættir á landbúnaðarlandi.

| Takmarkandi þáttur | Lágmarks-fjarlægð | Ákvæði |
|---|---|---|
| Landamerki | 50 m | Hafa skal samráð við landeiganda aðliggjandi jarðar vegna hvers kyns framkvæmda innan 50 m frá landamerkjum. |
| Vötn, ár og sjór | 50 m | Engar framkvæmdir nema göngustígar og slóðar. |
| Friðlýstar fornminjar | 100m | Friðlýstum fornleifum skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar rask, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelgu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, í samræmi við lög nr. 80/2012 um menningarminjar. |
| Fornminjar | 15m | Friðhelgað svæði umhverfis fornleifar sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið, skv. lögum um menningarminjar nr. 80 / 2012. Þar sem fornminjar eru hluti af stærri heild eða menningarlandslagi skal fjarlægð aukin þannig að heildarásýnd eða verndargildi spillist ekki. |
| Veitulagnir | 1 m | Ekki skógrækt. |
| Háspennulínur | 25-90m | Byggingarbann. Breidd svæðis miðast við spennu línu, sjá mynd 20 í kafla 7.3.2. |
| Stofn- og tengivegir | 30 m | Ekki skógrækt á 30 m breiðu svæði frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega, sbr. vegalög nr. 80 / 2007. Þar sem líkur er á snjósöfnun á veg skal fjarlægðin aukin. Ekki skal staðsetja íbúðar- eða frístundahús nær stofn og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum eða almennum vegum en 50 m. |

### 5.1.4. KOLEFNISBINDING

Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi innan sveitarfélagsins, s.s. samgöngum og landnotkun, og skal stefnt að aukinni bindingu kolefnis með útbreiðslu náttúruskóga, landgræðslu og skógrækt. Við ósjálfbæra akuryrkju, ofbeit búfjár og jarðvegsrof rýrnar kolefnisforði jarðvegs. Stefnt verði að loftslagsvænum landbúnaði og kolefnishlutleysi í sveitarfélaginu. Á svæðum þar sem kolefnisbinding er nú þegar verður landnotkun að mestu óbreytt. Svæðum með mikinn líffræðilegan fjölbreytileika, sjaldgæfar tegundir eða sjaldgæf vistkerfi verður ekki raskað nema brýnir almannahagsmunir komi til, og skal þá farið í mótvægisaðgerðir.

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*C.1: Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.*



Mynd 14. Hagi í Kjós. Ljósmynd: Ólöf Ósk Guðmundsdóttir.

## 5.2. Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)

*Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Líffræðileg fjölbreytni er forsenda heilbrigðra vistkerfa sem eru undirstaða lífkerfa jarðar. Stefna stjórnvalda um að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags, er sett fram í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Lögin ná til vistkerfa s.s. votlendis og ýmissa jarðmyndana sem njóta verndar og skal forðast rask þeirra nema brýna nauðsyn beri til. Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra njóta sérstakrar verndar og einnig landslag sem er sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs eða menningarlegs gildis.

Skógrækt og landgræðsla hafa verið lykilaðgerðir í loftslagsstefnu Íslands. Eitt af verkefnum aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum (2020) og stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum (2021) er að efla bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með skógrækt og landgræðslu auk þess að setja á fót verkefni um endurheimt votlendis. Skógrækt og landgræðsla er viðurkennd aðferð við bindingu kolefnis. Auk þess veitir skógrækt skjól gegn gróður- og jarðvegseyðingu. Þá veitir skógur eða skjólbelti skjól á ökrum, túnum, beitilöndum og í byggð. Mikilvægt er að skógrækt falli vel að landslagi og að ekki verði plantað skógi fyrir góða útsýnisstaði.

***Mótvægisaðgerðir:***
*Aðgerðir til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eða áætlunar.*

Við val á landi til skógræktar er mikilvægt að leggja mat á umhverfisleg og samfélagsleg verðmæti sem fyrir kunna að vera á tilvonandi skógræktarsvæði og verða fyrir áhrifum af skógrækt. Við val á landi til skógræktar skal hafa *Gæðaviðmið við val á landi til skógræktar* (Land og skógur, 2025) til hliðsjónar. Stefna um skógræktarsvæði þarf að taka mið af því að skógrækt falli vel að landi og að sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar séu samþætt. Við skipulagsgerð skal jafnframt leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa gildi út frá sögu, náttúrufari og menningu og gæta að álagi á vatn og vatnsvernd.

Skógrækt leiðir til breytinga á umhverfinu og því er mikilvægt að greina hvaða breytingar framfylgd skipulagstillögu sé líkleg til að hafa í för með sér, þegar á mótunarstigi hennar. Það er gert við mat á umhverfisáhrifum áætlana. Skógrækt getur haft áhrif á gróðurfar, ásýnd lands og nærveður og einnig á svæði sem njóta verndar, s.s. vegna vatns, náttúrufars eða menningarminja. Ávallt skal leita umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar varðandi skógrækt á verndarsvæðum. Stefna um skógrækt og ákvarðanir um framtíðarnotkun skal byggjast á greiningu og flokkun lands og áreiðanlegum upplýsingum.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 skal tilkynna Skipulagsstofnunun um skógræktaráætlanir sem taka til ≥ 200 ha lands, varanlega skógareyðingu sem tekur til ≥ 0,5 ha svæðis og uppgræðslu lands á verndarsvæðum. Skipulagsstofnun ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna. Þá skal tilkynna um alla aðra skógrækt til sveitarstjórnar. Bæði tilkynningaskyldar og matsskyldar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 geta eftirtaldar framkvæmdir verið háðar framkvæmdaleyfi; nýræktun skóga hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg, skógareyðing, uppgræðsla lands á verndarsvæðum, endurheimt votlendis og framræsing lands. Varanleg eyðing skógar er framkvæmdaleyfisskyld. Í slíkum tilfellum er *Land og skógur* umsagnaraðili og óskar eftir nauðsynlegum gögnum, meðal annars til þess að standa skil á kolefnisforða viðkomandi skóglendis. Framkvæmdir sem teljast óverulegar, s.s. trjárækt á frístundalóðum, eru ekki háðar framkvæmdaleyfi en geta þó verið skipulagsskyldar. Leita skal umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar áður en hafin er skógrækt á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

**Skipulagsákvæði:**

- Skógrækt og skjólbeltarækt verði efld og notuð til að bæta búsetuskilyrði og landgæði, til útivistar og skjólmyndunar og fegrunar umhverfisins.
- Gróður- og jarðvegseyðing verði stöðvuð og landgæði endurheimt þar sem þess er þörf, m.a. með landgræðslu og skógrækt.
- Stuðlað verði að bindingu kolefnis í gróðri, m.a. með skógrækt, landgræðslu og almennum aðgerðum til að styrkja líffræðilega fjölbreytni. Við val á svæðum til bindingar kolefnis verði m.a. tekið mið af landnotkun, náttúrugæðum, líffræðilegri fjölbreytni, menningarminjum og náttúruvá.
- Skógrækt og landgræðsla skulu ekki fara nær friðlýstum menningarminjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 15 m. Skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum eða kennileitum í landslagi, jarðmyndunum eða búsetuminjum
- Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Nytjaskógrækt og skjólbeltarækt verði að jafnaði ekki nær ár- og vatnsbökkum en 50 m og hindri ekki frjálsa för fólks. Þess verði gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða eða búsvæði mófugla verði fyrir neikvæðum áhrifum.
- Skógrækt skal ekki vera innan helgunarsvæða raflína og að jafnaði ekki nær vegum en 50 m og þess gætt að skógrækt trufli ekki umferð á vegum m.t.t. snjósöfnunar og vegsýnar.
- Hugað skal að hættu sem fylgir gróðureldum og flóttaleiðum og brunavörnum á skógræktarsvæðum.
- Afmarka skal ný svæði til skógræktar og landgræðslu þar sem samfellt svæði fer yfir 10 ha og/eða svæði er afmarkað og unnið skv. samningum til a.m.k. fimm ára.

- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna verndarsvæða (kafli 9).
- Mannvirki sem þjóna notkun skógræktarsvæða sem útivistarsvæða, s.s. bílastæði, snyrtiaðstaða (≤20m2), gönguleiðir, áningarstaðir og upplýsingaskilti eru heimil.
- Skógrækt er ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi (í flokki L1 og L2). Uppgræðsla, þ.m.t. skógrækt, í smáum stíl er heimil á landbúnaðarlandi, óbyggðum svæðum og frístunda- og íbúðarsvæðum s.s. skógrækt til skjóls og prýði og landgræðsla til landbóta.
- Fornleifaskráning skal fara fram áður en skógrækt hefst.
- Leggja skal áherslu á innlendar tegundir og forðast skal að gróðursetja framandi trjátegundir sem geta verið ágengar.
- Um Skógræktar- og landgræðslusvæði gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

### 5.2.1.NÁTTÚRULEGIR BIRKISKÓGAR

Birkiskógar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið náttúruverndarlaga en þar segir að sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem m.a. eru gömul tré, skuli njóta sérstakrar verndar. Samkvæmt upplýsingum frá Landi og skóg er náttúruleg útbreiðsla birkiskóga 1,5% á landsvísu en markmið Íslands er að árið 2030 verði búið að skilgreina leiðir til að ná því að birkiskógar vaxi á 5% landsins (2020). Flatarmál náttúrulegu birkiskóga í Kjósarhreppi mælist 261 ha. Birkikjarr og birkiskógar eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

#### Almenn ákvæði

- Lögð verði áhersla á að vernda og endurheimta náttúrulega birkiskóga og stuðlað að náttúrulegri útbreiðsla þeirra.
- Aðrar trjátegundir verði ekki gróðursettar í náttúrulega birkiskóga.
- Grisja má náttúrulegan skóg eftir þörfum og gera göngustíga um hann.
- Tryggt skal að náttúrulegir birkiskógar verði endurheimtir ef þeir þurfa að víkja fyrir annarri nýtingu.
- Almenningur hafi aðgang að birkiskóglendi og sé upplýstur um verðmætin sem felast í birkiskóglendi.

### 5.2.2. UPPGRÆÐSLA OG ENDURHEIMT VOTLENDIS

Áhersla er lögð á að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í náttúruvernd og loftslagsmálum, greina tækifæri sem ekki er verið að nýta og mögulega forgangsröðun verkefna. Horft verði til alþjóðlegra skuldbindinga, s.s. Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Ef nauðsynlega þarf að rýra votlendi skal gera ráð fyrir mótvægisaðgerðum með endurheimt votlendis á öðrum svæðum.

| Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr. Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| SL1 Bær | Skógrækt með ræktunarsamning við Land og skóg. | | 15 |
| SL2 Möðruvellir | Skógrækt með ræktunarsamning við Land og skóg. | | 30 |
| SL3 Vindás | Skógrækt. | | 4 |
| SL4 Fossá | Skógrækt á vegum Skógræktarfélags Kjósarhrepps, Skógræktarfélags Kjalarness, Skógræktarfélags Mosfellsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs. Svæðið er opinn skógur. | | 144 |
| SL5 Ingunnarstaðir og Þrándarstaðir | Brynjudalsskógur. Skógrækt á vegum Landgræðslusjóðs og Skógræktarfélags Íslands. Svæðið er opinn skógur. Tvö skjólhýsi eru í skóginum auk áningarrjóðra og þrautabrautar. | | 28 |
| SL6 Reynivellir | Skógrækt. | | 5 |
| SL7 Reynivellir | Skógrækt við Gíslagötu. | | 22 |
| SL8 Írafell | Skógrækt. | | 22 |
| SL9 Írafell | Skógrækt. | | 22 |
| | **Samtals:** | | **292** |

## 5.3. Stakar framkvæmdir

> *Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið. Hér er átt við smávirkjanir, litlar spennistöðvar, minni háttar mannvirki, stök fjarskiptamöstur, stakar vindmyllur o.þ.h. Þetta getur einnig átt við um stök frístundahús, stök íbúðarhús og aðra mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búrekstur. Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður framangreind mannvirkjagerð er heimil eða óheimil og aðrar skipulagsforsendur fyrir gerð deiliskipulags eða veitingu leyfa til framkvæmda*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Stakar framkvæmdir eru heimilar án þess að afmarka sérstaklega landnotkun í aðalskipulagi, eins og nánar er lýst hér. Þetta gildir um minni háttar framkvæmdir sem styrkja samfélagið og atvinnustarfsemi án umfangsmikilla áhrifa á umhverfið og án þess að rýra verndargildi svæða, s.s. stök íbúðar- og frístundahús, fjarskiptamöstur og litlar virkjanir og vindrafstöðvar. Þá er heimilt að útbúa áningarstaði, t.d. í tengslum við göngu- og reiðleiðir eða útsýnisstaði.

Heimilt er, að undangengnu deiliskipulagi og/eða grenndarkynningu að byggja stök mannvirki án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Þá skal einnig sækja um bygginga-/framkvæmdaleyfi þar sem við á. Einnig geta framkvæmdir verið tilkynningarskyldar, sbr. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Metið verður í hverju tilfelli hvort og hvar stakar framkvæmdir verða heimilaðar og lagt mat á líkleg áhrif á landslag, verndarsvæði, náttúru, minjar o.fl. Þá þarf að skoða sýnileika slíkra mannvirkja og meta mögulega hljóð- og lyktarmengun og áhrif á umferð og aðra innviði. Stök mannvirki skulu að jafnaði ekki reist innan góðs landbúnaðarlands (L1 og L2), en geta eftir atvikum verið í jaðri svæða eða í tengslum við núverandi mannvirki, sbr. skilmála þar um. Þá skal leitast við að staðsetja stök mannvirki á óbyggðum svæðum þar sem þau skerða ekki víðerni. Í öllum tilfellum skal afla tilskilinna leyfa, s.s framkvæmda- eða byggingarleyfis frá sveitarstjórn og lóðir skilgreindar undir stök mannvirki. Um stakar framkvæmdir gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

**Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarlandi og eftir atvikum skógræktar- og landgræðslusvæðum, án þess að afmarka sérstaka landnotkun:**

- **Íbúðarhús til fastrar búsetu sem ekki tengjast búrekstri.** Þar sem aðstæður leyfa er heimilt að byggja íbúðarhús og tengd hús s.s. geymslu/útihús, á skráðum 0,4-10 ha lóðum/landspildum, enda hamli uppbygging ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli samfellu í góðu landbúnaðarlandi (L1 og L2). Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar og innviða til að nýta þá sem best. Nýtingarhlutfall íbúðarlóða á landbúnaðarlandi getur verið allt að 0,05 en byggingarmagn þó aldrei meira en 1000 m². Að hámarki er heimilt að reisa þrjú stök íbúðarhús á hverju lögbýli. Sé fyrirhuguð uppbygging umfram það skal skilgreina svæðið sem íbúðarbyggð í aðalskipulagi og vinna deiliskipulag fyrir svæðið. Hámarksfjöldi íbúðarhúsa miðast við upprunajörð eins og hún var skráð við gildistöku aðalskipulags og gildir takmörkunin óháð síðari lóðaskiptingum eða stofnun nýrra fasteigna úr jörðinni.
- **Stök frístundahús** á skráðum 0,3-1,0 ha lóðum. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar og innviða til að nýta þá sem best. Stök hús skulu ekki hamla eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilla samfellu í góðu landbúnaðarlandi (L1 og L2). Nýtingarhlutfall frístundalóða getur verið allt að 0,03, en byggingarmagn þó aldrei meira en 250 m². Sé um fleiri en 3 lóðir að ræða skal skilgreina frístundabyggð í aðalskipulagi og vinna deiliskipulag fyrir svæðið. Að hámarki er heimilt að byggja 3 stök frístundahús á hverju lögbýli.

### Að breyta frístundahúsi á landbúnaðarlandi í íbúðarhús

Sé vilji til að breyta frístundahúsi á landbúnaðarlandi í íbúðarhús til fastrar búsetu skal húsið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Lóð er að lágmarki 4000 $m^2$.
- Hús uppfyllir skilyrði byggingarreglugerðar um íbúðarhús.
- Vegur að húsi uppfyllir kröfur Vegagerðar um héraðsvegi
- Vegur að húsi frá héraðs-, stofn- eða tengivegi er ekki lengri en 750 m.

### Eftirtaldar framkvæmdir eru heimilar á landbúnaðarlandi, skógræktar- og landgræðslusvæðum og á öðrum svæðum eftir atvikum án þess að sérstök landnotkun sé afmörkuð:

**Fjarskiptamöstur** allt að 20 m há ásamt nauðsynlegu aðstöðuhúsi (≤20 $m^2$), lögnum og vegum að þeim. Metið skal í hverju tilfelli fyrir sig hvort fjarskiptamöstur verði heimiluð og verður þá m.a. tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, öðrum mannvirkjum, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag.

**Vatnsaflsvirkjanir** allt að 200 kW, ásamt lögnum og vegum að virkjuninni og aðstöðuhúsi (≤15 $m^2$).

**Vindrafstöðvar** þar sem raforkan er ætluð til eigin nota. Vindrafstöðvar geta verið ≤20 m háar miðað við hæð vélarhúss á turni. Einnig er gert ráð fyrir lögnum og vegum að þeim ásamt aðstöðuhúsi (≤15 $m^2$). Gert er ráð fyrir að metið verði í hverju tilfelli fyrir sig hvort og þá hvar vindrafstöðvar verða heimilaðar. Meðal annars verður tekið tillit til hljóðvistar og fjarlægðar frá landamerkjum, íbúðar og öðrum mannvirkjun, sýnileika og áhrifa á náttúru og landslag. Vindrafstöðvar verða aldrei heimilaðar á eða við íbúðar- eða frístundasvæði.

**Sólarsellur** til eigin nota. Geta verið nýttar við ákveðnar aðstæður t.d. á þökum húsa, þó aldrei stærri flötur en 100 $m^2$.

**Örvirkjanir.** Heimilt er að reisa allt að 100 kW örvirkjanir í tengslum við þjónustustarfsemi sem liggur fjarri almennum veituleiðum, s.s. til að sjá farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.

**Hitaveita.** Heimilt er að virkja heitt vatn (borholur), til einkanota.

**Neysluvatn.** Heimilt er að nýta, m.a. með borun, kalt vatn, þar sem ekki er um eftirlitsskylda starfsemi að ræða, sbr. 12. gr. reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001.

**Veitumannvirki** s.s. spennistöðvar og dælustöðvar fyrir vatns- og hitaveitu. Stærð bygginga getur verið allt að 20 $m^2$.

**Þjónustuhús og kynningaraðstaða.** Heimilt er að gera áningarstaði við meginferðaleiðir s.s. göngu- og reiðleiðir og á áhugaverðum útsýnisstöðum. Á slíkum stöðum er heimilt að setja upplýsingaskilti og byggja þjónustuhús (≤20 $m^2$) sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila. Heimilt er að vera með áningarhólf fyrir hesta á hentugum stöðum í tengslum við reiðleiðir. Undir þetta falla einnig neyðarskýli, sé þeirra þörf.

### Tímabundin aðstaða.

Heimilt er að reisa vinnubúðir/vinnuplön í tengslum við framkvæmdir s.s. brúa- og vegagerð, efnisvinnslu eða aðra uppbyggingu, enda liggi fyrir samþykkt byggingar- og/eða framkvæmdaleyfi eða deiliskipulag, þar sem þess er þörf.

Heimilt er í einhverjum tilfellum að setja niður hús/mælitæki o.fl. sem til þarf vegna tímabundins eftirlits eða rannsóknarstarfsemi.

**Fyrir umfangsmeiri starfsemi skal skilgreina viðeigandi landnotkun í aðalskipulagi.**

# 6. Atvinnulíf og ferðaþjónusta

## *Stefna og markmið*

*Stuðlað verði að nýjum atvinnutækifærum og þróun þeirra sem fyrir eru. Atvinnuþróun verði sjálfbær, í sátt við umhverfi og samfélag í nútíð og framtíð.*

*Búið verði í haginn fyrir nýsköpun og fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf svo auka megi hagsæld og seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.*

*Aðlaðandi samfélag og búsetukostir og traustir innviðir laði að fólk sem gegnir fjölbreyttum störfum án staðsetningar.*

*Þjónusta verði efld og afþreyingarmöguleikum fjölgað til að fjölga atvinnutækifærum og renna styrkari stoðum undir byggð. Áhersla verði lögð á uppbyggingu ferðaþjónustu sem getur þjónað bæði íbúum og gestum.*

*Sjálfbær ferðaþjónusta byggi á sérstöðu, styrkleikum og staðaranda svæðisins og hafi jákvæð áhrif á náttúru, samfélag og menningu þess. Tækifæri í framleiðslu og sölu afurða á svæðinu verði þróuð.*

*Sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. í tengslum við nýtingu jarðhita, framleiðslu- og matvælaiðnað.*

Fjölbreytt atvinnulíf er ein af grunnstoðum samfélagsins og lykilþáttur í að auka seiglu og gera samfélagið betur í stakk búið til að takast á við sveiflur og áföll í einstaka greinum atvinnulífsins. Efling atvinnulífs í dreifbýli felst ekki síst í uppbyggingu og rekstri öruggra innviða fyrir samgöngur, rafmagn og fjarskipti, með tilkomu fjarvinnu og starfa án staðsetningar. Ferðaþjónusta er atvinnugrein í vexti og skapar mörg störf. Greinin hefur á undanförnum áratug þróast í að verða einn mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar og felast miklir möguleikar í uppbyggingu þjónustu við ferðamenn, ekki síst sem aukabúgrein með landbúnaði. Mikilvægt er að stefna aðalskipulags sé skýr þegar kemur að uppbyggingu ferðaþjónustu, að uppbygging sé vönduð og taki mið af umhverfi sínu og varðveislu þeirra gæða sem ferðaþjónustan byggir á. Uppbygging skal miða að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu sem og ferðamönnum og huga þarf að áhrifum ferðamennsku á húsnæðismarkað. Skipulagsákvarðanir um ferðaþjónustu og ferðamannastaði skulu byggja á gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. Það lýtur t.d. að framboði og eftirspurn gistingar, afþreyingar og annarrar þjónustu. Mikilvægt er að koma í veg fyrir of mikla einsleitni í atvinnulífi hreppsins og að uppbygging ferðaþjónustu verði á kostnað möguleika framtíðarkynslóða til landbúnaðarræktunar.




Mynd 15. Hestaþinghóll er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Ljósmynd: Landmótun.

## 6.1. Verslun og þjónusta (VÞ)

*Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótelum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Í Kjósarhreppi hefur þó nokkuð verið byggt upp af þjónustu fyrir ferðamenn og færst nokkuð í aukana að ferðaþjónusta sé stunduð á bújörðum samhliða nýtingu jarðanna til búskapar. Er það litið jákvæðum augum, svo fremi sem góðu landbúnaðarlandi eða samfellu í góðu landbúnaðarlandi sé ekki fórnað fyrir starfsemina. Enn leynast tækifæri á þessu sviði, t.d. í þróun og sölu afurða af svæðinu, beint frá býli, bæði til ferðamanna sem heimsækja hreppinn en einnig til nálægra markaða á höfuðborgarsvæðinu.

Í nýrri ferðamálastefnu, *Velkomin- Ferðamálastefna og aðgerðir til 2030*, (Menningar- og viðskiptaráðuneyti, 2024) er sett markmið um að áreiðanleg og nýleg gögn um gististaði hérlendis séu aðgengileg svo hægt sé að meta framboð og eftirspurn eftir gistingu í rauntíma og að vænt eftirspurn eftir ferðaþjónustu liggi fyrir eitt ár fram í tímann. Yfirsýn er mikilvæg og lykilatriði að byggja skipulagsákvarðanir um uppbyggingu ferðaþjónustu á áreiðanlegum gögnum um framboð og eftirspurn, svo atvinnugreinin þróist í farsælan farveg.

**Skipulagsákvæði:**

- Við skipulag verslunar- og þjónustusvæða verði hugað sérstaklega að öryggi fólks ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.
- Að jafnaði skal uppbygging á verslunar- og þjónustusvæðum vera í góðum tengslum við vega- og veitukerfi. Almennt skulu ný svæði vera innan 1000m frá stofn og tengivegum og/eða 500m frá héraðsvegum.
- Byggingar geta verið á einni til tveimur hæðum og mænishæð allt að 7m.
- Umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða verði skilgreint nánar í deiliskipulagi.
- Gera skal ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafknúin ökutæki þar sem þörf þykir.
- Stuðlað skal að fjölbreyttu framboði þjónustu á verslunar- og þjónustusvæðum sem þjónar bæði íbúum og gestum og komið í veg fyrir einsleitni í þjónustuframboði.
- Leitast skal við að takmarka fjölda bygginga á verslunar- og þjónustusvæðum og lögð sérstök áhersla á að viðhalda dreifbýlisyfirbragði.
- Að hámarki er heimilt að reisa 15 smáhýsi (<50m$^2$ að stærð) á hverju verslunar og þjónustusvæði.
- Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að fella út verslunar- og þjónustusvæði við næstu endurskoðun aðalskipulags þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi og uppbygging hefur ekki átt sér stað.
- Um Verslun og þjónustu gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.




Mynd 16. Laxá í Kjós er náttúruperla og fengsæl veiðiá. Ljósmynd: Landmótun.

| Verslun og þjónusta | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Nr. Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **Fjöldi gistir.** | **ha** |
| VÞ1 Veiðihús við Laxá | Gisting og samkomusalur. | Hámarksbyggingarmagn: 1600 m$^2$. | 40 | 1 |
| VÞ2 Þórishólar | Hótel ásamt veitingastað og þjónustu við ferðamenn. | Hámarksbyggingarmagn: 2000 m$^2$. | 50 | 5 |
| VÞ3 Félags-garður | Félagsheimili og íþróttavöllur. | Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu, m.a. veitingasölu og þjónustubyggingum í tengslum við núverandi rekstur eða mögulegt tjaldsvæði. Hámarksbyggingarmagn: 500 m$^2$. | 0 | 5 |
| VÞ4 Eilífsdalur | Gistiheimili ásamt veitingaþjónustu. | Hámarksbyggingarmagn: 1600 m$^2$. | 40 | 2 |
| VÞ5 Þúfa | Hótel, veitingaþjónusta og heilsulind. | Hámarksbyggingarmagn: 10000 m$^2$. Framkvæmdin fellur í b flokk (undir lið 12.04) í 1. viðauka laga nr. 111/2021 og kann að vera háð umhverfismati. | 250 | 5 |
| VÞ6 Hjalli | Á svæðinu er tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir gistingu í húsum ásamt veitingaþjónustu og verslun. | Hámarksbyggingarmagn: 2000 m$^2$. | 50 | 5 |
| VÞ7 Eyrarkot | Gert er ráð fyrir tveimur fræðslu- og fuglaskoðunarskálum, með búsetu fyrir fræði- og/eða listafólk í skemmri tíma. Einnig er gert ráð fyrir veitingasölu og tjaldsavæði. | Hámarksbyggingarmagn: 300 m$^2$. | 0 | 2 |
| VÞ8 Eyri | Ferðaþjónusta á bæjarstæðinu við Eyri. Hótel/gistiheimili, tjaldsvæði, afþreyingarstarfsemi, veitingaþjónusta og verslun. | Hámarksbyggingarmagn: 1200 m$^2$. | 30 | 8,1 |
| VÞ9 Þúfukot | Gisting ásamt veitingastað og annarri þjónustu því tengdu. | Hámarksbyggingarmagn: 4000 m$^2$. | 100 | 8,9 |
| VÞ10 Bær | Almenn verslun og þjónusta með gistingu. | Hámarksbyggingarmagn: 4000 m$^2$. Framkvæmdin kann að falla í b flokk (undir lið 12.04) í 1. viðauka laga nr. 111/2021 vegna samlegðaráhrifa og kann að vera háð umhverfismati. | 100 | 2 |
| VÞ11 Bær | Gistiþjónusta ásamt tjaldsvæði með almennri þjónustu því tengt. | Ekki er heimilt að raska landi í flokki L1 og L2 með varanlegum mannvirkjum. Hámarksbyggingarmagn: 800 m$^2$. Framkvæmdin kann að falla í b flokk (undir lið 12.04) í 1. viðauka laga nr. 111/2021 vegna samlegðaráhrifa og kann að vera háð umhverfismati. | 20 | 0,5 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| VÞ12 Bær | Almenn verslun og þjónusta með gistingu. | Hámarksbyggingarmagn: 3200 m². Framkvæmdin kann að falla í b flokk (undir lið 12.04) í 1. viðauka laga nr. 111/2021 vegna samlegðaráhrifa og kann að vera háð umhverfismati. | 80 | 5 |
| VÞ13 Hvamms-vík | Hótel ásamt veitingastað, ylströnd, aðstaða til sjósunds og bátaskýli. Einnig þjónusta við golfvöll í Hvammsvík. | Hámarksbyggingarmagn: 8500 m². Framkvæmdin fellur í b flokk (undir lið 12.04) í 1. viðauka laga nr. 111/2021 vegna samlegðaráhrifa og kann að vera háð umhverfismati. | 180 | 38,4 |
| VÞ14 Eyjar II | Almenn verslun og þjónusta með gistingu og tjaldsvæði. | Ekki er heimilt að raska landi í flokki L1 og L2 með varanlegum mannvirkjum. Hámarksbyggingarmagn: 800 m². | 20 | 3 |
| VÞ15 Kaffi Kjós | Almenn verslun og þjónusta. | Hámarksbyggingarmagn: 400 m². | 0 | 1 |
| **Samtals:** | | **40.900 m²** | **940 gistirúm** | **89 ha** |

***Landsskipulagsstefna 2024 – 2038***

*C.6: Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands.*

## 6.2. Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

*Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Áningarstaðir ferðamanna eru skilgreindir sem afþreyingar- og ferðamanna-svæði. Í landsskipulagsstefnu er kveðið á um að skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á, s.s. gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags.

Ganga skal vel frá mannvirkjum og allur frágangur og umgengni taka mið af umhverfinu. Útlit og ásýnd bygginga skal falla sem best að nánasta umhverfi. Frágangur lagna, s.s. fyrir vatn og frárennsli, skal vera til fyrirmyndar og gott aðgengi til tæmingar rotþróa tryggt. Samhliða skipulagningu áningarstaða skal hugað að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni staða, þjónustu, og að viðhaldi mannvirkja sé sinnt eftir þörfum. Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru. Uppbygging nauðsynlegra innviða við áhugaverð og hentug afþreyingar- og ferðamannasvæði er litin jákvæðum augum.

### Skipulagsákvæði

- Settar verði almennar reglur um aðgengi ferðamanna og uppbyggingu á ferðamannastöðum.
- Á hverju svæði er heimilt að gera bílastæði og göngustíga ásamt upplýsingaskiltum um svæðið, að undangengnu deiliskipulagi.
- Vandað verði til uppbyggingar og frágangs ferðamannasvæða m.a. með samræmi í útliti mannvirkja og áherslu á að þau falli vel að landslagi. Allur frágangur, s.s. bygginga, bílastæða, göngustíga, upplýsinga og merkinga, verði til fyrirmyndar

- Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggismálum ásamt greiðum samgöngum og upplýsingagjöf.
- Upplýsingar um gömul hús, fornleifar og önnur minjasvæði verði bættar.
- Þyrluumferð og annað yfirflug, s.s. drónaflug, trufli sem minnst. Settar verði verklagsreglur ef þurfa þykir.
- Fjöldi ferðamanna verði undir þolmörkum viðkomandi svæðis og umferð ferðamanna stýrt ef þörf krefur.
- Um afþreyingar- og ferðamannasvæði gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

| **Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)** | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr. Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| AF1 Laxá | Við brú yfir Laxá er aðstaða til áningar norðan ár með bílastæði og upplýsingaskiltum. | Uppbygging bílastæða og upplýsingaskilta er heimil. | 1 |
| AF2 Steðji | Svæðið er friðlýst, gert er ráð fyrir bílastæði, upplýsingaskilti og göngustíg. | Uppbygging bílastæða, göngustíga og upplýsingaskilta er heimil. | 2 |
| AF3 Fossá | Á svæðinu er foss í Fossá rétt við Hvalfjarðarveg. Svæðið er hluti af verkefninu opinn skógur. Opinn skógur fyrir almenning. | Uppbygging bílastæða, göngustíga og upplýsingaskilta er heimil. Hámarksbyggingarmagn: 50 $m^2$. | 1 |
| AF4 Hvítanes/ Hvítanesbrekka | Á svæðinu eru áhugaverðar herminjar. Á svæðinu er bílastæði og áningarstað-ur/útsýnisstaður. | Uppbygging útsýnisstaðs, bílastæða, göngustíga og upplýsingaskilta er heimil. | 2 |
| AF5 Þórufoss | Sérstakur foss í Laxá í Kjós í landi Fremra Háls. Á svæðinu er bílastæði. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á svæðinu m.a. lagfæringu bílastæðis og merkinga og lagningu göngustíga. | Uppbygging bílastæða, göngustíga og upplýsingaskilta er heimil. | 1 |
| AF6 Meðalfell | Bílastæði við upphaf gönguleiðar á Meðalfell. | Uppbygging bílastæða, göngustíga og upplýsingaskilta er heimil. | <0,5 ha |
| AF7 Eyjar II | Tjaldsvæði | Uppbygging tvjaldsvæðis heimil. | 1 |
| | **Samtals:** | **50 $m^2$** | **8 ha** |

***Landsskipulagsstefna 2024 – 2038***

*C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.*


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Afþreyingar- og ferðamannasvæði &
Verslun og þjónusta
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsvogur
Botnsdalur
Hvalfell
Þyrilsnes
Hvammsvík
Múlafjall
Brynjudalsvogur
Brynjudalur
Reynivallaháls
Botnssúlur
Laxvogur
Laxárdalur
Langiás
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
Eyrarfjall
Öxl
Meðalfell
Meðalfellsvatn
Kjósarheiði
Efri-Hjaltadalur
Kjölur
Búrfell
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Blikdalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Esja
Móskarðshnúkar
Stíflisdals-vatn
Kambshorn
Þverfellshorn
Skálafell
Kistufell
VÞ1
VÞ2
VÞ3
VÞ4
VÞ5
VÞ6
VÞ7
VÞ8
VÞ9
VÞ10
VÞ11
VÞ12
VÞ13
VÞ14
VÞ15
AF1
AF2
AF3
AF4
AF5
AF6
AF7
0
2,5
5 km
Skýringar
Stofnvegur/stofnbraut
Tengivegur/tengibraut
Afþreyingar- og ferðamannasvæði
Verslun- og þjónusta
Kjósahreppur
LANDMÓTUN

## 6.3. Athafnasvæði (AT)

*Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaiðnaður.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Gert er ráð fyrir að á athafnasvæðum geti byggst upp léttur iðnaður sem hefur litla mengunarhættu í för með sér.

### Skipulagsákvæði

- Að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. í tengslum við nýtingu jarðhita, framleiðslu- og matvælaiðnað.
- Ganga skal vel frá lögnum s.s. frárennsli og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa.
- Um afþreyingar- og ferðamannasvæði gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

| Athafnasvæði (AT) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr. Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| AT1 Eyri | | Heimilt er að byggja tvö hús, hvort um sig allt að 500 m$^2$. | 2 |

## 6.4. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

*Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á flestum þeim svæðum sem þegar eru nýtt. Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr akstri með efni. Engin efnislosunarsvæði eru í sveitarfélaginu.

### Skipulagsákvæði

- Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er efnistaka á landi, úr ám og vötnum ásamt breytingu lands með jarðvegi, s.s. efnislosun, háð framkvæmdaleyfi. Þegar sótt er um framkvæmdaleyfi skal gera grein fyrir stærð efnistökusvæðis, áætluðu efnismagni, vinnslutíma og frágangi efnistökustaðar að vinnslutíma loknum.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulögð vinnubrögð, góða umgengni og snyrtilegan frágang að vinnslu lokinni. Takmarka ber sýnileika frá fjölförnum stöðum eins og kostur er, sérstaklega ef svæðið verður opið til langs tíma. Við frágang verði leitast við að raskað svæði aðlagist aðliggjandi landi varðandi landslag og gróður. Bent er á heimasíðuna www.namur.is varðandi frágang á námusvæðum.
- Huga skal sérstaklega að sjálfbærni efnistöku úr ám. Þar sem efni er unnið úr árfarvegum skal vinna það í samráði við viðkomandi veiðifélög og þar til bæra eftirlitsaðila, s.s. Fiskistofu og Heilbrigðiseftirlit. Efnistaka úr

vatnshlotum má ekki valda því að ástand vatnshlota rýrni samkvæmt vatnaáætlun.

- Stuðla skal að nægu framboði efnistökusvæða og æskilegt að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi. Leggja skal fram ítarlega verkáætlun eða deiliskipulag vegna efnistöku á verndarsvæðum.
- Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota skv. 13. gr. skipulagslaga, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði, jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.
- Um Efnistöku- og efnislosunarsvæði gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

Stór hluti sveitarfélagsins er á náttúruverndarsvæðum, nr. 134 og 136, og því eru fjölmargar námur innan verndarsvæða. Framkvæmdaleyfi fyrir efnistökusvæði á verndarsvæðum er háð umsögn Umhverfis- og orkustofnunar, Fiskistofu og Veiðifélags Laxár. Vegna efnistöku á verndarsvæðum þarf ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu við veitingu framkvæmdaleyfis.

### Efnistaka úr árfarvegum

Efnistaka úr árfarvegum er sjálfbær þar sem ár bera fram efni í stað þess sem tekið er en þess skal gætt að hafa sem minnst áhrif á lífríki ánna og valda ekki landbroti. Efnistaka úr árfarvegum getur haft umtalsverð áhrif á rennslishætti og formfræði áa, og þar með á vatnsformfræðilega gæðaþætti straumvatna skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Við efnistöku úr árfarvegum þarf því að vinna áhrifamat fyrir vatnshlot, sbr. umfjöllun í kafla 8.3 *Vatnsvernd á strandsvæðum, við ár, vötn og sjó.* Leitast skal við að haga framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laga um náttúruvernd. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög og efnistaka allt að 100 metrum frá bakka er háð leyfi Fiskistofu skv. 33 gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006. Þá skal leita umsagnar Lands og skógar, sé hætta á jarðvegsrofi eða landbroti. Efnistaka skal vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og gætt sérstaklega að ákvæðum verndarsvæða, þar sem það á við.

### Mat á umhverfisáhrifum efnistöku/-losunar

Í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, er kveðið á um matsskyldu framkvæmda, m.a. námuiðnað.

Ávallt skal meta umhverfisáhrif efnistöku þar sem áætlað er að raska **25 ha svæði eða stærra** eða efnismagn **er 500.000 m$^3$ eða meira**.

Eftirfarandi framkvæmdir kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal Skipulagsstofnun meta í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli umhverfismati samkvæmt lögum:

Efnistaka, utan þess sem ávallt er háð umhverfismati, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m$^3$ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir þessum viðmiðunarmörkum ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði.

| Efnistökusvæði (E) | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Nr. Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **m³** | **ha** |
| E1 Kiðafell | Setnáma – setlög/möl | | 5.000 | 2,5 |
| E2 Eilífsdalur | Setnáma – dalfylla/sandur | | 5.000 | 1 |
| E3 Meðalfell | Setnáma – áreyrar/möl | | 5.000 | 1 |
| E4 Meðalfell | Setnáma – setlög/möl | | 5.000 | 1 |
| E5 Bær | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E6 Grjóteyri | Setnáma – áreyrar/möl | | 5.000 | 1 |
| E7 Eyjar I | Setnáma – áreyrar/fín möl | | 5.000 | 1 |
| E8 Sandur | Setnáma – áreyrar/möl | | 5.000 | 1 |
| E9 Möðruvellir | Setnáma – áreyrar/möl | | 5.000 | 1 |
| E10 Vindás | Setnáma – áreyrar/möl | | 5.000 | 1 |
| E11 Möðruvellir/ Írafell | Setnáma – áreyrar/möl | | 5.000 | 1 |
| E12 Fremri-Háls | Setnáma – áreyrar/möl | | 5.000 | 1,5 |
| E13 Fremri-Háls | Bergnáma – gosberg/grjót | | 5.000 | 1 |
| E14 Þverá við Hækingsdal | Setnáma – áreyrar/möl | | 45.000 | 3 |
| E15 Hækingsdalur/ Hlíðarás | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E16 Reynivellir/ Þorláksstaðir | Setnáma – áreyrar/möl | | 5.000 | 2,3 |
| E17 Hurðarbak | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E18 Hurðarbak | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E19 Sogn | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E20 Káraneskot | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E21 Káranes | Setnáma – áreyrar/fín möl | | 5.000 | 1 |
| E22 Valdastaðir | Setnáma – malarhjalli/möl | | 5.000 | 1 |
| E23 Laxárnes | Setnáma – setlög/fín möl | | 5.000 | 1 |
| E24 Meðalfell | Setnáma – áreyrar/fín möl | | 5.000 | 1 |
| E25 Skorá | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E26 Blönduhólsnáma | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E27 Litli-Bær | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E28 Eyri | Setnáma/möl | | 5.000 | 1 |
| E29 Eyri | Setnáma/fín möl. | | 3.000 | 1 |
| E30 Hálsnes | Gróf möl | | 5.000 | 1 |
| E31 Neðri-Háls | Möl | | 5.000 | 1 |
| E32 Hvítanes | Bergnáma – gosberg/grjót | | 30.000 | 1 |
| E33 Fossá | Bergnáma – gosberg/grjót | | 5.000 | 1 |
| E34 Þrándarstaðir | Setnáma – aurkeila/gróf möl | | 5.000 | 1 |
| E35 Skorhagi | Setnáma – áreyrar/möl. | | 5.000 | 1 |
| E36 Ingunnarstaðir | Setnáma – áreyrar/möl | | 5.000 | 1 |
| E37 Eyjar II Eyjafellsnáma | Skriða. Setnáma – malarhjalli/möl | | 5000 | 1 |
| E38 Eyjar I, II, Hjalli og Vindás. Laxárnáma | Náma á Laxáreyrum. Setnáma – áreyrar/möl | | 5000 | 1 |
| E39 Eyjar I, II, Hjalli og Sandur. Sandsárnáma | Náma í Sandsá. Setnáma – áreyrar/möl | | 5000 | 1 |
| | | **Samtals** | **258.000** | **44,3** |

# 7. Innviðir og orka

## *Stefna og markmið*

*Innviðir samfélagsins séu traustir, styðji við fjölbreytt atvinnulíf og vöxt samfélagsins og standist kröfur nútímans.*

*Leitast skal við að nýta og viðhalda þeim innviðum sem fyrir eru og leitað hagkvæmra lausna við alla uppbyggingu.*

*Allir vegfarendur komist leiðar sinnar á öruggan og greiðfæran máta og innviðir stuðli að umferðar- og rekstraröryggi og hvetji til notkunar vistvænna samgöngumáta.*

*Vinnsla orku og annarra auðlinda svæðisins verði á forsendum íbúa svæðisins, íbúar njóti ábatans og náttúran njóti vafans.*

*Leitast verði við að lágmarka úrgang og gera flokkun og endurvinnslu aðgengilega fyrir alla.*

*Neikvæðum umhverfisáhrifum umferðar verði haldið í lágmarki og gætt að umhverfisvernd við alla innviðauppbyggingu og orkunýtingu.*

Ein af grunnforsendum búsetu, blómlegs atvinnulífs og þjónustu í Kjósarhreppi eru greiðar og öruggar samgöngur allt árið um kring, áreiðanleg fjarskipti og dreifing raforku. Málaflokkurinn innviðir og orka tekur á samgöngum, veitukerfum og orkuframboði og -framleiðslu í sveitarfélaginu.

Meginmarkmið samgönguáætlunar er að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar og að þær stuðli að jákvæðri byggðaþróun. Vinnu- og skólasóknarsvæði Kjósarhrepps er að miklu leyti utan sveitarfélagsins. Greiðar og öruggar vegasamgöngur eru mjög mikilvægar fyrir þann hóp sem sækir vinnu, skóla og þjónustu um langan veg og eru forsenda búsetu í dreifbýli og þess að ferðamennska geti vaxið og dafnað í sveitarfélaginu og orðið ein af undirstöðuatvinnugreinum þess. Þá er aðgengi að háhraðanetsambandi undirstaða nútíma búsetugæða, atvinnulífs og samkeppnishæfni byggða.

Fjallað verður um vegamál, svo sem stofn- og tengivegi, göngu-, hjóla- og reiðleiðir. Vegir í náttúru Íslands, aðrir en vegir á forræði Vegagerðarinnar, verða/hafa verið flokkaðir í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Forgangsatriði er að bæta umferðaröryggi með framkvæmdum og viðhaldi og tryggja íbúum sveitarfélagsins öruggar og áreiðanlegar samgöngur árið um kring. Traust og áreiðanleg fjarskipti eru grunnforsenda fyrir uppbyggingu margra nýrra atvinnugreina og þess að íbúar sveitarfélagsins geti stundað fjarvinnu. Tryggja þarf framboð raforku á samkeppnishæfu verði fyrir íbúa og fyrirtæki sveitarfélagsins. Gera þarf ráð fyrir innviðum fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs við lögbýli, íbúðarbyggð, frístundabyggð og ferðamannastaði. Taka skal mið af svæðisáætlun sveitarfélagsins um meðhöndlun úrgangs.

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*A.2: Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum.*

*A.6: Skipulagsgerð vegna orkunýtingar gæti að náttúruvernd.*

*B.5: Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituinnviðum sem tryggja öryggi.*

*C.3: Skipulag feli í sér stefnu um nýtingu vindorku í sátt við umhverfi og samfélag*

## 7.1. Iðnaðarsvæði (I)

> *Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

**Skipulagsákvæði**

- Skapaðar verði aðstæður til vistvænnar orkuöflunar þar sem aðstæður leyfa og unnin stefnumótun varðandi minni virkjanir, vindrafstöðvar og vatnsaflsvirkjanir.
- Vindorkuvinnsla er ekki heimil í sveitarfélaginu nema til eigin nota (sjá kafla 5.3 *Stakar framkvæmdir).*
- Unnið verði með hlutaðeigandi stofnunum þegar fjallað er um mengandi starfsemi, s.s. vegna fráveitu, útlits-, hljóð- eða lyktarmengunar.
- Sorphirðumál verði til fyrirmyndar í sveitarfélaginu og stöðugt unnið að umbótum og hagkvæmum lausnum.
- Flokkun sorps sé auðveld og lögð áhersla á jarðgerð lífræns úrgangs og fræðslu til íbúa um hvernig hægt sé að lágmarka myndun úrgangs.
- Um iðnaðarsvæði gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs og tekur stefna um sorpförgun mið af henni (Gunnarsson, 2022). Flokka skal og endurvinna sorp eins og kostur er og leitast við að minnka flutningskostnað og magn þess sorps sem þarf að urða. Íbúar og frístundahúsaeigendur flokka sorp sem er hirt reglulega frá hverju heimili og grenndarstöðvum. Á Hurðarbaksholti fer fram móttaka flokkaðs úrgangs í sveitarfélaginu.

| Iðnaðarsvæði (I) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr. Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| I1 Hurðarbaksholt | Móttaka fyrir flokkað sorp. | | 1 |
| I2 Möðruvellir | Svæðið nær yfir hljóð- og hitaeinangrandi hús og borholur. Ekki er gert ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu. | Gæta skal sérstakrar varúðar og fyllstu mengunarvarna gætt vegna nálægðar við Laxá. | 11,4 |
| | | Samtals: | 12,4 |

### 7.1.1.ÚRGANGUR

Móttökustöð fyrir úrgang er við Hurðarbaksholt og þar má losa alla helstu flokka úrgangs. Losun grófs úrgangs, málaðs timburs og ómeðhöndlaðs timbur er gjaldskyld. Einnig eru þrjár grenndarstöðvar í sveitarfélaginu, á Hálsenda/Stömpum, Valshamri og Norðurnesi.

### 7.1.2.ORKUVINNSLA

Vindorkuvinnsla er ekki talinn fýsilegur kostur í sveitarfélaginu vegna smæðar þess, nálægðar við þéttbýl svæði og áherslu á uppbyggingu annarra atvinnugreina, svo sem ferðaþjónustu. Auk þess er Hvalfjörður skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025) og er tilnefndur á Náttúruminjaskrá (B-hluti) vegna fjöruvistgerða, fugla og sela (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025). Það er því metið svo að ekki sé unnt að lágmarka umhverfisáhrif slíkra mannvirkja í sveitarfélaginu svo við verði unað.

Vatnsaflsvirkjanir allt að 200 kW, minni vindrafstöðvar, spennistöðvar og dælumannvirki upp að ákveðinni stærð, eru heimilaðar á landbúnaðarlandi og óbyggðum svæðum sbr. ákvæði í kafla 0. Stakar framkvæmdir.


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Iðnaðarsvæði, athafnasvæði &
efnistöku- og efnislosunarsvæði
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsvogur
Botnsdalur
Hvalfell
Þyrilsnes
Hvammsvík
Brynjudalsvogur
Múlafjall
Brynjudalur
Reynivallaháls
Botnssúlur
Laxvogur
Laxárdalur
Langiás
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
Eyrarfjall
Öxl
Meðalfell
Meðalfellsvatn
Kjósarheiði
Efri-Hjaltadalur
Kjölur
Búrfell
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Blikdalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Stíflisdals-
vatn
Esja
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Kistufell
E1
E2
E3
E4
E5
E6
E7
E8
E9
E10
E11
E12
E13
E14
E15
E16
E17
E18
E19
E20
E21
E22
E23
E24
E25
E26
E27
E28
E29
E30
E31
E32
E33
E34
E35
E36
E37
E38
E39
AT1
I1
I2
0
2,5
5 km
Skýringar
Stofnvegur/stofnbraut
Tengivegur/tengibraut
Athafnasvæði
Efnistöku- og efnislosunarsvæði
Iðnaðarsvæði
Kjósarhreppur
LANDMÓTUN

## 7.2. Vegir, götur og stígar (VE)

*Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastígar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Vegakerfið er flokkað samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar í stofnvegi, tengivegi og héraðsvegi. Stofnvegir og tengivegir eru taldir upp í töflum hér aftar í samræmi við vegaskrá (Vegagerðin, 2025). Héraðsvegir og slóðar eru sýndir til skýringar á aðalskipulagsuppdrætti en eru ekki taldir upp.

Skipulagsáætlunin er í samræmi við samgönguáætlun 2020-2034, en engar framkvæmdir eru á samgönguáætlun innan Kjósarhrepps. Á samgönguáætlun eru þó framkvæmdir sem munu hafa veruleg áhrif á vegasamgöngur við hreppinn, svo sem Sundabraut, breikkun Vesturlandsvegar (Hringvegar) um Kjalarnes með Hringtorgi við Hvalfjarðarveg og Þingvallavegur í Mosfellsdal. Þá má einnig nefna tvöföldun Hvalfjarðarganga (Samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, 2019-2020).

Í ferðamálastefnu sem gefin var út árið 2024, Velkomin - Ferðamálastefna og aðgerðir til 2030, segir að mikið hefur verið fjárfest í innviðum í ferðaþjónustu undanfarin ár. Til að nýta þær fjárfestingar er mikilvægt að viðhald og þjónusta vegakerfisins taki mið af áfangastaðaáætlunum og þörfum ferðaþjónustunnar. Þá er upplýsingagjöf til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila um þjónustu vega, færð og ástand þeirra, vetrarþjónustu og viðhaldsframkvæmdir mikilvæg fyrir öryggi ferðamanna. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið. Í ferðamálastefnu er einnig sett markmið um að við skipulag og þróun almenningssamgangna um landið verði horft til þarfa ferðaþjónustunnar og aðgengis fyrir öll (Menningar- og viðskiptaráðuneyti, 2024).

| Helstu stærðir í gerð skipulags þar sem þjóðvegir koma við sögu*** | | |
|---|---|---|
| **Stærð** | **Gildi** | **Tilvísun** |
| Veghelgunarsvæði stofnvega | 30 m til beggja hliða frá miðlínu. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. | Vegalög nr. 80/2007. |
| Veghelgunarsvæði tengivega | 15 m til beggja hliða frá miðlínu. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. | Vegalög nr. 80/2007. |
| Veghelgunarsvæði gatnamóta | Beinar línur milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti*. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni. | Vegalög nr. 80/2007. |
| Mesta hljóðstig utan við húsvegg á jarðhæð og utan við opnanlega glugga | 35-55 db** | Reglugerð nr. 933/1999 og 1000/2005** |
| * Veghaldari getur, ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m. ** Sjá nánar í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 og reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005.***(VSÓ Ráðgjöf, 2014). | | |

### Skipulagsákvæði

- Leitast verði við að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar.
- Leita skal hagkvæmra lausna í samgöngum og stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi, samtengingu byggða innan héraðs og við nágrannasveitarfélög, m.a. vegna skólaaksturs, atvinnusóknar og ferðaþjónustu.
- Gætt skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og framkvæmdir skerði ekki að óþörfu gott landbúnaðarland (í flokki L1 og L2) eða svæði sem eru mikilvæg vegna náttúrufars.
- Bundið slitlag verði komið á alla stofn-, tengi- og héraðsvegi á skipulagstímabilinu.

- Stuðlað verði að betri almenningssamgögnum í samstarfi við nágrannasveitarfélög.
- Stuðlað verði að fjölbreyttum göngu-, reið- og reiðhjólaleiðum og, þær merktar og þeim vel við haldið.
- Við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir öruggum leiðum fyrir reiðhjólaumferð.
- Leitast verði við að samnýta núverandi vegtengingar við stofn- og tengivegi og nýjum tengingum við stofn- og tengivegi fjölgi sem minnst,
- Komið verði í veg fyrir utanvegaakstur m.a. með fræðslu og betri merkingum á leiðum.
- Gera skal ráð fyrir innviðum fyrir orkuskipti í samgöngum, svo sem hleðslustöðvum, í íbúðar- og frístundahverfum, á atvinnusvæðum og við stofnvegi.
- Um vegi, götur og stíga gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

### 7.2.1. STOFNVEGIR (VE-SV)

Samkvæmt 8. gr. Vegalaga nr. 80/2007 þá eru stofnvegir vegir sem tengja saman byggðir landsins. Við það vegakerfi sem þannig fæst skal tengja þéttbýlisstaði með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri. Vegasamgöngur og tengingar við nágrannabyggðarlög eru nokkuð góðar í sveitarfélaginu.

Brú yfir Laxá er einbreið og aðstæður ekki eins og best verður á kosið er kemur að umferðaröryggi. Gert er ráð fyrir að ráðist verði í breikkun brúarinnar og ráðstafanir til að bæta umferðaröryggi í nágrenni hennar.

| Stofnvegir (VE-SV) | | |
|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing** |
| 47 | Hvalfjarðarvegur | Liggur frá sýslumörkum við Botnsá að sveitarfélagsmörkum við Kiðafell. |

### 7.2.2.TENGIVEGIR (VE-TV)

Samkvæmt 8. gr. Vegalaga nr. 80/2007 eru tengivegir vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Áhersla skal lögð á að bæta öryggi vegfarenda með sérstaka áherslu á svæði þar sem farið er gegn um frístundabyggð, t.d. við Meðalfellsvatn.

| Tengivegir (VE-TV) | | |
|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing** |
| 48 | Kjósarskarðsvegur | Liggur frá sýslumörkum við Árnessýslu, vestur Kjós á Hvalfjarðarveg norðan Laxár. |
| 460 | Eyrarfjallsvegur | Liggur frá Hvalfjarðarvegi hjá Kiðafelli, um Miðdal og Eilífsdal, inn á Hvalfjarðarveg hjá Felli. |
| 461 | Meðalfellsvegur | Liggur frá Hvalfjarðarvegi norðan Skorár, með Meðalfellsvatni á Kjósarskarðsveg neðan Vindáshlíðar. |

### AÐRIR VEGIR (VE-AV)

#### HÉRAÐSVEGIR OG AÐRIR VEGIR

Samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, m. s. br. liggja héraðsvegir að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Ekki eru taldir upp héraðsvegir og aðrir vegir en þeir eru sýndir til skýringar á skipulagsuppdrætti.

## 7.2.3. GÖNGULEIÐIR (VE-GL)

Góðar gönguleiðir eru mikilvæg grunnþjónusta við íbúa og gesti á hverjum stað. Þær bjóða upp á valkost í ferðamáta og gefa kost á útivist, heilbrigðu líferni og samverustundum. Að auki gera þær íbúum og gestum kleift að fræðast um og upplifa náttúru, menningu og sögu svæðisins en helstu gönguleiðir eru gamlar þjóðleiðir.

Í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er fjallað um „Græna trefilinn" sem er samheiti fyrir skógræktar- og útivistarsvæði sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu. „Græni stígurinn" er samfelldur göngu- og hjólastígur sem liggur eftir græna treflinum og tengir öll sveitarfélögin saman. Í Kjósarhreppi liggur græni stígurinn meðfram Hvalfjarðarvegi inn í Laxvog og beygir þar inn í Laxárdal upp að Reynivöllum, þar sem hann tengist megingönguleið um sveitarfélagið, sjá mynd Mynd 18.

Mikilvægt er að merkja fjölbreyttar gönguleiðir og best ef þær geta tengst ferðaþjónustustöðum til að efla nýtingu þeirra. Hafa skal leiðbeiningar á vefsíðunni godarleidir.is til hliðsjónar við hönnun og framkvæmd stíga.

### Skipulagsákvæði

- Lögð er áhersla á almenna útivist.
- Gönguleiðum verði fjölgað, bæði styttri og lengri leiðum. Merktar verða fjölbreyttar gönguleiðir sem nýtast íbúum til útivistar og geta jafnframt verið grundvöllur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu.
- Lögð verði áhersla á að tengja íbúðar- og frístundasvæði með öruggum gönguleiðum og unnið að því að brúa ár og læki á gönguleiðum þar sem því verður við komið.
- Æskilegt er að hluti merktra gönguleiða tengist náttúru, sögu og menningu svæðisins.
- Stikaðar gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir verði notaðar til að efla umhverfisfræðslu.

| Nr. | Gönguleiðir | km |
|---|---|---|
| GL1 | Eyri 1 | 1,5 |
| GL2 | Eyri 2 | 1 |
| GL3 | Meðalfell | 4,7 |
| GL4 | Reynisvellir-Fossá | 4,1 |
| GL5 | Djúpidalur | 2,6 |
| GL6 | Vindás-Fossá | 8 |
| GL7 | Svínadalur | 7,3 |
| GL8 | Brynjudalur | 13,3 |
| | Samtals: | 42,5 |



Mynd 17. Kjósarskarðsvegur nr. 48 á góðviðrisdegi. Ljósmynd: Landmótun.

### 7.2.4. REIÐLEIÐIR (VE-RL)

Reiðleiðir fylgja gjarnan smalaleiðum eða gömlum þjóðleiðum. Meginreiðstígar eru jafnframt reiðleiðir innan byggðarinnar. Þessar leiðir eru mikið notaðar og eru mikilvægar fyrir viðgang og vöxt ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Framkvæmdaáætlun fyrir reiðvegagerð felur í sér forgangsröðun verkefna og er hún uppfærð reglulega. Unnið verður að því að aðskilja reiðstíga frá akandi umferð, eftir því sem unnt er. Þar sem reiðstígar liggja um einkalönd, er umferð jafnan háð leyfi landeigenda.

**Skipulagsákvæði**

- Meginreiðleiðir séu greiðfærar stærstan hluta ársins og malarbornar þar sem þess gerist þörf.
- Umferð hestamanna valdi ekki spjöllum á gróðurlendi, sögu- eða náttúruminjum.
- Uppbyggingu reiðstígakerfis verði haldið áfram, í samvinnu við hestamannafélög, landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.
- Reiðleiðir verði færðar frá þjóðvegum þar sem því verður við komið, til að bæta öryggi allra vegfarenda.
- Helstu reiðleiðir eru sýndar á skipulagsuppdrætti og á skýringaruppdrætti nr. 4 í viðauka.

| Nr. | Reiðleiðir | km |
|---|---|---|
| RL1 | Kvíakvammur | 1 |
| RL2 | Miðdalur | 8,9 |
| RL3 | Mýrar | 5,5 |
| RL4 | Eilífsdalur | 4,5 |
| RL5 | Meðalfellsvatn | 4 |
| RL6 | Meðalfell | 8,2 |
| RL7 | Laxá | 12,9 |
| RL8 | Svínadalur | 7 |
| RL9 | Svínaskarðsvegur | 9,8 |
| RL10 | Brynjudalur | 13 |
| RL11 | Gerðatangar | 4,1 |
| RL12 | Réttarholt | 1,1 |
| | Samtals: | 80 |




Mynd 18. Skýringarmynd úr svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 sem sýnir ýmsar útivistarleiðir um svæðið.

### 7.2.5. HJÓLALEIÐIR (VE-HL)

Hjólreiðar verða sífellt vinsælli bæði sem ferðamáti og sem hluti af daglegri hreyfingu og útivist íbúa. Mikil umferð hjólandi fólks er í Kjósarhreppi og eru hringleiðir vinsælar, t.d. um Kjósarskarðsveg, Meðalfellsveg og Hvalfjarðarveg. Stefnt er að uppbyggingu reiðhjólaleiða í sveitarfélaginu og að þær verði sem mest aðskildar frá akvegum. Til að byrja með er þó gert ráð fyrir að við uppbyggingu og endurbætur á vegum verði gert ráð fyrir breiðri vegöxl fyrir reiðhjólaumferð.

Leggjabrjótur hentar vel til fjallahjólreiða. Í Hjólabókinni, 3. bók, fyrir Suðvesturland eru sýndar nokkrar dagleiðir í hring á hjóli í hreppnum. Þær leiðir fylgja núverandi vegum og slóðum (Kristinsson, 2013).

**Skipulagsákvæði**

- Reiðhjólaleiðir í sveitarfélaginu verði kortlagðar í samvinnu við íbúa, landeigendur og almenning.
- Byggðar verði upp reiðhjólaleiðir um sveitarfélagið sem styðji við uppbyggingu ferðaþjónustu.
- Reiðhjólaleiðir verði aðskildar frá stofn- og tengivegum þar sem þess er kostur.

| Nr. | Hjólaleiðir | km |
|---|---|---|
| HL1 | Hvalfjarðarstrandarvegur | 30 |
| HL2 | Brynjudalur | 4,8 |
| | Samtals: | 34,8 |

### 7.2.6. ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Stefnt skal að tengingu Kjósar við leiðir sem fara um Kjalarnes til Höfuðborgarsvæðisins og á Vesturland.



Mynd 19. Rúta á ferð um Kjósarskarðsveg nr. 48. Ljósmynd: Landmótun.


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Vegir &
göngu-, hjólreiða- & reiðleiðir
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsvogur
Botnsdalur
Hvalfell
Þyrilsnes
Hvammsvík
Brynjudalsvogur
Múlafjall
Brynjudalur
Botnssúlur
Reynivallaháls
Laxvogur
Langiás
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
Laxárdalur
Eyrarfjall
Öxl
Meðalfell
Meðalfellsvatn
Kjósarheiði
Efri-Hjaltadalur
Kjölur
Búrfell
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Blikdalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Stíflisdals-
vatn
Esja
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Kistufell
SV47
HL1
HL2
GL1
GL2
GL3
GL4
GL5
GL6
GL7
GL8
RL2
RL3
RL4
RL5
RL6
RL7
RL8
RL9
RL10
RL11
RL12
TV48
TV460
TV461
0
2,5
5 km
Skýringar
Stofnvegur/stofnbraut
Tengivegur/tengibraut
Aðrir vegir
Gönguleið
Reiðleið
Hjólreiðaleið
LANDMÓTUN

### 7.2.7. VEGIR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá yfir vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil (sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007) og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Með vegaskránni verður til heildstæð skráning yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, með eða án takmarkana. Vegirnir eru skráðir í fjóra flokka eftir því hve greiðfærir þeir eru; F0 (greiðfær vegur), F1 (seinfær vegur), F2 (lakfær vegur) og F3 (torfær vegur).

Skráning vega í vegskrána felur ekki í sér ótakmarkaðan og óheftan aðgang, að vegir séu færir öllum vélknúnum farartækjum á öllum tímum ársins né ábyrgð sveitarfélagsins á viðhaldi vega. Vélknúin umferð er almennt ekki heimil nema með heimild landeiganda og/eða veghaldara. Virða skal allar lokanir eða takmarkanir á umferð um þá. Þrátt fyrir flokkun vega í náttúru Íslands er landeiganda ávallt heimil för um sitt heimaland s.s. vegna búskapar og annarrar landnýtingar. Með skráningunni fæst yfirsýn yfir þá vegi sem nýttir eru í sveitarfélaginu, í hvaða tilgangi og þær takmarkanir sem á þeim gilda.

**Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess:**

- Hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll.

- Hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Sveitarfélög skulu vinna að skrá um vegi í náttúru Íslands samhliða gerð nýs aðalskipulags. Við tillögugerðina skal hafa samráð við Umhverfis- og orkustofnun, önnur stjórnvöld þjóðgarða þar sem það á við, Vegagerðina, Land og skóg, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru og umhverfisverndar-samtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Vegir í náttúru Íslands hafa verið kortlagðir í samræmi við reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands og samkvæmt lögum um náttúruvernd og eru þeir sýndir á skýringaruppdrætti og í töflu hér að neðan. Hluti veganna eru sýndir á aðalskipulagsuppdrætti sem slóðar/aðrir vegir og eru þá eingöngu til skýringar.

Tafla 8. Flokkun vega í náttúru Íslands ásamt skilmálum.

| Vegir í náttúru Íslands | |
|---|---|
| **Nr.** | **Lýsing og ákvæði** |
| F0 | Greiðfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáatíð. |
| F1 | Seinfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Oftar lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáatíð. |
| F2 | Lakfærir vegir, færir fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð. |
| F3 | Torfærir vegir, einungis færir stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Getur verið ójafnir, grýttir og með bleytuíhlaupum. Breidd 4 m. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáatíð. |

| Flokkun vega í náttúru Íslands í Kjósarhreppi | | |
|---|---|---|
| **Fl.** | **Vegur** | **km** |
| F0 | Ingunnarstaðir - Hrísakot | 2 |
| F2 | Svínaskarðsvegur | 6 |

## 7.3. Veitur (VH)

*Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

**Skipulagsákvæði**

- Allir veituinnviðir í sveitarfélaginu stuðli að heilnæmu umhverfi og fullnægi þörfum nútímasamfélags og kröfum viðeigandi laga og reglugerða um heilbrigðis- og hollustuhætti.
- Öll byggð njóti nægjanlegs neysluvatns, vatns til húshitunar og uppbyggingar atvinnustarfsemi, viðurkenndrar fráveitu og öflugra rafmagns- og fjarskiptatenginga sem anni eftirspurn.
- Leitast skal við að nýta þá innviði sem fyrir eru við alla uppbyggingu.
- Jarðhitarannsóknum verði haldið áfram sem víðast í sveitarfélaginu og stefnt að því að öll íbúðar- og frístundahús geti tengst hitaveitu.
- Vatnsgæði verði tryggð, m.a. til matvælaframleiðslu. Vatnsból skulu vera afgirt og engar framkvæmdir sem geta ógnað vatnsverndarsvæðum leyfðar á grann- eða fjarsvæðum þeirra. Skráning vatnsbóla verði bætt.
- Sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa. Fráveitur verði í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 1450/2025.
- Frárennsli valdi ekki mengun jarðvegs, yfirborðs- eða grunnvatns. Ganga skal vel frá öllum lögnum og tryggja gott aðgengi til tæmingar rotþróa. Rotþrær séu að lágmarki 3.000 l.
- Í deiliskipulagi verði gerð grein fyrir fráveitukerfum og hvernig þau fullnægi kröfum laga og reglugerða þar að lútandi.
- Unnið er að úttekt á fráveitu- og regnvatnskerfum og tillögum til úrbóta, gerist þeirra þörf.
- Háspennulínur og allar nýjar og endurnýjaðar lagnir verði lagðar í jörð og leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum rafveitumannvirkja við endurnýjun og nýframkvæmdir.
- Þrífasa rafmagni verði komið á í öllu sveitarfélaginu.
- Uppbyggingu fjarskipta í sveitarfélaginu sem stuðlar að bættri þjónustu við íbúa og styrkir atvinnustarfsemi verði haldið áfram.
- Áreiðanlegt fjarskiptasamband verði á öllum vegum og ferðamannasvæðum og farsímasendum fjölgað þar sem þörf er á.
- Allir eigendur íbúðar- og frístundahúsa hafi kost á ljósleiðaratengingu.
- Um veitur gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

### 7.3.1. VATNSVEITA

Í aðalskipulagi Kjósarhrepps eru 35 vatnsból sýnd á uppdrætti, öll eru þau einkaveitur eða vatnsveitur sem þjóna nokkrum bæjum. Jarðlög eru víða gljúp sem gerir vatnsöflun erfiðari, þó eru kaldavatnsuppsprettur víða og er vatn tekið úr þeim.

Skv. reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 skulu vatnsból sem þjóna 50 manns eða fleiri eða 20 heimilum/sumarbústöðum eða fleiri hafa starfsleyfi.

Gerð er grein fyrir vatnsbólum og vatnsverndarsvæðum þeirra í kafla 8.4.

### 7.3.1. HITAVEITA

Lögð hefur verið hitaveita um sveitarfélagið, og ljósleiðarastrengur samhliða. Stofnlögn hitaveitu ásamt ljósleiðarastreng er sýnd á skipulagsuppdrætti. Yfir 90% íbúðarhúsa og um 70% frístundahúsa tengjast hitaveitu sveitarfélagsins, Kjósarveitum. Reynt verður að tengja alla þá aðila sem það kjósa við hitaveitu sveitarfélagsins.

### 7.3.1. FRÁVEITA

Samkvæmt lögum nr.9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni eru settar fram í reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólp.

**Staða fráveitumála í Kjósarhreppi**

Markvisst hefur verið unnið að því að finna, kortleggja og hnitsetja rotþrær í sveitarfélaginu síðan reglulegar rotþróarlosanir hófust.

Lögð er áhersla á að öll byggð í sveitarfélaginu sé tengd viðurkenndum fráveitum og stendur sveitarfélagið fyrir hreinsun þeirra. Náttúrufarslegar aðstæður og stærðir lóða ráða mestu um hvernig best er að útfæra fráveitur í dreifðum byggðum. Gert er ráð fyrir samveitum þar sem aðstæður leyfa. Þar sem lagning safnræsa þykir ekki álitlegur kostur, annað hvort vegna þess að það hefur ekki umhverfisbætandi áhrif eða það hefur í för með sér óhóflegan kostnað, skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel, sbr. 5. kafla reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 1450/2025. Um meðhöndlun seyru fer skv. 12. gr. reglugerðarinnar. Stór hluti sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá auk hverfisverndar við Laxá, Bugðu og Meðalfellsvatn. Á viðkvæmum svæðum, t.d. nálægt vatnsverndarsvæðum, svæðum sem njóta náttúruverndar eða þar sem grunnvatnsstaða er há, eru almennt gerðar meiri kröfur til hreinsibúnað-ar.

Gert er ráð fyrir að úttekt á fráveitu- og regnvatnskerfum ljúki á skipulagstímanum.

### 7.3.2. RAFVEITA

RARIK er dreifingaraðili raforku í sveitarfélaginu og eru allir bæir tengdir dreifikerfinu. Frá Geithálsi að Brennimel liggur 220 kV háspennulína. Enn er einfasa rafmagn í Brynjudal.

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 ber sveitarstjórnum að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun. Í gildi er Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034. Meginhlutverk kerfisáætlunar er að gera grein fyrir þeirri uppbyggingu og endurnýjun sem er í forgangi á hverjum tíma. Í kerfisáætlun kemur fram að loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á líftíma lína og geta aukið náttúruvá. Í áætluninni er að finna uppfærslur og nýbyggingar á 220 kV línulögnum sem munu mynda nýja kynslóð byggðalínu. Línurnar munu ná samfellt frá Suðurnesjum til Höfuðborgarsvæðis, til Hvalfjarðar og þaðan um Vesturland, Norðurland og austur að Fljótsdalsstöð. Brennimelslína 1 tengir saman 220 kV kerfin í Hvalfirði og á Höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur verið flöskuháls fyrir álagsaukningu á Grundartanga og stendur til að uppfæra hana á næstu árum. Endurnýjun eða styrking Brennimelslínu 1 á milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands er þannig á landtímaáætlun Landsnets fyrir árin 2026-2034 (Landsnet, 2025).

Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðis 2040 gerir ráð fyrir að Landsnet vinni að nýjum línum og flutningi eldri lína inn á skilgreint mannvirkjabelti þegar kemur að eðlilegri endurnýjun (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH, 2015).

Helgunarsvæði háspennulína er misbreitt en almennt gildir að því hærri spenna, því breiðara helgunarsvæði (Mynd 20). Helgunarsvæði jarðstrengja er að jafnaði mun minna en loftlína. Innan helgunarsvæðis háspennulína eru bygging mannvirkja, plöntun trjáa eða aðrar framkvæmdir óheimilar nema í samráði við Landsnet.

Háspennulínur, með 66 kV flutningsgetu eða meira, eru matsskyldar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Raflínur 33 kV eða meira, hvort heldur er um jarðstrengi eða loftlínur að ræða eru framkvæmdaleyfisskyldar og eftir atvikum tilkynningarskyldar s.s. á verndarsvæðum.

| Háspennulínur | | |
|---|---|---|
| **Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** |
| Brennimelslína 1 | 220 kV háspennulína Landsnets, liggur frá Geithálsi að Brennimel í Hvalfirði. | Gert er ráð fyrir styrkingu línunnar. Landsnet fer með málefni sem línuna varða. |

Skipulagsáætlunin staðfestir núverandi flutningskerfi Landsnets og dreifikerfi RARIK. Stofnlínur og strengir 66 kV og stærri eru sýndir á skipulagsuppdráttum.




Mynd 20. Dæmigerð lágmarksbreidd byggingarbanns við háspennulínu (Landsnet).

### 7.3.3. FJARSKIPTI

Samkvæmt nýjum fjarskiptalögum nr. 70/2022 skal ráðherra leggja fram þingsályktunartillögu um fjarskiptaáætlun á fjögurra ára fresti þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu tólf árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Einnig er markmið laganna virkari samkeppni, hagkvæmari fjárfestingar, útbreiðsla háhraðaneta, ljósleiðara og aðgengi notenda að hágæða fjarskiptaþjónustu á viðráðanlegu verði. Á þetta við um allt land og eru auknir samkeppnishvatar, samnýting og samstarf mikilvæg fyrir íslenskt samfélag.

Þingsályktun um fjarskiptaáætlun var síðast samþykkt fyrir árin 2019-2023, og gerði ráð fyrir að öryggi fjarskiptakerfa á landsvísu, útbreðsla og afköst yrðu tryggð. Einnig að settar yrðu fram tillögur að úrbótum sem greiði fyrir endurnýjun og uppbyggingu ljósleiðarastofn- og aðgangsneta um land allt (Alþingi, 2011). Lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið er lokið.

Við bæinn Þúfu er endurvarpsstöð fyrir farsíma. Á Skálafelli er endurvarpsstöð fyrir sjónvarp og farsíma. Gert er ráð fyrir að farsímasambandi verði komið upp fyrir allar meginleiðir og helstu ferðamannasvæði, eftir því sem þarf. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi vegna nýrra fjarskiptamastra, sbr. kafla 6.3. Stakar framkvæmdir.

Samhliða lagningu hitaveitu var lagður ljósleiðari um sveitarfélagið, á þá bæi og frístundahús sem það vildu.


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Veituinnviðir
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsvogur
Botnsdalur
Hvalfell
Þyrilsnes
Hvammsvík
Brynjudalsvogur
Múlafjall
Reynivallaháls
Brynjudalur
Botnssúlur
Laxvogur
Laxárdalur
Langiás
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
Eyrarfjall
Meðalfell
Brennimelslína 1
Kjósarheiði
Öxl
Meðalfellsvatn
Efri-Hjaltadalur
Kjölur
Búrfell
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Blikdalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Stíflisdals-vatn
Esja
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Kistufell
0
2,5
5 km
Skýringar
Ljósleiðari
Rafveita, loftlína
Rafveita, neðanjarðar
Hitaveita
Vatnsveita
Kjósarhreppur
LANDMÓTUN

# 8. VATN, VERND OG VÁ

## *Markmið*

*Landnotkun stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi og verndun og varðveislu sögu-, náttúru- og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða.*

*Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna og staðinn vörður um verndarsvæði og líffræðilegan fjölbreytileika náttúrunnar.*

*Lítt raskað votlendi verði varðveitt og votlendi endurheimt þar sem því verður við komið.*

*Íbúar og gestir hafi öruggt aðgengi að fjölbreyttri náttúru og náttúruminjum svæðisins án þess að umhverfið bíði skaða af.*

*Öryggi allra íbúa og gesta sveitarfélagsins verði ávallt tryggt og uppfærðar viðbragðsáætlanir séu ávallt í gildi.*

Skipulagsáætlanir geta haft mikil áhrif á umhverfið, bæði jákvæð og neikvæð, og sjálfbærnisjónarmið eru mikilvæg við mótun stefnu í öllum málaflokkum. Verndun fornleifa, gamalla húsa og náttúrunnar eru allt greinar af sama meiði, viðbrögð við þeim miklu breytingum sem hafa orðið á því umhverfi sem við lifum og hrærumst í og þeim væntingum sem fólk hefur til lífsgæða og samfélagsins til framtíðar. Hjá sívaxandi hluta fólks hafa tengsl við náttúruna og fortíðina alveg rofnað (Vésteinsson, 2020). Umhverfisleg gæði, s.s. hreint loft, vatn og jarðvegur, heilbrigð vistkerfi, líffræðilegur fjölbreytileiki og óspillt náttúra eru verðmæti sem stuðla að velferð og lífsgæðum fólks og undirstaðan að sjálfbæru samfélagi í nútíð og framtíð. Þessi gæði eru ómetanleg fyrir samfélagið og velferð þess til lengri tíma og mikilvægt er að standa vörð um þau. Tryggja verður heilnæmt og öruggt umhverfi með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatns- og fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Loftslagsbreytingar breyta náttúrufari og lífsskilyrðum fólks með vaxandi áskorunum fyrir efnahag, samfélag og náttúru. Til að þær áskoranir verði viðráðanlegar þarf að gera breytingar á lífsháttum og umgengni við náttúruna og þar gegna stjórnvöld, stefnumótendur og atvinnulíf lykilhlutverki. Draga þarf úr losun eins skjótt og unnt er og gera samfélagið betur í stakk búið til að ráða við álagið. Loftslagsvá er viðfangsefni samfélagsins alls og forðast þarf værukærð gagnvart vandanum (Björnsson, et al., 2023). Loftslagsaðlögun og seigla samfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga snertir alla málaflokka aðalskipulags og samfélagið allt og skal vera leiðarljós í öllu skipulagi.

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*C.4: Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns.*



Tafla 9. Laxá í Kjós. Ljósmynd: Landmótun.

# VATN

## 8.1. Vötn, ár og sjór (V)

*Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Vötn, ár og sjór eru sýnd á skipulagsuppdrætti innan netlaga, þ.e. innan við 115 m frá stórstraumsfjöruborði.

Fjölmargar framkvæmdir geta haft áhrif á vatn, svo sem virkjanir, skógrækt, vatnstaka, efnistaka, fráveita og vegagerð. Skv. 56. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 nýtur bakkagróður verndar. Þar segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Meðalfellsvatn er í alfaraleið í Kjós og er eitt helsta kennileiti Kjósarhrepps. Mikilvægar laxveiðiár eru í Kjós og einnig er silungsveiði víða að finna. Laxá í Kjós og Bugða eru meðal bestu laxveiðiáa landsins. Bugða rennur úr Meðalfellsvatni og lax gengur upp í það auk þess sem þar veiðist bleikja og urriði. Einnig er veiði í Dælisá, Kiðafellsá og Brynjudalsá. Veiðihagsmunir eru því miklir. Um heimild til mannvirkjagerðar í og við veiðivötn fer skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, þar sem segir: „Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu. Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt skipulagslögum og lögum um mannvirki og reglum settum samkvæmt þeim.“

Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til Fiskistofu um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi Fiskistofu skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.“

### Skipulagsákvæði

- Gæta skal að umgengni við vötn, ár og sjó í samræmi við lög þar að lútandi, s.s. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, og tryggja að vatnsgæði rýrni ekki.
- Við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins, í samræmni við 62. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- Tryggja skal umgengnisrétt almennings og ekki skal byggja nær vatnsborði en 50 m, þó með þeim undantekningum sem gerðar eru í skipulagsreglugerð.
- Framkvæmdir í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka þess, kunna að vera háðar leyfi Fiskistofu sbr. 33. gr. lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
- Stuðlað skal að verndun umhverfis og lífríkis fallvatna, m.a. til að efla fiskgengd.
- Um vötn, ár og sjó gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

| Vötn, ár og sjór (V) | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing** | **ha** |
| V1 | Vötn og ár | Vötn innan Kjósarhrepps. Aðeins er sett auðkenni á stærstu vötnin og árnar. Um þau gilda almenn skipulagsákvæði | 300 |
| | | **Samtals:** | **300** |

## 8.2. Strandsvæði (ST)

*Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Skipulagsákvarðanir sem teknar eru í dag geta haft áhrif á byggð og innviði til hundruða ára og því verður að taka tillit til komandi sjávarstöðubreytinga á þessari öld og þeirri næstu við skipulagsákvarðanir (Björnsson, et al., 2023). Eitt af 9 lykilviðfangsefnum landsskipulagsstefnu er skipulag haf- og strandsvæða. Gert er ráð fyrir að skipulag skapi aðstæður fyrir nýtingu svæða en jafnframt verði mikilvægum auðlindum og líffræðilegri fjölbreytni hafsvæða viðhaldið og staðinn vörður um vistkerfi og ástand sjávar. Mengun frá fiskeldi í sjó getur haft áhrif á ástand strandsjávar og nýtingu auðlinda hans og notagildi til útivistar og ferðamennsku. Eldi laxa í sjókvíum er óheimilt í Hvalfirði ekki síst vegna hættu á skaðlegum áhrifum á lífríki Laxár (Landbúnaðarráðuneytið, 2004). Í sjó verður ekki heimilað fiskeldi eða önnur starfsemi sem ógnað getur lífríkinu, þ.á.m. villtum fiskistofnum s.s laxastofnum. Laxvogur er á náttúruminjaskrá og vistkerfið er viðkvæmt fyrir röskun af völdum mengunar og þar er fjölbreytt fuglalíf.

Fjörur gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar og lands og henta oft vel sem útivistarsvæði. Lífríki fjörunnar leggst ekki í dvala að vetri líkt og lífríki á landi, fuglar og ýmis landdýr sækja fæðu í fjörur og þar getur verið mikið líf allan ársins hring. Meðfram strandlengju Kjósarhrepps finnast fjölbreyttar fjörugerðir, s.s. sandfjörur, grýttar fjörur, þangfjörur og leirur. Í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins 2040 er fjallað um *Bláþráðinn* en það er strandlengja höfuðborgarsvæðisins sem skírskotar til þess að möguleikinn á stíg meðfram strandlengjunni hangir á bláþræði á nokkrum stöðum af ýmsum ástæðum, s.s. vegna staðhátta eða eignarhalds. Miðað er við að strandlengjan verði gerð eins aðgengileg og kostur er og hugað verði að samfelldum hjóla- og göngustíg, fjölbreyttri útivistaraðstöðu og áningarstöðum meðfram henni. Í Kjósinni liggur Bláþráðurinn meðfram strandlengjunni frá sveitarfélagsmörkum í suðri inn í Laxvog. Í aðalskipulaginu eru afmörkuð þrjú strandsvæði þar sem aðgengi er gott og svæðin henta vel til útivistar. Eitt þeirra er innan *Bláþráðarins*, þ.e. Hvalfjarðareyri. Í öllum tilfellum er um að ræða fjörusvæði, kletta eða lítt gróin sandsvæði sem eru tilvalin til útivistar. Mikið fuglalíf er í fjörunni og fjölbreyttur fjörugróður. Öll svæðin eru á náttúruminjaskrá. Svæðin eru aðgengileg en bæta gæti þurft aðgengi í samráði við landeigendur. Heimilt er, að undangengnu deiliskipulagi eða eftir atvikum grenndarkynningu, að bæta aðstöðu til útivistar, sbr. kafla 5.3. *Stakar framkvæmdir*. T.d. er heimilt að koma fyrir upplýsingaskiltum og eftir atvikum byggja þjónustuhús (≤20 $m^2$) sem getur t.d. verið snyrtiaðstaða og/eða aðstaða fyrir eftirlitsaðila.

Markmiðið er að ósnortnum strandsvæðum í Hvalfirði verði haldið þannig til framtíðar, að almenningi verði tryggður aðgangur að strandsvæðum að svo miklu leyti sem lög og reglugerðir heimila og að mengandi starfsemi verði á undanhaldi og mengunarvarnir verði með því besta sem þekkist í heiminum. Hvalfjörður er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og er tilnefndur á Náttúruminjaskrá (B-hluta) vegna fjöruvistgerða, fugla og sela (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025).

Ekki er í gildi strandsvæðisskipulag fyrir Hvalfjörð.

***Landsskipulagsstefna 2024 – 2038***

*C.5: Skipulag haf- og strandsvæða skapi grundvöll fyrir fjölbreytta nýtingu jafnframt því sem viðhaldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við Ísland og tekið tillit til öryggis sjófarenda.*

### Skipulagsákvæði

- Lögð skal áhersla á verndun strandlengjunnar, fjörur séu hreinar og aðgengilegar og mannvirkjagerð haldið í lágmarki.
- Framkvæmdir á og við strandlengju skulu deiliskipulagðar og tekið tillit tekið til vistkerfa, útivistarmöguleika og minja.
- Stuðlað skal að viðhaldi vistkerfa og sjálfbærri nýtingu auðlinda.
- Komið verði fyrir upplýsingaskiltum með fróðleik og umgengnisreglum á viðkvæmum strandsvæðum.
- Við skipulag á haf- og strandsvæðum verði tekið tillit til náttúruvár og hækkun sjávarstöðu.
- Laxeldi í sjókvíum er óheimilt í Hvalfirði.
- Um strandsvæði gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

| **Strandsvæði (ST)** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| ST1 | Hvalfjarðar -eyri | Strandlengja og sandsvæði á eyrinni. Nokkrar jarðir | Ekki er heimilt að hindra umferð og aðgengi almennings um svæðið meðfram vatninu. | 37,9 |
| ST2 | Búðasandur / Maríuhöfn | Strandlengja og flatlent svæði í voginum. Maríuhöfn er sunnan til á svæðinu. Jarðirnar Háls og Neðri Háls | Ekki er heimilt að hindra umferð og aðgengi almennings um svæðið meðfram vatninu. | 6,6 |
| ST3 | Brynjudals-vogur | Strandlengja og ós Brynjudalsár. Jarðirnar Skorhagi og Þrándarstaðir | Ekki er heimilt að hindra umferð og aðgengi almennings um svæðið meðfram vatninu. | 13,1 |
| ST4 | Meðalfells-vatn | Strandlengja Meðalfellsvatns. | Ekki er heimilt að hindra umferð og aðgengi almennings um svæðið meðfram vatninu. | 211,9 |
| Samtals: | | | | 269,5 |

## 8.3. Vatnsvernd á strandsvæðum, við ár, vötn og sjó (VS)

*Svæði þar sem langtímamarkmið um ástand vatns hefur verið skilgreint samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns og svæði sem njóta heildstæðrar verndar samkvæmt sérlögum.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Vötn njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 ef þau eru 1.000 $m^2$ eða stærri. Mörk aðalskipulags ná 115 m út fyrir stórstraumsfjöru (netlög).

Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun af mannavöldum skulu heilbrigðisnefndir flokka allt yfirborðsvatn og grunnvatn í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um mengun vatns og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn. Vatnasvæðum skal skipt í fimm flokka, A-E, í samræmi við reglugerð um mengun vatns. Einnig skulu höfð til hliðsjónar ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem og vatnaáætlun 2022-2027 (Umhverfisstofnun, 2022), sem felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd.

**Um vatnasvæði gilda eftirtalin ákvæði til varnar mengun:**

- Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki A, ósnortið vatn, sbr. skilgreiningu í 9. og 10. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.
- Stefnt er að því að allar ár, lækir, vötn og tjarnir verði í flokki A. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa útivistargildi.
- Öll byggð skal nota viðurkenndar rotþrær með tveggja þrepa hreinsibúnaði.
- Stefnt er að því að sveitarstjórn í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfis- og orkustofnun, meti ástand vatnasvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

Almenn skilyrði skipulagsreglugerðar gilda um að tryggja skuli umferð almennings meðfram ám, vötnum og sjó. Við afmörkun lóða í dreifbýli skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.

### Vatnshlot innan Kjósarhrepps

Vatnshlot eru grunneiningar og forsenda allrar stjórnunar vatnamála. Öllu vatni (yfirborðs- og grunnvatni) er skipt upp í vatnshlot á landfræðilegum og vatnafræðilegum forsendum. Skiptingin er óháð stjórnsýslumörkum því vatn getur t.d. runnið í gegnum fleiri en eitt sveitarfélag á leið sinni til sjávar. Í samræmi við vatnatilskipun og lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 skal yfirborðs- og grunnvatn flokkað í svokölluð vatnshlot og eiginleikar og ástand þeirra metið með það að markmiði að tryggja verndun vatns og vistkerfa þess innan sveitarfélagsins, sbr. reglugerð 935/2011 um um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun 2022-2027. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011, skulu öll vatnshlot vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) og gerð er krafa um að athafnir mannsins rýri ekki vatnsgæði vatnshlota. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Öll vatnshlot skulu uppfylla þessi umhverfismarkmið og starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái þeim ekki.

| Flokkar vatnasvæða | |
|---|---|
| A | Ósnortið vatn |
| B | Lítið snortið vatn |
| C | Nokkuð snortið vatn |
| D | Verulega snortið vatn |
| E | Ófullnægjandi vatn |

Í Kjósarhreppi eru 27 vatnshlot. Vistfræðilegt umhverfismarkmið fyrir 22 þeirra er mjög gott, gott fyrir eitt og efnafræðilegt umhverfismarkmið er gott fyrir 23 vatnshlot. Vistfræðilegt ástand 22 vatnshlota er mjög gott en ástand eins er óflokkað. Efnafræðilegt ástand allra vatnshlota er óþekkt

(Umhverfisstofnun, 2025). Rétt er að hafa í huga að flokkun þessi byggir á álagsgreiningu og er áreiðanleiki flokkunarinnar því lítill og krefst frekari staðfestingar. Ef fyrirhuguð starfsemi eða framkvæmdir kunna að hafa áhrif á vatnshlot er skylt skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 að vinna mat á umfangi þeirra áhrifa, *áhrifamat fyrir vatnshlot*, og er bent á leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um gerð slíks mats, (Umhverfisstofnun, 2024). Umhverfismatsskyldar framkvæmdir þarf einnig að áhrifameta, kunni þær að hafa áhrif á vatn.

Strandsjó við Ísland er skipt í vatnshlot í samræmi við reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Strandsjór er yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er einni sjómílu utan grunnlínu landhelginnar og nær inn að ytri mörkum árósavatns.

### Skipulagsákvæði

- Mengun í ferskvatni verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki óæskileg áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
- Frárennslismál séu ávallt í lagi og vatnsgæði í ám, vötnum og sjó til fyrirmyndar.
- Notkun og losun efna og efnavöru ógni ekki heilsu manna né umhverfi.
- Við skipulagsákvarðanir verði litið til álags á vatnshlot vegna uppbyggingar mannvirkja, iðnaðar og landbúnaðar, sér í lagi þegar ræðir um stórnotendur vatns. Stefnt skal að því að koma í veg fyrir rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnshlota sem eru undir álagi.
- Stefnt verði að því að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands í samráði við sveitarfélagið, flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og notkunar áburðarefna.

| Vatnshlot í Kjósarhreppi | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Vatnshlotanr. (ID)** | **Heiti** | **Sveitarfélag** | **Vistfræðilegt ástand** | **Efnafræðilegt ástand** |
| 104-1236-C | Hvalfjarðarbotn | Kjósarhreppur, Hvalfjarðarsveit | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-1237-C | Laxárvogur | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-176-R | Brynjudalsá 2 | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-177-R | Þverá í Brynjudalsá | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-178-R | Fossá | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-180-R | Brynjudalsá 1 | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-2240-L | Myrkavatn | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-319-L | Meðalfellsvatn | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-325-L | Sandvatn | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-533-R | Flökkudalsá | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| | | | | |
| 104-612-R | Öxará 2 | Kjósarhreppur, Bláskógabyggð | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-741-R | Galtargil | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-745-R | Bugða | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-746-R | Laxá 1 | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-762-R | Dælisá | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-766-R | Þverá | Kjósarhreppur, Bláskógabyggð | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-769-R | Svínadalsá | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-772-R | Sandsá | Kjósarhreppur | Mjög gott | Óþekkt |
| 104-797-R | Laxá 2 | Kjósarhreppur, Bláskógabyggð | Mjög gott | Óþekkt |

## 8.4. Vatnsból (VB) og vatnsvernd vatnsbóla (VG/VF)

*Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar (VB).*

*Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

### Skilmálar vatnsverndar

Samkvæmt reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m. s.br. skal ákvarða verndarsvæði umhverfis hvert vatnsból sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkana skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu. Eftirfarandi gildir um brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði:

**Brunnsvæði (VB)** er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

**Grannsvæði (VG)** Á grannsvæði er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín, og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

**Fjarsvæði (VF)** er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða. Á fjarsvæði vatnsbóla þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal gæta fyllstu varúðar við meðferð efna sem talin eru upp hér að ofan. Stærri geymslur fyrir slík efni eru óheimilar á fjarsvæðum. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

### Skipulagsákvæði

- Staðinn verði vörður um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi og vatnsgæði verði ávallt til fyrirmyndar.
- Vatnsból verði afgirt þar sem þörf krefur og engar framkvæmdir eða umferð sem gætu ógnað vatnsverndarsvæðum verði leyfðar á grann- né fjarsvæðum þeirra.

| Vatnsvernd | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing & ákvæði** | **ha** |
| VB1 | Galtargil | Í landi Eyrar – þjónar Lækjarbraut og Harðbala. | 0,5 |
| VG1 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 5,4 |
| VF1 | | | 205,3 |
| VB2 | Ásgarður | Í landi Valdastaða – þjónar Ásgarði, Félagsgarði, veiðihúsi Laxár. | 0,5 |
| VG2 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 4,5 |
| VF2 | | | 24,7 |
| VB3 | Neðri-Háls | Þjónar Neðri – Háls jörðinni. | 0,5 |
| VG3 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 4,8 |
| VF3 | | | 51,6 |
| VB4 | Valdastaðir | Þjónar Valdastaðajörðinni. | 0,5 |
| VG4 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 4,3 |
| VF4 | | | 34,4 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| VB5 | Káraneskot | Þjónar þrem nálægum jörðum. | 0,5 |
| VG5 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 0,8 |
| VF5 | | | 21,9 |
| VB6 | Meðalfell | Þjónar Meðalfellsjörðinni og frístundasvæðum. | 0,5 |
| VG6 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 2,4 |
| VF6 | | | 6,1 |
| VB7 | Þorláksstaðir | Þjónar Þorláksjörðinni. | 0,5 |
| VG7 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 3,4 |
| VF7 | | | 34,5 |
| VB8 | Kaffi-Kjós | Þjónar veitingarekstri. | 0,5 |
| VG8 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 3,7 |
| VF8 | | | 60,2 |
| VB9 | Eyjar II | Þjónar Eyjum II. | 0,5 |
| VG9 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 3,1 |
| VF9 | | | 56,9 |
| VB10 | Eyjar I | Þjónar Eyjajörðinni og frístundabyggð. | 0,5 |
| VG10 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 2,5 |
| VF10 | | | 56,6 |
| VB11 | Grjóteyri | Þjónar Stekkjarhól og Grjóteyri. | 0,5 |
| VG11 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 5,2 |
| VF11 | | | 11,4 |
| VB12 | Miðdalur | Þjónar Miðdalsjörðinni. | 0,5 |
| VG12 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 6,9 |
| VF12 | | | 31,9 |
| VB13 | Þúfukot | Þjónar Þúfukoti og frístundasvæði. | 0,5 |
| VG13 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 4,1 |
| VF13 | | | 32 |
| VB14 | Hvammsvík | Þjónar frístunda- og ferðaþjónustusvæði í landi Hvammsvíkur. | 0,5 |
| VG14 | | | 3,5 |
| VF14 | | | 19 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | |
| VB15 | Vindáshlíð | Þjónar sumardvalaheimili KFUM / KFUK í Vindáshlíð | 0,5 |
| VG15 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 8,4 |
| VF15 | | | 9,8 |
| VB16 | Norðurnes | Í landi Möðruvalla - þjónar nálægum frístundabyggðum. | 0,5 |
| VG16 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 4,1 |
| VF16 | | | 21,6 |
| VB17 | Kiðafell | Þjónar Kiðafellsjörðinni. | 0,5 |
| VG17 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 7,5 |
| VF17 | | | 10 |
| VB18 | Eilífsdalur | Þjónar býli / íbúðarsvæðum. | 0,5 |
| VG18 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 8,7 |
| VF18 | | | 18,6 |
| VB19 | Háls I | Þjónar Hálsjörðinni. | 0,5 |
| VG19 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 4,3 |
| VF3 | | | 51,6 |
| VB20 | Háls | Þjónar íbúðarhúsum utan við Háls. | 0,5 |
| VG20 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 4,5 |
| VF3 | | | 51,6 |
| VB21 | Grímsstaðir | Þjónar Grímsstaðajörðinni. | 0,5 |
| VG21 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 8 |
| VF21 | | | 36,2 |
| VB22 | Eilífsdalur | Þjónar frístundabyggð við Meðalfell. | 0,5 |
| VG22 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 7,7 |
| VF22 | | | 7,4 |
| VB23 | Fell | Þjónar Fellsjörðinni. | 0,5 |
| VG23 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 3,2 |
| VF23 | | | 10,1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| VB24 | Hjalli | Þjónar ferðaþjónustunni Hjalla. | 0,5 |
| VG24 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 1,9 |
| VF24 | | | 5,8 |
| VB25 | Möðru-vellir 1 | Þjónar frístundasvæðum í Norðurnesi. | 0,5 |
| VG25 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 24,9 |
| VF25 | | | 69,6 |
| VB26 | Hálsland | Þjónar frístundasvæði í Hálslandi. | 0,3 |
| VG26 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 7 |
| VF26 | | | 38,9 |
| VB27 | Hvamms-endi | Þjónar frístundasvæði Hvammsenda. | 0,1 |
| VG27 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 14,3 |
| VF26 | | | 38,9 |
| VB28 | Eyrarbyggð | Í landi Eyrar. Þjónar Eyrarbyggð. | 0,5 |
| VG28 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 5,2 |
| VF1 | | | 205,3 |
| VB29 | Eyri | Þjónar verslunar og þjónustusvæði við Eyri og nálægum byggingum | 0,5 |
| VG29 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 3,9 |
| VF1 | | | 205,3 |
| VB30 | Eyjatún | Þjónar frístundasvæði í landi Eyja I | 0,5 |
| VG30 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 3,6 |
| VF30 | | | 60,2 |
| VB31 | Hvítanes | Þjónar Hvítanesi. | 0,5 |
| VG31 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 3,3 |
| VF31 | | | 7,7 |
| VB32 | Miðdalur | Vatnsból fyrir láglendi og bústaði á jörðinni. | 0,5 |
| VG32 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 7,2 |
| VF32 | | | 20,1 |
| VB33 | Þúfa 1 | Þjónar Þúfu. | 0,5 |
| VG33 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 14,5 |
| VF13 | | | 32 |
| VB34 | Þúfa 2 | Þjónar Þúfu. | 0,5 |
| VG33 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 14,5 |
| VF13 | | | 32 |
| VB35 | Grjóteyrar-tangi | Þjónar Grjóteyrartanga sunnan Flekkudalsár, alls 14 bústöðum. Vatnsbrunnur frá 1970 undir berginu við Berjaland. | 0,5 |
| VG35 | | | 0,7 |
| VF35 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 15,5 |
| VB36 | Hvamms-endi | Þjónar frístundabyggð F42. | 0,5 |
| VG36 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 5 |
| VF26 | | | 38,9 |
| VB37 | Norðurnes-Trönudalsá | Þjónar frístundasvæðum í Norðurnesi. | 0,5 |
| VG25 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 24,9 |
| VF25 | | | 69,6 |
| VB38 | Hvammsvík | Þjónar frístunda- og ferðaþjónustusvæði í landi Hvammsvíkur. | 0,5 |
| VG27 | | Um grann- og fjarsvæði vatnsverndar gilda takmarkanir í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br. | 14,3 |
| VF26 | | | 38,9 |


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Vatnsvernd - Vatnsból, grannsvæði og fjarsvæði
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsdalur
Hvalfell
Botnsvogur
Þyrilsnes
Múlafjall
Hvammsvík
Brynjudalsvogur
Brynjudalur
Botnssúlur
Reynivallaháls
Laxvogur
Laxárdalur
Langiás
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
Eyrarfjall
Öxl
Meðalfell
Meðalfellsvatn
Kjósarheiði
Efri-Hjaltadalur
Kjölur
Búrfell
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Hádegisfjall
Blikdalur
Kjósarskarð
Esja
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Stíflisdals-vatn
Kistufell
VB1
VB2
VB3
VB4
VB5
VB6
VB7
VB8
VB9
VB10
VB11
VB12
VB13
VB14
VB15
VB16
VB17
VB18
VB19
VB20
VB21
VB22
VB23
VB24
VB25
VB26
VB27
VB28
VB29
VB30
VB31
VB32
VB33
VB34
VB35
VB36
VB37
VB38
0
2,5
5 km
Skýringar
Vatnsból
Vatnsvernd fjarsvæði
Vatnsvernd grannsvæði
Stofnvegur/stofnbraut
Tengivegur/tengibraut
Kjósarhreppur
LANDMÓTUN

# VERND

## 8.5. Óbyggð svæði (ÓB)

*Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Allt land ofan 200 m y.s. er skilgreint sem óbyggð svæði og í miklum bratta geta óbyggð svæði náð niður í 100 m y.s. Meirihluti sveitarfélagsins er skilgreindur sem óbyggð svæði. Margar vinsælar göngu- og reiðleiðir liggja um svæðið, m.a. Leggjabrjótur og fjölmargar leiðir um Esjuna.

Gera skal grein fyrir mannvirkjum sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum í skipulagi. s.s. efnistöku, miðstöðvum fyrir ferðaþjónustu, raflínum, vegum og stígum. Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt. Ýmsar takmarkanir geta verið á landnotkun á óbyggðum svæðum, svo sem vegna náttúruvár, náttúruverndar, vatnsverndar og minjaverndar.

Í landsskipulagsstefnu segir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst, þannig að líffræðilegri fjölbreytni sé viðhaldið og verðmætar menningarminjar verndaðar (Alþingi, 2024).

### Skipulagsákvæði

- Stuðlað verði að sjálfbærri nýtingu beitilanda.
- Stuðlað verði að öryggi íbúa og gesta.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á óbyggðum svæðum en heimilt er að reisa stök mannvirki sbr. ákvæði í kafla 6.3 *Stakar framkvæmdir*, þ.m.t örvirkjanir til að sjá t.d. farsímasendum fyrir umhverfisvænni raforku.
- Á óbyggðum svæðum er uppgræðsla með innlendum og óágengum tegundum í smáum stíl heimil, s.s. skógrækt til skjóls og prýði og land-græðsla til landbóta. Einnig fyrirhleðslur og bakkavarnir.
- Um óbyggð svæði gilda ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag*.

| **Óbyggð svæði (ÓB)** | |
|---|---|
| **Nr./Svæði** | **Ákvæði** |
| **ÓB1**<br>Allt land yfir 200 m h.y.s. er skilgreint sem óbyggð svæði. | Svæðin eru ætluð til almennrar útivistar eða takmarkaðrar umferðar fólks. Almennt er ekki gert ráð fyrir skógrækt eða mannvirkjagerð. Á þessum svæðum má þó gera ráð fyrir neyðarskýlum, fjarskiptasendum og sambærilegum mannvirkjum. Einnig er leyfilegt að koma upp salernisaðstöðu (≤20 $m^2$) við upplýsingatorg og við bílastæði á áningarstöðum ferðamanna. Með umsókn um framkvæmdaleyfi skal fylgja afstöðumynd, útlitsteikning og lýsing á frágangi við vatnsöflun og frárennsli. Á óbyggðum svæðum er heimil landgræðsla í smáum stíl. Þá eru hefðbundnar landnytjar landeigenda, s.s. beit, veiðar og eftir atvikum minniháttar efnistaka til eigin nota heimilar á óbyggðum svæðum (þ.e. ≤500$m^3$, en hún er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins), nema þar sem svæði hafa verið friðuð fyrir beit eða aðrar takmarkanir gilda vegna hverfis- eða vatnsverndar. Varnir vegna náttúruvár eru heimilar. Veiði á afrétti er háð leyfi landeigenda. |
| **Stærð:** | **18.671,6 ha** |

## 8.6. Friðlýst svæði (FS)

*Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Flokkar friðlýstra svæða skv. VIII kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013 eru eftirfarandi:

- Náttúruvé
- Óbyggð víðerni
- Þjóðgarðar
- Náttúruvætti
- Friðlönd
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda
- Náttúruminjar í hafi
- Fólkvangar
- Friðlýsing svæða í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar
- Starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis
- Friðlýsing heilla vatnakerfa.

Samkvæmt náttúruverndarlögum skal umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra gefa út náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

**Náttúruminjaskrá skiptist í A-, B- og C-hluta:**

**A-hluti:** Skrá yfir friðlýst svæði flokkuð eftir friðlýsingarflokkum og friðaðar vistgerðir, vistkerfi og tegundir.

**B-hluti:** Framkvæmdaáætlun til fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

**C-hluti:** Skrá yfir aðrar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða.

Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðbreytileika og fjölbreytni landslags.

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*A.5: Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.*



Tafla 10. Esjan í snjókápu. Ljósmynd: Ólöf Ósk Guðmundsdóttir.

## Svæði á náttúruminjaskrá




Mynd 21. Kort af friðlýsta svæðinu Steðja (Umhverfisstofnun, 2025).

Eitt svæði í sveitarfélaginu er á **A-hluta náttúruminjaskrár**, þ.e. svæði sem hafa verið friðlýst skv. náttúruverndarlögum. Það er **Steðji (Staupasteinn)** sem er klettur sem stendur á hól er kallast Skeiðhóll við Hvammsfjall í Hvalfirði. Steðji var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1974 vegna sérkennilegrar lögunar sinnar. Friðlýsta svæðið er u.þ.b. 3,2 hektarar að stærð.

### Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Akstur er aðeins leyfður á vegi og afmörkuðu bílastæði.
2. Gangandi fólki er heimil dvöl á svæðinu, en bannað er að breyta náttúruvættinu á nokkurn hátt, eða skaða gróður umhverfis það. Góð umgengni áskilin.
3. Mannvirkjagerð og jarðrask við náttúruvættið er háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar.
4. Óheimilt er að eiga næturstað innan náttúrusvæðisins Steðja.

## Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Sveitarfélagsmörk Kjósarhrepps liggja að mörkum Þjóðgarðsins á Þingvöllum og er mikilvægt að hugað sé að notkun lands sem liggur að friðlýstum svæðum sem geti á einhvern hátt haft áhrif á þau. Samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: *„Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið að því við ákvörðun um veitingu leyfis.“*

## Skipulagsákvæði

- Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt, m.a. með fræðslu og miðlun upplýsinga til almennings um friðlýst svæði.
- Fræðsla og miðlun upplýsinga um friðlýst svæði verði efld til að auka þekkingu almennings á þeim og þannig stuðla að vernd þeirra og varðveislu til framtíðar.

| Friðlýst svæði | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr. / Heiti** | **Lýsing** | **Ákvæði** | **ha** |
| FS1 Steðji (Staupasteinn) | Sérkennilegur steinn (bjarg) á Skeiðhól í Hvalfirði. Friðlýstur sem náttúruvætti. | Friðlýst náttúruvætti. Um svæðið gilda sérstakar reglur. | 3,2 |

## 8.7. Önnur náttúruvernd (ÖN)

*Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 eru *Náttúruverndarsvæði skilgreind sem :*

a. Friðlýst svæði og afmörkuð búsvæði friðaðra tegunda sem vernduð eru skv. 1. mgr. 56. g.
b. Svæði og náttúrumyndanir á B- og C-hluta náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr.
c. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Samkvæmt 61. gr. náttúrurverndarlaga njóta tiltekin vistkerfi og jarðminjar sérstakrar verndar:

a. vistgerðirnar votlendi (s.s. hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar), stöðuvötn og tjarnir (≥1000m$^2$), sjávarfitjar og leirur.
b. Sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leyfar þeirra.
c. Jarðminjar á borð við eldvörp, eldhraun, gervigíga og hraunhella.
d. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.

Forðast ber röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst sé að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Er þá fyrst og fremst átt við brýna almannahagsmuni.

### Náttúruminjaskrá

Náttúruminjaskrá er skrá yfir friðlýst svæði á Íslandi og aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í Kjósarhreppi eru fjögur svæði á náttúruminjaskrá undir aðrar náttúruminjar (C-hluti, nr 134. 135. 136, 138). (Náttúruminjaskrá, 2024). Auk þess hefur Hvalfjörður verið tilnefndur á Náttúruminjaskrá (B-hluti) vegna fjöruvistgerða, fugla og sela (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025).

Samkvæmt 27. gr. náttúruverndarlaga ber að forðast að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á C-hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og náttúruverndarnefndar sveitarfélags nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.

Svæði á náttúruminjaskrá falla undir aðra náttúruvernd og eru sýnd á þemauppdrætti á bls. 99.

| Nr. | Önnur náttúruvernd |
|---|---|
| ÖN1 | **Laxvogur og Laxá í Kjós.** (nr. 134) (1) Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranessef og Hurðarbakssef. (2) Í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf. |
| ÖN2 | **Þórufoss, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu** (nr. 135)(1) Þórufoss í Laxá ásamt nánasta umhverfi. (2) Tilkomumikill foss í fögru gljúfri. Vinsæll áningarstaður |
| ÖN3 | **Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur (201)** (nr. 136), Kjósarhreppi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu. (1) Lönd Litla- og Stóra-Botns, Hrísakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi, svo og Brynjudal og Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. |

| | |
|---|---|
| | (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins, er í Botnsá. |
| ÖN4 | **Ósmelur og Hvalfjarðareyri, Kjósarhreppi, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu** (nr. 138) (1) Fjörur, sjávarlón, grunnsævi og strandlengja utan ræktaðs lands neðan þjóðvegar frá Norðurkoti inn að vík neðan við Eyrarkot. (2) Ósmelur er stór og fagur jökulgarður frá síðjökultíma. Meðfram ströndinni eru jarðlög með fornskeljum. Hvalfjarðareyri er fundarstaður baggalúta. Svæði í nánd við þéttbýli með mikið útivistar- og fræðslugildi. |

## 8.8. Minjavernd (MV)

*Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Markmið laga um menningarminjar nr. 80/2012 er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Til menningarminja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, t.d. fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo sem myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Fornminjar eru eru skv. lögunum annars vegar forngripir og hinsvegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir sem eru 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Fornleifar eru hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Samkvæmt lögum um menningarminjar skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi og deiliskipulagi. Árið 2008-1012 fór fram heildarskráning fornleifa í Kjósarhreppi. ( Hermannsdóttir, Lárusdóttir, Hreiðarsdóttir, Þórsdóttir, & Magnúsdóttir, 2008) (Guðmundsdóttir Beck , Fornleifaskráning í Kjósarhreppi II, 2010) (Guðmundsdóttir Beck & Guðnadóttir , Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III. I. bindi, 2012) (Guðmundsdóttir Beck & Guðnadótt, Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III. II bindi, 2012) Skráningin samræmist ekki núgildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu en gefur engu að síður góða mynd af þeim minjum sem finnast í sveitarfélaginu. Skrá skal fornleifar í tengslum við deiliskipulagsgerð og veitingu byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Allar fornleifar, 100 ára og eldri eru friðaðar og þeim má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Öll hús og mannvirki byggð 1923 eða fyrr eru friðuð og er óheimilt að raska þeim, spilla eða breyta, rífa eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Heimilt er að friðlýsa yngri minjar og hús og um það gilda strangari verndarákvæði. Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Friðlýstar minjar og hús eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Auk friðlýstra minja er fjöldi annarra fornminja á svæðinu sem eru verndaðar í flokki hverfis-verndar en allar fornminjar njóta friðunar skv. 3. gr. laganna. Þá eru stríðsminjar vegna veru hersins á Hvítanesi hverfisverndaðar.

Varðandi nánari umfjöllun um minjar er vísað í skýrslurnar *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I – III*.

## Skipulagsákvæði

- Vernda skal menningar- og búsetuminjar fyrir framkvæmdum, athöfnum og annarri nýtingu, svo sem mannvirkjagerð, skógrækt og ágangi búfjár. 100 m friðhelgunarsvæði friðlýstra fornminja og 15 m friðhelgunarsvæði annarra fornminja skal virt. Beina skal framkvæmdum og öðrum athöfnum sem geta skert gildi fornminja og minjaheilda frá minjastöðum eins og kostur er, en að öðrum kosti hafa samráð við Minjastofnun um tilhögun framkvæmda og mótvægisaðgerða. Leitast skal við að verja minjar vegna ágangs sjávar þegar það á við.
- Varðveita skal, eins og kostur er, byggingar sem hafa verndargildi. Vernda skal staði eða svæði sem tengjast merkum atburðum, þjóðsögum og þjóðháttum og mannvirki sem tengjast fornu verklagi eða tækni. Minjar um byggð og atvinnusögu og búskaparhætti skal varðveita.
- Ferðaþjónusta sem byggir á menningarminjum í sveitarfélaginu verði efld og leitast við að miðla upplýsingum til íbúa og gesta svæðisins um menningarsöguleg verðmæti með fjölbreyttum hætti. Þannig verði stuðlað að aukinni vitund fólks og bættri umgengni um þessi verðmæti. Slík verkefni verði unnin með aðilum í ferðaþjónustu.
- Leitast skal við að merkja fornleifar fyrir umhverfisfræðslu og til að fyrirbyggja rask þeirra.
- Fornleifaskráning skal fara fram áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir, í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Skv. 21. gr laga um menningarminjar skulu eigendur og ábúendur jarða hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

### 8.8.1.

### 8.8.2. FRIÐLÝSTAR FORNMINJAR

Friðlýstar fornminjar eru auðkenndar á skipulagsuppdrætti.

| Friðlýstar minjar | | |
|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing & ákvæði** |
| MV1 | Orrustuhóll | Þjóðsaga, legstaður. Í Kjalnesingasögu segir frá orrustu við Orrustuhól. Friðlýstur árið 1962. Skráningarnúmer: GK334:031. |
| MV2 | Hálsbúðir | Búðarústir frá fornum verslunarstað hjá Búðasandi. Friðlýst árið 1975. GK352:012 |
| MV3 | Fossá | Fjárrétt hlaðin úr grjóti í landi Fossár. Friðlýst árið 1972. GK356:032 |
| MV4 | Gullhlaðsvellir | Forn rúst, er nefnist Gullhlaðsvellir, sunnan við Brynjudalsá innan við Þrándarstaði. Friðlýst árið 1930. GK359:010 |



### 8.8.3. FRIÐLÝST HÚS

Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja. Óheimilt að gera nokkrar breytingar á friðlýstum og

friðuðum húsum eða mannvirkjum án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.

Eftirfarandi hús í sveitarfélaginu eru friðlýst og um þau gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012:

| **Friðlýst hús og mannvirki** | | |
|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing & ákvæði** |
| MV5 | Vindáshlíðar-kirkja | Friðlýst timburhús reist 1878 á Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Flutt að Vindáshlíð 1957 og kór reistur við kirkjuna og innri gerð breytt verulega. Friðuð 1990. |
| MV6 | Reynivalla-kirkja | Friðlýst timburhús. Forkirkja reist 1951-1953 og kirkjan lengd 1959. Friðuð 1990. |

### 8.8.4. FRIÐUÐ HÚS

Samkvæmt 29. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, eru öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Þá eru framkvæmdir við hús og mannvirki sem byggð voru 1940 eða fyrr umsagnarskyldar og ber eigendum þeirra að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef á að breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Tafla hér að neðan sýnir aldursfriðuð hús í Kjósarhreppi. Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um áreiðanleika upplýsinga um byggingarár húsa, og skal leita samráðs Minjastofnunar Íslands ef vafi leikur á byggingarári húsa. Þessi hús eru merkt inn á uppdrátt. Skylt er að leita álits Minjastofnunar ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir við þau. Upplýsingar eru fengnar frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

| **Friðuð hús og mannvirki** | | |
|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing & ákvæði** |
| MV7 | Árnes | Friðað sumarhús, byggt árið 1917. Hnit: X=374874.4,Y=429017.3. |
| MV8 | Ingunnarstaðir | Hlaða, kálfahús og gripahús, byggð árið 1924. Hnit: X=387197.6, Y=431300.4. |
| MV9 | Ingunnarstaðir | Íbúðarhús, byggt árið 1923. Hnit: X=387193.9, Y=431290.3. |
| MV10 | Hvaleyrarviti | Hvaleyrarviti er ljóshús sem upphaflega var komið fyrir á Bjargtöngum árið 1913 en var flutt á Hvalfjarðareyri árið 1948. |



Mynd 22. Hvaleyrarviti.

## 8.9. Hverfisvernd (HV)

*Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Hverfisverndarsvæði er af tvennum toga, hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja og hverfisverndarsvæði vegna menningarminja. Hverfisvernd er alhliða vernd sem getur tekið til náttúruminja, landslags, fornleifa eða annarra menningarminja. Mörg þessara svæða hafa einnig nokkuð útivistargildi. Sveitarstjórn setur fram í aðalskipulagi hvaða þættir viðkomandi svæðis skulu njóta tiltekinnar verndar og hvaða réttindi og kvaðir eiga við og geta takmarkað framkvæmdir og landnotkun svæðisins.

### 8.9.1. HVERFISVERND VEGNA NÁTTÚRUMINJA

Birkikjarr og birkiskógar eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Auk þess er skilgreind hverfisvernd umhverfis Meðalfellsvatn og um Bugðu og Laxá. Verndun votlendis og endurheimt þess verður skoðuð þegar kortlagning þess og áherslur landeigenda liggja fyrir, enda er auðvelt að endurheimta slíkt land til akuryrkju síðar, sé það talið æskilegt.

- Þar sem um er að ræða vötn eða tjarnir tekur verndarsvæðið til þeirra svæða og að lágmarki til 50 m beltis á bökkum þeirra.
- Framræsla votlendis á hverfisverndarsvæðum er óheimil. Takmarka skal notkun tilbúins áburðar sem og húsdýraáburðar.
- Halda skal byggingarframkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins lítillar röskunar og kostur er.
- Innan náttúrulegra birkiskóga er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir eins og birki, víði og reyni. Ekki er heimilt að fella náttúrulegan bikiskóg en þó er heimilt að grisja og gera göngustíga um hann. Sjá einnig kafla 5.2.1 náttúrulegir birkiskógar.
- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar haldast eins og verið hefur. Sveitarstjórn getur þó sett reglur um takmörkun eða stjórn beitar á svæðinu.

| Hverfisverndarsvæði vegna náttúruminja | | |
|---|---|---|
| **Nr./Heiti** | **Lýsing & ákvæði** | **ha** |
| HV1 Vindáshlíð | Náttúrulegt birkikjarr. Einungis er heimilt að planta íslenskum trjátegundum á svæðinu. | 55 |
| HV2 Fossá | Náttúrulegt birkikjarr. Einungis er heimilt að planta íslenskum trjátegundum á svæðinu. | 66 |
| HV3 Brynjudalur | Náttúrulegt birkikjarr. Einungis er heimilt að planta íslenskum trjátegundum á svæðinu. Einnig eru rústir beitarhúsa á svæðinu. | 196 |
| HV4 Meðalfells-vatn | Hverfisvernd vegna lífríkis. Verndunin tekur til alls vatnsins og 50 m beltis umhverfis það. Huga þarf sérstaklega að frárennslisþáttum, m.a. frá heitum pottum og hreinsivirkjum í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Tryggja skal að ekki sé hætta á mengun grunnvatns s.s. vegna olíu, áburðar eða annarra efna. Vakta skal svæðið reglulega. | 245 |
| HV5 Bugða og Laxá | Hverfisvernd vegna lífríkis. Verndunin tekur til ánna og 50 m svæðis frá árbakka. Tryggja skal að ekki sé hætta á mengun grunnvatns s.s. vegna olíu, áburðar eða annarra efna. Vakta skal svæðið reglulega. Efnistaka er heimil sbr. kafla 6.4. Heimilt er að vinna að bakkavörnum. | 411 |
| HV6 Hvalfjörður | Hvalfjörður er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Hann er tilnefndur á Náttúruminjaskrá (B-hluti) vegna fjöruvistgerða, fugla og sela (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025). Standa ber vörð um framtíð fjöruvistgerða, fugla og sela á svæðinu og Forðast ber að raska svæðum eða náttúrumyndunum sem skráðar hafa verið á B- hluta náttúruminjaskrár nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað, sbr. 37. gr., 3. mgr laga um náttúruvernd. Við leyfisveitingar skal leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir | 8750 |
| | **Samtals** | **9732** |

### 8.9.2.HVERFISVERND VEGNA MENNINGARMINJA

Nokkrar aðrar minjar eru hverfisverndaðar og sýndar á skipulagsuppdráttum. Æskilegt er að unnið verið að varðveislu markverðra minja, þær gerðar aðgengilegar og upplýsingum um þær miðlað til íbúa og gesta.

**Skipulagsákvæði**

- Gæta skal sérstaklega að minjum við framkvæmdir í næsta nágrenni þeirra.
- Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar.
- Vinna skal að merkingu minja í samráði við landeigendur.

| Hverfisverndarsvæði vegna menningarminja | | | |
|---|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing & ákvæði** | **ha** |
| HV7 | Hvítanes | Minjar frá veru breska hersins. Á svæðinu var umfangsmikil starfsemi í síðari heimsstyrjöldinni og rústir mannvirkja eru vel sýnilegar. Verndunin tekur yfir allt nesið og upp að Hvalfjarðarvegi. | 29 |
| HV8 | Búðasandur / Maríuhöfn | Hverfisvernd tekur til minja á strandsvæðinu og klapparhólum austur af því. Búðasandur er strandlengja og flatlent svæði í voginum byggt upp af svokallaðri perlumöl. Hin forna höfn, Maríuhöfn, er talin hafa verið strandsvæðið og hið þekkta skipalægi framan við Búðasand og lónið inn af Búðasandi. Við enda lónsins eru friðlýstar minjar. Svæðið verður opið til útivistar og tryggja skal verndun minja. Sandnám, allt að 1000 m³ er heimil í fjöruborði Búðasands á skipulagstímabilinu. Vanda skal til efnisöku og ganga skal frá svæðinu að efnistöku lokinni. Óheimilt er að afsetja annað efni í námunni. Óheimilt er að geyma olíur eða önnur mengandi efni á svæðinu. | 12 |
| | | **Samtals:** | **41** |

Aðrar minjar sem skráðar voru í aðalskráningu eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Varðandi nánari umfjöllun um þær er vísað í aðalskráningu og vísa skráningarnúmer í töflu til hennar.

| Minjar sem njóta hverfisverndar | | |
|---|---|---|
| **Nr.** | **Heiti** | **Lýsing & ákvæði** |
| HV9 | Morastaðir | Neðri-Stekkir, GK331:005. Rústir þriggja stekka: GK331:005-007. |
| HV10 | Morastaðir | Efri-Stekkir, GK331:006, GK331:007 |
| HV11 | Morastaðir | Stekkjarás, tóft stekkjar undir Stekkjarenni og önnur á Stórás. GK331:007, 013, 018. |
| HV12 | Dyljáarsel | Heimild um sel. Staðsetning óljós, GK334:012. |
| HV13 | Eilífsdalur | Tóft sem gæti hafa verið stekkur eða hluti sels, GK334:026. |
| HV14 | Flekkudalur | Tvær tóftir á Stekkjarbala, GK340:008. Tóftir stekkjar, GK340:010. Tóftir, óþekkt, GK340:022. |
| HV15 | Selhæðir | Örnefni, sel. Engar tóftir fundust, GK340:014. |
| HV16 | Neðri-Flekkudalur | Bæjarstæði, býli, GK340:017. |
| HV17 | Sauðafell | Þrjár tóftir. Sennilega eru tvær þeirra hluti af Sauðafellskoti en ein gæti verið yngri, GK345:006. |
| HV18 | Hulstaðir | Þrjár rústir. Líklega eyðibýlið Hulstaðir, GK345:008. |
| HV19 | Margrétarkot | Ein tóft, tvískipt, GK345:015. |
| HV20 | Bollastaðir | Tóftir býlis, GK351:037. |
| HV21 | Múli | Bæjarhóll, GK357:008. |
| HV22 | Þorkötlustaðir | Tóftir, býli. Enginn greinilegur bæjarhóll eða túngarðar, GK357:009. |
| HV23 | Djúpavað | Heimild um vað á Brynjudalsá, GK357:017. |
| HV24 | Eyjahóll | Selhólar tóftir sel. Seltóftirnar eru geysifallegar og tilkomumiklar, áreiðanlega misgamlar. Alls eru þær fimm talsins og ná yfir svæði sem er rúmlega 60 x 30 m stórt. GK-338:040 |
| HV25 | Álfaklettur | Hverfisvernd tekur til þriggja álfakletta í Álfakoti og nánasta umhverfi þeirra. Talið er að álfar búi í klettunum og er óheimilt að raska þeim og nánasta umhverfi þeirra. Stærð svæðis um 0,2 ha. |


Kjósarhreppur - Aðalskipulag 2024-2036
Verndarsvæði: Hverfisvernd, önnur náttúruvernd & friðlýst svæði
Hvalfjörður
Eiðisvatn
Þyrill
Botnsdalur
Hvalfell
ÖN3
Botnsvogur
Þyrilsnes
Hvammsvík
Brynjudalsvogur
Múlafjall
Brynjudalur
Botnssúlur
Reynivallaháls
Laxvogur
Laxárdalur
Langiás
Þrándarstaðafjall
Suðurfjall
Eyrarfjall
Öxl
Meðalfell
Meðalfellsvatn
Kjósarheiði
Efri-Hjaltadalur
Kjölur
Búrfell
Tindstaðahnjúkur
Eilífsdalur
Flekkudalur
Eyjadalur
Hádegisfjall
Kjósarskarð
Stíflisdals-vatn
Blikdalur
Esja
Kambshorn
Þverfellshorn
Móskarðshnúkar
Skálafell
Kistufell
FS1
HV1 HV2 HV3 HV4 HV5 HV6 HV7 HV8 HV9 HV10 HV11 HV12 HV13 HV14 HV15 HV16 HV17 HV18 HV19 HV20 HV21 HV22 HV23 HV24 HV25
ÖN1 ÖN2 ÖN4
0
2,5
5 km
Skýringar
Friðlýst svæði
Hverfisvernd
Stofnvegur/stofnbraut
Tengivegur/tengibraut
Hverfisvernd
Önnur náttúruvernd
Kjósarhreppur
LANDMÓTUN

VÁ

## 8.10. Náttúruvá (NV)

*Svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).*

*Skipulagsreglugerð nr. 90/2013*

Skipta má áhrifum náttúruhamfara í þrennt þ.e.a.s. félagsleg-, eðlislæg- og efnahagsleg áhrif. Náttúruhamfarir geta haft áhrif á mjög stórum svæðum t.d. þegar raforku-, fjarskipta- eða samgöngukerfi skemmast eða eyðileggjast.

### Loftslagsbreytingar

Loftslagsbreytingar eru náttúruvá og þeim fylgja margvíslegar áskoranir. Þær hafa áhrif á atvinnuvegi, byggða innviði og efnahag og skapa verulegar áskoranir, jafnvel í geirum þar sem viðbrögð við hlýnun geta haft jákvæð áhrif í för með sér. Sjávarstöðubreytingar og aukin náttúruvá geta aukið samfélagslegt tjón og áhrif loftslagsbreytinga erlendis skapað umtalsverða kerfisáhættu hérlendis, t.d. með áhrifum á aðfangakeðjur, fæðuöryggi og lýðheilsu. Loftslagsbreytingar eru stærsta heilsufarsógn sem mannkynið stendur frammi fyrir. Áhrifa loftslagsbreytinga gætir þegar á Íslandi, þær eru farnar að breyta náttúrufari og lífsskilyrðum fólks með vaxandi áskorunum fyrir efnahag, samfélag og náttúru. Áhrifin verða áskorun til framtíðar og samfélagið stendur frammi fyrir mögulegum afleiðingum, svo sem fyrir efnahag, innviði, ýmsa atvinnuvegi, öryggi og lýðheilsu. Til að tryggja að þær áskoranir verði viðráðanlegar er umbylting í lífsháttum og umgengni við náttúruna knýjandi. Draga þarf úr losun eins hratt og auðið er og aðlaga samfélagið svo að það ráði við álagið. Loftslagsvá er viðfangsefni samfélagsins alls og nauðsynlegt er að bregðast við áhættunni sem hún skapar. Loftslagsbreytingar auka náttúruvá, t.d. vegna aftakaúrkomu, hvassviðra, hættu á flóðum í ám og úr jaðarlónum, skriðufalla, sjávarflóða, tíðari eldgosa og gróðurelda. Loftslagsbreytingar geta haft margvísleg áhrif á hið byggða umhverfi og huga þarf að áhrifum loftslagsbreytinga við alla skipulagsgerð. Aukin úrkoma og -ákefð, skriðuhætta og hækkun sjávarborðs eru dæmi um möguleg áhrif af völdum loftslagbreytinga (Björnsson, et al., 2023). Þegar

***Landsskipulagsstefna 2024 - 2038***

*B.6: Skipulag geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að öryggi almennings gagnvart náttúruvá.*



Mynd 23. Fögur fjallasýn. Ljósmynd: Sigurþór Ingi Sigurðsson.

kemur að uppbyggingu á lágsvæðum þar sem hætta er á sjávarflóðum skal leitað til Vegagerðarinnar fyrir ráðleggingar varðandi lágmarkslandhæð.

## Eldgos og jarðskjálftar

Samkvæmt lögum er það hlutverk Almannavarna ríkisins að skrá og gera úttekt á hættusvæðum á landinu og framkvæma hættumat. Hingað til hefur þessi vinna nær eingöngu einskorðast við þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Kjósarhreppur liggur utan við virkasta hluta gosbeltisins og eldgosa og jarðskjálftahætta er því ekki mikil í sveitarfélaginu.

Kjósarhreppur er í jaðri Suðurlandsskjálftabeltisins en það er sniðgengisbelti sem nær frá Vatnafjöllum í austri vestur um Ölfus. Það tjón sem einkum hlýst af jarðskjálftum vegna eðlislægra þátta er vegna sprungna á yfirborði,




Mynd 25. Skipting Íslands í hröðunarsvæði miðað við 500 ára endurkomutíma. Heimild: Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson, 2009.

skemmda á mannvirkjum, breytinga á grunnvatnsstöðu og landsigs. Þá geta jarðskjálftar leitt til annarra náttúruhamfara, s.s. skriðufalla og flóða í ám.

## Grjóthrun, aurskriður og snjóflóð

Í ofanflóðagagnagrunni Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunar eru 113 skráningar á ofanflóðum þar sem í flestum tilvikum er um að ræða skriðuföll og grjóthrun en auk þess nokkur snjóflóð. Tjón á mannvirkjum hefur þó ekki orðið mikið í gegnum aldirnar heldur aðeins á túnum og engjum. Í bókinni Skriður og snjóflóð er þess getið að á 17. öld hafi snjóflóð aftekið bæinn á Þorláksstöðum. Einnig tók af bæ og kirkju á Reynifelli árið 1699 (Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason, 1992). Báðir bæir hafa verið fluttir úr stað. Ekki hefur verið unnin úttekt / hættumat vegna ofanflóða í sveitarfélaginu en hjá Veðurstofunni fengust upplýsingar um þekkt snjó- og aurflóð sem grandað hafa eignum og valdið manntjóni fyrr á öldum. Síðast er vitað um manntjón á bænum Hjalla árið 1955 af völdum aurflóðs og í Morgunblaðinu þann 24. febrúar 1972 var svohljóðandi umfjöllun um skriðuföll og vatnsveður við Meðalfellsvatn: ”Vatnið flæddi upp að öllum




Mynd 24. Hallakort Veðurstofu Íslands sem sýnir svæði með 27°->50° halla.

sumarbústöðunum við vatnið og sunnan við það var vatn komið inn í sumarbústaðina. Yfir veginn austur með vatninu höfðu margar skriður fallið í fyrrinótt, en Vegagerðin var búin að lagfæra vegina þar. Stærsta skriðan, sem mest ummerki voru eftir, féll austur undir bænum Hjalla, og hafði þar opnast í miðri fjallshlíð liðlega 100 metra langt gil allt að 8 metra djúpt. Var mikið stórgrýti í skriðunni og mold. Skriðan féll um 200 m fyrir vestan bæinn Hjalla, en fyrir nokkrum árum féll skriða þarna á bæinn og fór hún í gegnum bæjarhúsin" (Morgunblaðið, 1972).

Skriðuföll kunna að valda hættu en hafa ekki verið kortlögð eða metin af þar til bærum aðilum. Gert er ráð fyrir að á skipulagstímanum verði unnið að mati á hættu af völdum grjóthruns og ofanflóða.

### Gróður- og kjarreldar

Ekki hefur verið unnið áhættumat fyrir sumarhúsabyggðir eða önnur skógarsvæði í sveitarfélaginu vegna mögulegrar eldhættu. Sumarhúsabyggðir eru í nokkurri áhættu þar sem gróður er þéttur og mikill, land erfitt yfirferðar og í halla og þéttleiki bústaða mikill. Á þeim svæðum gætu gróðureldar haft alvarlegar afleiðingar. Mikilvægt er að uppfærðar öryggis- og rýmingaráætlanir séu til fyrir hvert frístundasvæði, og að vatnsöflunarstaðir séu kortlagðir og aðgengilegir. Áfram verður unnið að merkingum og kortlagningu vegna öflunar slökkvivatns. Fjallað er um forvarnir og fyrstu viðbrögð við gróðureldum á vefsíðunni www.grodureldar.is.

Engin skilgreind hættusvæði vegna náttúruvár eru í sveitarfélaginu.

### Skipulagsákvæði

- Tekið skal tillit til áhrifa loftslagsbreytinga með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.
- Nýjar byggingar rísi ekki á mögulegum hættusvæðum.
- Tryggja skal öruggt fjarskiptasamband alls staðar í sveitarfélaginu.
- Tryggja skal upplýsingaflæði til íbúa og gesta og upplýsingar varðandi náttúruvá og viðbragðsáætlanir við þeim verði aðgengilegar.
- Unnið verður að mati á hættu af völdum grjóthruns og ofanflóða þar sem aðstæður gefa tilefni til, í samstarfi við Veðurstofu Íslands.
- Unnar verða viðbragðsáætlanir vegna mögulegra kjarr- og skógarelda í samráði við þar til bæra aðila, s.s slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.
- Við gerð deiliskipulags verði aflað umsagna þar til bærra aðila varðandi hættu vegna náttúruvár.

# 9. UMHVERFISSKÝRSLA

Endurskoðun aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Tilgangur umhverfismatsins er að tryggja eftir föngum að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa við mótun skipulagstillögunnar. Áhrif eru metin með því að skoða breytingar frá núverandi stöðu og gildandi stefnu og þróun.

Í endurskoðun aðalskipulags Kjósarhrepps felast áform um stefnumörkun fyrir þrjár framkvæmdir sem tilgreindar eru í b flokki 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Umhverfismat skipulagsáætlana felur í sér mat á loftslagsáhrifum skipulagstillögunnar og annarra valkosta um stefnu og útfærslu byggðar, samgangna og landnotkunar, sem til greina koma. Umhverfismati er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun, heilnæmu umhverfi og umhverfisvernd í samræmi við fyrrnefnd lög og áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu skulu metin. Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við mótun tillögu og að haft sé að leiðarljósi frá upphafi að halda neikvæðum áhrifum í lágmarki og hámarka jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfisþætti. Í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir þessu mati og er skýrslan lögð fram með aðalskipulagstillögunni á formlegum kynningartíma hennar. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun við ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Helstu breytingar í stefnu gildandi skipulags eru teknar til umhverfismats. Engin markmið í endurskoðuðu aðalskipulagi víkja verulega frá gildandi skipulagi. Við gerð umhverfismats eru ákveðin viðmið notuð og stuðst við stefnu sem sveitarstjórn hefur samþykkt ásamt stefnu og áætlunum á landsvísu sem varða viðfangsefni aðalskipulagsins. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skulu taka mið af niðurstöðum þessa umhverfismats.

> ***Hvað er umhverfismat áætlana?***
>
> *Umhverfismat áætlana er ætlað að auka gæði skipulagsáætlana og tryggja að umhverfisáhrif séu metin við gerð þeirra í því skyni að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af framfylgd áætlana.*
>
> *Umhverfismat ber að vinna sem hluta af skipulagsáætlunum sveitarfélaga (svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags) og áætlana á borð við rammaáætlun og samgönguáætlun.*
>
> *Ákvæði um umhverfismat áætlana er bæði að finna í sérstökum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og í 12. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.*

## 9.1. Helstu áhrifaþættir

Við mat á umhverfisáhrifum breytingar, og athugun á samræmi hennar við meginmarkmið aðalskipulagsins og umhverfisskýrslu þess, er einkum horft til eftirfarandi atriða:

- Áhrif endurskoðaðrar flokkunar landbúnaðarlands.
- Áhrif valkosta fyrir þróun byggðar og aukins byggingarmagns á byggð, umhverfi og samgöngur, einkum bílumferð.
- Áhrif aukinnar umferðar, sem uppbygging leiðir af sér, á hljóðvist og loftgæði.
- Samræmi endurskoðaðrar tillögu við meginmarkmið aðalskipulagsins.
- Tengsl við aðrar áætlanir, s.s. samræmi við stefnu svæðisskipulags um byggðaþróun á höfuðborgarsvæðinu og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Tafla 11. Lýsing matsþátta.

| Matsþáttur | Lýsing |
|---|---|
| **Byggðaþróun - Samfélag og menning** | Tryggja þarf hæfilegt framboð íbúðarhúsnæðis, atvinnuhúsnæðis og byggingarlóða, og að uppbygging sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Tryggja þarf að fyrirkomulag og uppbygging frístundahúsnæðis sé í samræmi við markmið aðalskipulagsins<br><br>**Skipulagsþáttur getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru og menningarminjar og vötn, svo sem vegna staðsetningar, ásýndar, umfangs og útfærslu nýrra mannvirkja.** |
| **Landbúnaður og landnýting** | Tryggja þarf vernd landbúnaðarásýndar og búsetulandslags svæðisins.<br><br>Tryggja þarf afkomuöryggi bænda með möguleikum á aukinni fjölbreytni og nýsköpun í landbúnaði og stoðgreinum hans. Vert er að skoða tækifæri sem felast í nálægð við neytendur á höfuðborgarsvæðinu.<br><br>Endurskoða þarf flokkun landbúnaðarlands og skilmála landbúnaðarflokka. Tryggja verður að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu sé varðveitt til slíkra nota til framtíðar.<br><br>Skipulag skógræktar í sveitarfélaginu, staðsetning og umfang.<br><br>**Getur haft áhrif á landnotkun, ásýnd lands og landslag, jarðveg, lífríki og líffræðilega fjölbreytni, loftgæði (bindingu kolefnis).** |
| **Atvinnulíf og ferðaþjónusta** | Sköpun nýrra og fjölbreyttra atvinnutækifæra, aukin áhersla á nýsköpun og skapandi greinar til viðbótar við vöxt og viðhald hinna hefðbundnari atvinnuvega í sveitarfélaginu.<br><br>Framtíð og fyrirkomulag ferðaþjónustu, gisti- og afþreyingarmöguleikar í sveitarfélaginu.<br><br>Tækni og nýjar lausnir í atvinnumálum, t.a.m. fjarvinna og færanleg störf.<br><br>**Getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar.** |
| | Ný samgöngumannvirki og viðhald núverandi mannvirkja. Aukin umferð af völdum uppbyggingar. |

| | |
|---|---|
| **Innviðir og orka** | Möguleg áhrif á öryggi vegfarenda og íbúa, lýðheilsu, byggðaþróun og atvinnutækifæri á svæðinu (samfélag). Skipulag samgangna getur einnig haft áhrif á landslag og ásýnd, hljóðvist, loftgæði (losun gróðurhúsalofttegunda), náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar og vötn.<br><br>**Getur haft áhrif á byggðaþróun í sveitarfélaginu, s.s með tilliti til byggðamynsturs og ásýndar í sveitarfélaginu, tengsla við önnur svæði, atvinnu, álag á samgöngu- og þjónustukerfi.** |
| **Vatn, vernd og vá** | Áhrif framkvæmda á vatnsverndarsvæði, vötn, á og sjó og strandsvæði.<br><br>Varðveisla verndarsvæða vegna menningar- og náttúruminja.<br><br>Afmörkun náttúruvársvæða,<br><br>**Getur haft áhrif á landnotkun, ásýnd lands og landslag, jarðveg, lífríki og líffræðilega fjölbreytni, loftgæði (bindingu kolefnis).** |

## 9.2. Umhverfisþættir og áherslur

Meginþættir í umhverfismati skipulagsáætlunarinnar verða samfélag, náttúrufar & dýralíf, náttúru- & menningarminjar, vatn, sjór & strandlína, landslag & ásýnd, náttúruvá & öryggismál og loftslag.

Tafla 12. Áherslur í umhverfismati skipulagsáætlunarinnar.

| Umhverfisþáttur | Meginspurning í umhverfismati áætlunarinnar:<br>Hvernig samræmist skipulagsáætlunin umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins er varðar viðkomandi umhverfisþátt, önnur stefnuskjöl, lög og alþjóðlegar skuldbindingar? |
|---|---|
| Samfélag | • Gæði þjónustu við íbúa<br>• Atvinnumöguleika íbúa<br>• Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu<br>• Gæði byggðar og efnisleg verðmæti<br>• Aðgengi íbúa að íþrótta-, tómstunda- og útivistarsvæðum og náttúru<br>• Samfélagsleg sjálfbærni (félagsauður, staðarandi, staðarvitund) |

| | | |
|---|---|---|
| Náttúrufar & dýralíf | • Viðkvæma náttúru eða dýralíf<br>• Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika<br>• Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla | • Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs<br>• Aukna mengun á svæðinu |
| Náttúru- & menningarminjar | • Fornleifar<br>• Aðrar menningarminjar/-verðmæti<br>• Búsetu- eða menningarlandslag | • Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd<br>• Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun<br>• Hverfisverndarsvæði |
| Vatn, sjór & strandlína | • Vatnsverndarsvæði<br>• Vötn, ár og læki | • Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi |
| Landslag & ásýnd | • Landbúnaðarásýnd eða búsetulandslag<br>• Ásýnd lands á fjölförnum slóðum | • Landslag/ásýnd svæða sem teljast mikilvæg vegna náttúrufars, dýralífs eða menningarminja<br>• Verðmætar landslagsheildir, náttúrulegt og/eða manngert landslag |
| Náttúruvá & öryggismál | • Núverandi/ný byggingarsvæði<br>• Meginsamgönguæðar | • Umferðaröryggi<br>• Þol gagnvart afleiðingum loftslagbreytinga |
| Loftslag | • Stefna um atvinnu<br>• Stefna um byggð<br>• Stefna um skógrækt og landgræðslu | • Stefna um endurheimt votlendis |

## 9.3. Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefna aðalskipulagsins hefur í för með sér. Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga s.s. lög og stefnumið stjórnvalda. Höfð verður hliðsjón af viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum úr lögum, reglugerðum og annarri stefnumörkun sem talin er upp í töflu 13. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu.

Í umhverfismati áætlunarinnar eru sett fram viðmið fyrir hvern meginumhverfisþátt. Viðmiðin eru sett með tilliti til stefnu Kjósarhrepps, markmiða sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla er lögð á að styðja við matið með mælanlegum umhverfisvísum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins er í formi greinargerðar og yfirlitstafla. Skoðað er hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á umhverfisþætti samanborið við núverandi ástand, þ.e. núllkost. Teljist umhverfisáhrif verulega neikvæð er brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisaðgerðum til að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta fyrir neikvæð umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eða áætlunar. Matsvinnan nýtist til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um hugsanleg umhverfisáhrif.

| Stefnumörkun | |
|---|---|
| **Lög** | Skipulagslög nr. 123/2010 .<br>Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.<br>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.<br>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.<br>Jarðalög nr. 81/2004.<br>Vegalög nr. 80/2007.<br>Lög um landgræðslu nr. 155/2018<br>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.<br>Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. |
| **Reglugerðir** | Skipulagsreglugerð nr. 90/2013<br>Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999<br>Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 |
| **Önnur stefnumörkun** | Landsskipulagsstefna 2024-2038<br>Velkomin - Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030 (Menningar- og viðskiptaráðuneytið, 2024)<br>Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun .<br>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030<br>Hreint loft til framtíðar. Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029.<br>Í átt að hringrásarhagkerfi. Stefna umhverfis– og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.<br>Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2014 |
| **samningar** | Ramsarsamningur um votlendi<br>Samningur um líffræðilega fjölbreytni<br>Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar<br>Parísarsamkomulagið<br>Bernarsamningurinn (staðfestur 1993) |

Tafla 13. Stefnumörkun um viðmið í umhverfismati.

## 9.4. Valkostir og mat á áhrifum

Í umhverfismatinu eru metin möguleg umhverfisáhrif valkosta og stefnumiða er snerta breytta landnotkun, ný mannvirki og samgöngur í sveitarfélaginu. Megináherslur í greiningu á kostum og sviðsmyndum er þó eftirfarandi:

Í matinu eru kostir bornir saman við óbreytt ástand, þ.e. gildandi skipulag og þá sviðsmynd að ekkert verði aðhafst miðað við núverandi ástand. Kostir eru bornir saman m.t.t. umhverfis-, og samfélagsþátta með aðstoð gátlista og samanburður á þeim settur fram í yfirlitstöflum.

Sveitarstjórn ásamt skipulags-, umhverfis- og samgöngunefnd Kjósarhrepps leggur mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar með aðstoð ráðgjafahóps um endurskoðun aðalskipulagsins. Umhverfismatið byggir á þeim matsspurningum sem settar eru fram í töflu 12Tafla 12 um hvern umhverfisþátt.

Eftirfarandi einkenni áhrifa eru skoðuð:

| | |
|---|---|
| **Umfang** | Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunna að verða fyrir áhrifum?<br>Er líklegt að áhrifa áætlunar gæti yfir sveitarfélagsmörk? |
| **Líkur** | Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg yrðu þau?<br>Eru áhrifin t.d. afturkræf/óafturkræf, tímabundin/varanleg? |
| **Sammögnun áhrifa** | Er líklegt að einstakir stefnuþættir skipulagsins geti valdið sammögnuðum áhrifum á umhverfið? |
| **Áhætta** | Kann áætlunin að auka áhættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið? |

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnuskjölum og markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á undirbúningi skipulagsins stendur. Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð verður kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisaðgerðum. Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

| Vægi áhrifa | Skýring |
|---|---|
| **Jákvæð** | Áhrif áætlunar á umhverfisþátt bæta hag mikils fjölda fólks og/eða hafa jákvæð áhrif á umfangsmikið svæði. Sú breyting eða ávinningur sem hlýst af framkvæmdinni/áætluninni er oftast varanleg. Áhrifin eru oftast svæðis- eða landsbundin en geta einnig verið staðbundin. |
| **Óveruleg/ Óljós** | Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti eru minniháttar, m.t.t. umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrifin eru oftast stað- eða svæðisbundin.<br><br>Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfisþætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. |
| **Neikvæð** | Áhrif áætlunar á umhverfisþátt/-þætti skerða umfangsmikið svæði og/eða svæði sem er viðkvæmt fyrir breytingum, m.a. vegna náttúrfars og fornminja, og/eða rýra hag mikils fólks. Sú breyting eða tjón sem hlýst af framkvæmdinni er oftast varanleg og yfirleitt óafturkræft. Áhrifin eru oftast á svæðis-, lands- og/eða heimsvísu en geta einnig verið staðbundin. |

# 10. UMHVERFISMAT

Frá gildandi aðalskipulagi eru stærstu viðbæturnar sjö ný íbúðarsvæði, tólf ný svæði fyrir frístundabyggð, sjö ný verslunar- og þjónustusvæði og veruleg stækkun eins, og þrjú ný efnistökusvæði. Tvö ný afþreyingar- og ferðamannasvæði bætast við og eitt íþróttasvæði fyrir golfvöll. Eitt svæði bætist við í Ásgarði fyrir samfélagsþjónustu. Þá falla út íbúðar- og frístundasvæði, sum hver sem voru staðsett á góðu landbúnaðarlandi, og tvö efnistökusvæði eru felld út. Settir eru nýjir og í sumum tilfellum strangari skilmálar fyrir uppbyggingu á íbúðarsvæðum og frístundasvæðum sem hugsaðir eru sem verkfæri fyrir sveitarstjórn til að stýra uppbyggingu á slíkum svæðum í farsælan farveg og stuðla að betri yfirsýn skipulagsyfirvalda og jafnvægi á milli uppbyggingar íbúðar- og frístundahúsa. Mikil áhersla er lögð á að varðveita dreifbýlisyfirbragð sveitarfélagsins sem endurspeglast í skipulagsskilmálum allra landnotkunarflokka.

Þar sem ekki er um verulega stefnubreytingu að ræða eru ekki settir fram valkostir heldur er greint frá helstu umhverfisáhrifum breyttrar stefnu og hún borin saman við núllkost, þ.e. engar breytingar.

## 10.1. Stefna aðalskipulags Kjósarhrepps um byggð og samfélag

Í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036 er mannfjöldaspá Byggðastofnunar höfð til hliðsjónar. Spáin er sett fram til ársins 2040 og gerir ráð fyrir því að íbúar í sveitarfélaginu verði um 1000 talsins árið 2038. Kjósarhreppur er dreifbýlissveitarfélag án þéttbýlis. Megin markmið sveitarfélagsins fyrir íbúðarbyggð er að stuðla að sjálfbæru samfélagi og vexti þess og hagkvæmri þróun byggðar og nýtingu lands, fyrir íbúa og rekstur sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sé aðlaðandi búsetukostur fyrir alla aldurshópa með nægu framboði íbúðarhúsnæðis. Að varðveita og efla þau lífsgæði sem felast í nálægð við náttúru, landslag og lífríki. Lögð er áhersla á að stuðla að jafnvægi í uppbyggingu íbúðar- og frístundahúsnæðis og sett takmörk á fjölda lóða á slíkum svæðum með það fyrir augum að tryggja yfirsýn sveitarstjórnar yfir ráðstöfun lands og uppbyggingu og framkvæmdir í sveitarfélaginu á hverjum tíma. Mikill fjöldi frístundahúsa er í sveitarfélaginu og talsvert er um að fólk búi í frístundahúsum sínum árið um kring og því má draga þá ályktun að eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði hafi ekki verið mætt. Lögð er áhersla á að viðhalda byggðamynstri svæðisins með áherslu á verndun dreifbýlisyfirbragðs.

### 10.1.1. VALKOSTIR FYRIR ÍBÚÐARBYGGÐ

Við gerð aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036 var horft til tveggja kosta varðandi staðsetningu fyrir nýja íbúðarbyggð:

Kostur 1. Stefna aðalskipulags um sjö ný svæði fyrir íbúðarbyggð.

Kostur 2. Núllkostur, þ.e. óbreytt ástand frá gildandi aðalskipulagi.

Eins og áður segir er ljóst er að mikil eftirspurn er eftir því að setjast að í Kjós og í reynd býr talsverður fjöldi fólks í sumarhúsum sínum árið um kring. Því má ætla að þörf sé á auknu íbúðarhúsnæði. Auk þess eru uppi talsverð áform um uppbyggingu atvinnu (aðallega ferðaþjónustu) sem mun einnig skapa aukna þörf fyrir íbúðarhúsnæði. Ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu og er stefna sveitarfélagsins að varðveita dreifbýlisyfirbragð hreppsins. Því er farin sú leið að hafa fleiri smærri íbúðarsvæði fremur en fá og stór svæði. Áhersla er lögð á að íbúðarsvæði séu í góðum tengslum við innviði og aðra byggð til að tryggja hagkvæma uppbyggingu og rekstur sveitarfélagsins. Hámarksfjöldi lóða á hverju svæði er 15 og lóðir eru fremur stórar, með það fyrir augum að tryggja jafnvægi á milli dreifbýlisyfirbragðs og hagkvæmni í rekstri.

| Íbúðarbyggð | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Samfélag** | **Náttúrufar & dýralíf** | **Náttúru- & menningarminjar** | **Vatn, sjór & strandlína** | **Landslag & ásýnd** | **Náttúruvá & öryggismál** | **Loftslag** |
| ÍB10 Hvítanes | Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag, fáar lóðir og þegar raskað svæði. | Mikið er af minjum á svæðinu sem njóta hverfisverndar og brýnt er að tekið sé fyllsta tillit til þeirra. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Svæðið er þegar uppbyggt að hluta og ekki er um verulegar viðbætur að ræða. | Nálægt sjó – hætta á sjávarflóðum. | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| ÍB11 Álfakot | Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag þar sem um 7 lóðir er að ræða og þegar raskað svæði að hluta. | Óveruleg áhrif. Á svæðinu eru álfaklettar sem njóta hverfisverndar sem taka þarf tillit til og óheimilt er að raska. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Svæðið er þegar uppbyggt að hluta og ekki er um verulegar viðbætur að ræða. | Meta þarf hættu af völdum ofanflóða. | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| ÍB12 Lækjarbraut 3a | Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag þar sem um 6 lóðir er að ræða. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Meta þarf hættu af völdum ofanflóða. | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| ÍB13 Káranes | Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. Fáar lóðir og þegar raskað svæði. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Svæðið er þegar uppbyggt að hluta og ekki er um verulegar viðbætur að ræða. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍB14<br>Þúfukot | Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. Þegar raskað svæði. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Svæðið er þegar uppbyggt að hluta. | Meta þarf hættu af völdum ofanflóða. | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| ÍB15 Ásgarður | Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Meta þarf hættu af völdum ofanflóða. | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| ÍB16 Sandslundur 11 | Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. Fáar lóðir og þegar raskað svæði. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Svæðið er þegar uppbyggt að hluta. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| ÍB17 Eyjar II | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| ÍB18 Eyjar II | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| ÍB19 Eyjar II | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði, jarðmyndanir og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg eða neikvæð áhrif. Getur haft neikvæð áhrif á vatnafar og nálægt votlendi og ber að | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | hafa það í huga við uppbyggingu. | | | |
| ÍB20 Eyjar II | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Getur stuðlað að fjölgun íbúa og auknu jafnvægi á milli íbúðar- og sumarhúsa í sveitarfélaginu. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði, jarðmyndanir og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg eða neikvæð áhrif. Getur haft neikvæð áhrif á vatnafar og nálægt votlendi og ber að hafa það í huga við uppbyggingu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| | **Samfélag** | **Náttúrufar & dýralíf** | **Náttúru- & menningarminjar** | **Vatn, sjór & strandlína** | **Landslag & ásýnd** | **Náttúruvá & öryggismál** | **Loftslag** |
| | | | | | | | |
| Núllkostur<br>Óbreytt ástand | Óveruleg eða neikvæð áhrif þar sem eftirspurn er eftir íbúðarlóðum og núverandi lóðir munu ekki anna eftirspurn á skipulagstímanum. Það gæti haft þau áhrif að íbúum með fasta búsetu í frístundabyggð án nauðsynlegrar þjónustu myndi fjölga. Það getur einnig haft hamlandi áhrif á aðra uppbyggingu og samfélag og efnahag í sveitarfélaginu. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. |

### *Niðurstaða samanburðar*

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036 um íbúðarbyggð er eftirspurn eftir íbúðarlóðum svarað um leið og meiri hagkvæmni er tryggð með takmörkun við 15 lóðir á hverju svæði og skilyrði um að uppbyggingu íbúðarsvæða sé lokið áður en ný íbúðarbyggð er skipulögð. Þannig er betri yfirsýn yfir uppbyggingu í sveitarfélaginu tryggð. Stefna aðalskipulags mun í flestum tilfellum hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti en neikvæð í einhverjum, og jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Til þess að koma í veg fyrir eða lágmarka neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti í íbúðarbyggð skal forðast að raska vistgerðum með hátt verndargildi og taka tillit til náttúrufarslegra aðstæðna á hverjum stað. Lögð er áhersla á að ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag* gilda fyrir alla íbúðarbyggð og ákvæðunum skal fylgja við deiliskipulagningu svæðanna. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með legu og staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali.

### 10.1.2. VALKOSTIR FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Við gerð aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036 var horft til tveggja kosta varðandi staðsetningu fyrir nýja eða stærri frístundabyggð í Kjósarhreppi:

Kostur 1. Stefna aðalskipulags um tólf ný frístundasvæði.

Kostur 2. Núllkostur, þ.e. frístundabyggð eins og stefna er um hana í gildandi aðalskipulagi.

Mjög mikill fjöldi frístundahúsa er í Kjós og í reynd býr talsverður fjöldi fólks í sumarhúsum sínum árið um kring. Hingað til hafa ekki verið takmörk á fjölda frístundahúsa á hverju frístundasvæði og nokkuð er um mjög stórar frístundabyggðir í sveitarfélaginu. Einnig er nokkuð um að mjög stór svæði hafi verið skilgreind í aðalskipulagi sem síðan hafa ekki byggst upp. Nú er gerð sú breyting að sett eru takmörk á fjölda frístundalóða á hverju svæði, 15 lóðir, og er tilgangurinn með því fjórþættur: stuðla að varðveislu dreifbýlisyfirbragðs í sveitarfélaginu, stuðla að jafnvægi á milli uppbyggingar íbúðar- og frístundahúsa, að bæta yfirsýn sveitarfélagsins yfir þá uppbyggingu sem vænta má í sveitarfélaginu og loks að stuðla að hagkvæmri nýtingu þeirrar mikilvægu auðlindar sem land er. Einnig eru sett skilyrði um að uppbyggingu skipulagðra frístundasvæða sé lokið áður en ný frístundabyggð er skipulögð á jörð, sem snýr að sömu markmiðum. Þau frístundasvæði sem skilgreind voru í gildandi aðalskipulagi á landbúnaðarlandi í flokki L1 og L2 og ekki eru deiliskipulögð og engar framkvæmdir hafnar á eru felld út við endurskoðunina til að stuðla að varðveislu landbúnaðarlands í flokki L1 og L2, líkt og ákvæði gildandi aðalskipulags kváðu á um. Engin ný frístundasvæði eru skilgreind á landbúnaðarlandi í flokki L1 og L2. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að fella út frístundasvæði við næstu endurskoðun aðalskipulags þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi og engin uppbygging hefur átt sér stað. Frístundasvæði eru skilgreind á um 789 ha svæði í nýju aðalskipulagi, en voru 904 ha í gildandi aðalskipulagi. Alls er heimild fyrir 1063 lóðum í aðalskipulaginu en skv. gögnum fasteignaskrár eru 677 frístundahús í hreppnum árið 2025. Því er heimild fyrir 386 nýjum frístundahúsum sem ætti að anna eftirspurn á skipulagstímabilinu. Af 1063 frístundalóðum eru 221 nýjar lóðir.

| **Frístundabyggð** | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Samfélag** | **Náttúrufar & dýralíf** | **Náttúru- & menningarminjar** | **Vatn, sjór & strandlína** | **Landslag & ásýnd** | **Náttúruvá & öryggismál** | **Loftslag** |
| F33 Meðalfells-vegur | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir þar sem um fáar lóðir er að ræða og þegar raskað svæði. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Svæðið er þegar uppbyggt að hluta og ekki er um miklar viðbætur að ræða. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| F34 Írafell | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| F35 Írafell | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| F36 Bær II | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Í nokkurri fjarlægð frá núverandi innviðum. |
| F37 Bær III | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| | Samfélag | Náttúrufar & dýralíf | Náttúru- & menningarminjar | Vatn, sjór & strandlína | Landslag & ásýnd | Náttúruvá & öryggismál | Loftslag |
| F38 Bær IV | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| F39 Bær V | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| F40 Bær VI | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við innviði og utan L1 | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Í nokkurri fjarlægð frá |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | | | | | núverandi innviðum. |
| F41 Meðalfell | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við þegar skilgreinda frístundabyggð og innviði og utan L1 og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir og landslag. Getur haft áhrif á vatnafar Meðalfellsvatns | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg eða neikvæð áhrif vegna nálægðar við bakka Meðalfellsvatns. | Óveruleg eða neikvæð áhrif á ásynd Meðalfellsvatns vegna nálægðar við vatnið. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| F42 Eyjar II | Hófleg uppbygging í góðum tengslum við þegar skilgreinda frístundabyggð og innviði og utan L1 og L2. Jákvæð áhrif á efnahag og samfélag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif. Gæta ber sérstakrar varúðar vegna nálægðar við Laxá. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| F44 Hvammsendi | Óveruleg áhrif. Svæðið er þegar upp byggt, aðeins er um uppskiptingu núverandi svæðis í tvö minni svæði. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| | | | | | | | |
| | Samfélag | Náttúrufar & dýralíf | Náttúru- & menningarminjar | Vatn, sjór & strandlína | Landslag & ásýnd | Náttúruvá & öryggismál | Loftslag |
| Núllkostur<br>Óbreytt ástand | Óveruleg eða neikvæð áhrif þar sem eftirspurn er eftir frístundalóðum. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. |

### *Niðurstaða samanburðar*

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036 um frístundabyggð er komið til móts við óskir landeigenda um frístundalóðir um leið og betri yfirsýn og nýting lands er tryggð með takmörkun við 15 lóðir á hverju svæði og skilyrði um að uppbyggingu frístundasvæða sé lokið áður en ný frístundabyggð er skipulögð. Þá tryggja skýr ákvæði um niðurfellingu svæða sem ekki hafa verið deiliskipulögð við næstu endurskoðun hagkvæmni og yfirsýn skipulagsyfirvalda og fyrirsjáanleika fyrir alla aðila. Stefna aðalskipulags mun hafa neikvæð og óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og auðlindir en jákvæð áhrif á samfélagslega þætti.

Til þess að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru í frístundabyggð skal í deiliskipulagi forðast að raska vistgerðum með hátt verndargildi og tillit tekið

til náttúrufarslegra aðstæðna á hverjum stað. Lögð er áhersla á að ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag* gilda fyrir alla frístundabyggð og ákvæðunum skal fylgja við deiliskipulagningu svæðanna. Hönnun og útfærsla skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali.

### 10.1.3. VALKOSTIR FYRIR OPIN SVÆÐI OG ÍÞRÓTTASVÆÐI

Við endurskoðun aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036 var horft til tveggja kosta varðandi valkosti fyrir ný opin svæði:

Kostur 1. Stefna aðalskipulags um tvö ný opin svæði.

Kostur 2. Núllkostur, þ.e. óbreytt ástand frá gildandi aðalskipulagi.

Við gerð aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036 var horft til tveggja kosta varðandi valkosti fyrir ný íþróttasvæði:

Kostur 1. Stefna aðalskipulags um eitt nýtt íþróttasvæði.

Kostur 2. Núllkostur, þ.e. óbreytt ástand frá gildandi aðalskipulagi.

Um 300 íbúar eru í Kjós en auk þess eru tæplega 700 sumarhús sem talsverður fjöldi dvelur í á hverjum tíma, sérstaklega yfir sumartímann. Sveitarfélagið leggur metnað sinn í að bjóða upp á góða aðstöðu sem hvetur íbúa og gesti til útivistar og hreyfingar í nærumhverfinu. Það hefur góð áhrif á lýðheilsu og mótun samfélags í sveitarfélaginu. Þar sem ekkert þéttbýli er í sveitarfélaginu þjóna allir innviðir sem gera mannamót og samveru mögulega, og hvetja til hennar, mikilvægu hlutverki. Bætt er við einu íþróttasvæði í Eyjum II fyrir golfvöll, og afmörkun golfvallar í Hvammsvík í gildandi aðalskipulagi er aðlöguð svo að golfvollur sé ekki beggja vegna við stofnveg, og er það gert til að bæta öryggi.

| Opin svæði | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Samfélag** | **Náttúrufar & dýralíf** | **Náttúru- & menningarminjar** | **Vatn, sjór & strandlína** | **Landslag & ásýnd** | **Náttúruvá & öryggismál** | **Loftslag** |
| OP8 Ásgarður | Jákvæð áhrif á samfélag. Stuðlar að aukinni útivist og hreyfingu íbúa og fjölgun afþreyingarmöguleika í sveitarfélaginu fyrir íbúa og gesti. Góð áhrif á lýðheilsu. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| OP9 Ásgarður | Jákvæð áhrif á samfélag. Stuðlar að aukinni útivist og hreyfingu íbúa og fjölgun afþreyingarmöguleika í sveitarfélaginu fyrir íbúa og gesti. Góð áhrif á lýðheilsu. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ÍÞ2 Eyjar II | Jákvæð áhrif á samfélag. Stuðlar að aukinni útivist og hreyfingu íbúa og fjölgun afþreyingarmöguleika í sveitarfélaginu fyrir íbúa og gesti. Góð áhrif á lýðheilsu. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif þar sem ekki er um verulegar né varanlegar framkvæmdir að ræða. Einhver áhrif kunna að verða á á ásýnd svæðis en þau eru afturkræf. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Nálægt núverandi innviðum. |
| | | | | | | | |
| Núllkostur<br>Óbreytt ástand | Óveruleg eða neikvæð áhrif þar sem aðstaða til útivistar verður óbreytt. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Óveruleg áhrif |

### *Niðurstaða samanburðar*

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036 um opin svæði og íþróttasvæði er stefnu og markmiðum aðalskipulags um að *efla lýðheilsu með fjölbreyttum möguleikum til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfinu* og *að sveitarfélagið verði áfram eftirsótt til frístunda og útivistar í rólegu umhverfi og umgengni hvarvetna til fyrirmyndar*, fylgt eftir. Stefna aðalskipulags mun hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og jákvæð áhrif á samfélagslega þætti. Til þess að koma í veg fyrir eða lágmarka neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti á opnum svæðum og íþróttasvæðum skal forðast að raska vistgerðum með hátt verndargildi. Lögð er áhersla á að ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag* gilda fyrir alla landnotkun og skulu ákvæðin höfð að leiðarljósi við deiliskipulagningu svæðanna. Öll hönnun svæðanna skal miða að því að mannvirki falli vel að landslagi, s.s. með legu og staðsetningu þeirra, hæðarsetningu, formi og efnis- og litavali.

## 10.1.4. VALKOSTIR FYRIR SAMFÉLAGSÞJÓNUSTU

Við gerð aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036 var horft til tveggja kosta varðandi valkosti fyrir samfélagsþjónustu:

Kostur 1. Stefna aðalskipulags um eitt nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu.

Kostur 2. Núllkostur, þ.e. óbreytt ástand frá gildandi aðalskipulagi.

Um 300 íbúar eru í Kjós en auk þess eru tæplega 700 sumarhús sem talsverður fjöldi dvelur í á hverjum tíma, sérstaklega yfir sumartímann. Margir hafa fasta búsetu í sumarhúsum sínum árið um kring og því endurspeglar íbúafjöldi sveitarfélagsins ekki endilega þá þjónustuþörf sem til staðar er. Nýtt svæði fyrir samfélagsþjónustu er hugsað fyrir skóla, leikskóla og hjúkrunarheimili, en ekkert hjúkrunar- né dvalarheimili fyrir aldraða er í sveitarfélaginu fyrir þá sem það þurfa og því neyðist fólk til að flytja úr sveitarfélaginu, þarfnist það slíkrar þjónustu. Þá er hvorki starfræktur leik- né grunnskóli í sveitarfélaginu og þurfa íbúar að sækja slíka þjónustu til nágrannasveitarfélaga. Þetta er því líklegt til að efla alla grunnþjónustu við íbúa sveitarfélagsins og lyfta samfélaginu og bæta lífsgæði íbúa.

| **Samfélagsþjónusta** |
|---|

| | Samfélag | Náttúrufar & dýralíf | Náttúru- & menningarminjar | Vatn, sjór & strandlína | Landslag & ásýnd | Náttúruvá & öryggismál | Loftslag |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| S2 Ásgarður | Jákvæð áhrif á samfélag. Stuðlar að bættu þjónustustigi í sveitarfélaginu | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif þar sem ekki er um verulegar framkvæmdir að ræða. | Óveruleg áhrif | Óveruleg eða jákvæð áhrif. Nálægt núverandi innviðum og mun stytta vegaengdir sem fólk þarf að fara til að sækja ýmsa grunnþjónustu. |
| | | | | | | | |
| Núllkostur<br>**Óbreytt ástand** | Neikvæð áhrif þar sem framboð grunnþjónustu verður óbreytt og elstu íbúar verða tilneyddir til að flytja úr sveitarfélaginu. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Óveruleg eða neikvæð áhrif þar sem íbúar munu enn þurfa að fara um lengri veg eftir ýmissri grunnþjónustu. |

### *Niðurstaða samanburðar*

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036 um samfélagsþjónustu er stefnu og markmiðum aðalskipulags um að *efla byggð, menningu og atvinnulíf og auka lífsgæði íbúa* og að *innviðir samfélagsins standist kröfur nútímans og bæti öryggi, afkomumöguleika og lífsgæði íbúa* framfylgt. Stefna aðalskipulags mun hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og jákvæð áhrif á samfélagslega þætti með bættri grunnþjónustu við íbúa og fjölbreyttari búsetuúrræðum fyrir viðkvæma hópa, aldraða og þá sem

## 10.1.5. NIÐURSTAÐA UMHVERFISÁHRIFA FYRIR BYGGÐ OG SAMFÉLAG

Umfjöllun um jákvæð og neikvæð áhrif markmiða aðalskipulags Kjósarhrepps varðandi íbúðarsvæði, frístundabyggð, opin svæði og svæði fyrir samfélagsþjónustu sneri að því að stuðla að varðveislu dreifbýlisyfirbragðs í sveitarfélaginu, stuðla að jafnvægi á milli uppbyggingar íbúðar- og frístundahúsa, að bæta yfirsýn sveitarfélagsins yfir þá uppbyggingu sem

þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda. Til þess að koma í veg fyrir eða lágmarka neikvæð áhrif á svæðum fyrir samfélagsþjónustu skal forðast að raska vistgerðum með hátt verndargildi. Lögð er áhersla á að ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag* gilda fyrir alla landnotkun og skulu ákvæðin höfð að leiðarljósi við deiliskipulagningu svæðanna. Öll hönnun svæðanna skal miða að því að mannvirki falli vel að landslagi, s.s. með legu og staðsetningu þeirra, hæðarsetningu, formi og efnis- og litavali.

vænta má í sveitarfélaginu og loks að efla byggð og auka lífsgæði íbúa og stuðla að bættri lýðheilsu íbúa og gesta og skapa gott samfélag þar sem innviðir samfélagsins standast kröfur nútímans. Lögð áhersla á hagkvæma nýtingu þeirrar mikilvægu auðlindar sem land er. Áhrif áforma sveitarfélagsins Kjósarhrepps sem koma fram í aðalskipulagi 2024-2036 eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag en í flestum tilfellum óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti, loftslag og auðlindir.

## 10.2. Stefna aðalskipulags landbúnað og landnýtingu

Kjósarhreppur er dreifbýlishreppur án þéttbýlis og þar hefur verið stundaður fjölbreyttur landbúnaður í gegnum aldirnar. Land er takmörkuð auðlind og landbúnaðarland sem hentar vel til matvæla- og fóðurræktar er verðmætt. Undanfarna áratugi hafa orðið verulegar breytingar í atvinnu- og lifnaðarháttum í Kjósarhreppi, m.a. vegna breytinga á landbúnaðarháttum og nálægðar við höfuðborgarsvæðið, og landbúnaður víða lagst af í hreppnum. Ásókn í land undir aðra notkun en landbúnað eykst stöðugt. Mikil varðveisluverð menningarverðmæti felast í landbúnaðarásýnd og búsetulandslagi sem landbúnaður og lifnaðarhættir fyrri tíðar hafa skapað og enn sjást víða í hreppnum, þrátt fyrir miklar breytingar og ásókn í land til annarra nota. Samkeppni ríkir um land í dreifbýli vegna aukinnar eftirspurnar eftir landi, s.s. fyrir íbúðauppbyggingu, frístundabyggð, ferðaþjónustu og skógrækt. Flokkun landbúnaðarlands hefur verið endurskoðuð og er stuðst við samræmda flokkun fyrir landið allt sem framkvæmd var af Eflu verkfræðistofu í samstarfi við Land og skóg. Lögð er áhersla á að gott ræktarland í flokki L1 og L2 sé varðveitt til framtíðar til slíkra nota, og allri nýrri uppbyggingu beint á svæði sem falla í flokk L3 og L4. Þá falla frístundasvæði sem ekki eru deiliskipulögð og framkvæmdir eru ekki hafnar á , og voru á landi í flokki L1 og L2, út við þessa endurskoðun, í samræmi við ákvæði gildandi aðalskipulags þar um. Að öðru leyti er ekki um að ræða breytingar á landbúnaðarlandi í sveitarfélaginu.

### 10.2.1. VALKOSTIR FYRIR SKÓGRÆKTAR- OG LANDGRÆÐSLUSVÆÐI

Skógræktarsvæði í Bæ dregst saman um 25 ha en á móti bætast við tvö skógræktarsvæði í Írafelli, samtals 43 ha. Samtala skógræktar- og landgræðslusvæða í sveitarfélaginu er því jákvæð, en jákvæð áhrif og ávinningur eru háð því að farið verði í skógrækt á svæðunum og hún löguð að aðstæðum á hverju svæði.

| Skógræktar- og landgræðslusvæði | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Samfélag** | **Náttúrufar & dýralíf** | **Náttúru- & menningarminjar** | **Vatn, sjór & strandlína** | **Landslag & ásýnd** | **Náttúruvá & öryggismál** | **Loftslag** |
| SL1<br>Bær<br>-25 ha | Samfélagslegur og efnahagslegur ávinningur dregst saman við minnkun svæðis. | Neikvæð eða óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif, engin jákvæð áhrif á vatn af skógrækt | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Neikvæð áhrif, þar sem jákvæð áhrif af skógrækt dragast saman. |
| SL8 Írafell<br>+21 ha | Skógrækt hefur jákvæð áhrif á samfélag og efnahag. | Jákvæð áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif, jákvæð áhrif á vatn af skógrækt | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Meiri ávinningur af aukinni skógrækt og bindingu. |
| SL9 Írafell<br>+22 ha | Skógrækt hefur jákvæð áhrif á samfélag og efnahag. | Jákvæð áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif, jákvæð áhrif á vatn af skógrækt | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Meiri ávinningur af aukinni skógrækt |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | | | | | |
| | | | | | | | |
| Núllkostur<br>Óbreytt ástand | Óveruleg eða neikvæð áhrif þar sem samfélagslegur ávinnigur af skógrækt verður minni. | Engin eða neikvæð áhrif, ekkert rask, enginn ávinningur af skógrækt. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Neikvæð áhrif, þar sem jákvæð áhrif af skógrækt dragast saman. |

#### 10.2.2. NIÐURSTAÐA UMHVERFISÁHRIFA FYRIR LANDBÚNAÐ OG LANDNÝTINGU

Áhrif endursskoðaðs aðalskipulags á landbúnað og landnýtingu eru jákvæð, þar sem aukin áhersla er lögð á verndun lands í flokki L1 og L2 og hluti lands í flokki L1 og L2 sem ráðstafað hafði verið til frístundabyggðar í gildandi aðalskipulagi, er fært aftur í landbúnaðarflokk. Heildarsvæði sem ráðstafað er undir skógræktar- og landgræðslusvæði eykst um 18 ha sem er í heildina jákvætt.

## 10.3. Stefna aðalskipulags um atvinnulíf og ferðaþjónustu

Meginmarkið aðalskipulags varðandi uppbyggingu atvinnulífs er að stuðla að frekari uppbyggingu blómlegs atvinnulífs með fjölbreyttri þjónustu fyrir íbúa alls sveitarfélagsins og gesti þess. Stuðlað verði að sveigjanleika og seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum, svo sem breyttri aldurssamsetningu íbúa og breytingum í atvinnulífi. Hagsæld verði aukin með fjölbreyttu atvinnulífi sem byggir á mannauði og sérstöðu sveitarfélagsins, t.d. með fjölgun starfa án staðsetningar, en þar gegna áreiðanlegir fjarskipa – og samgönguinnviðir lykilhlutverki. Grunnstoðir atvinnulífsins í sveitarfélaginu, landbúnaður og ferðaþjónusta, verði styrktar með aukinni nýsköpun og framboði. Gæði og innviðir svæðisins verði nýttir á sjálfbæran hátt til að skapa fleiri og verðmætari störf og laða að fleiri ferðamenn, án þess að ganga um of á möguleika framtíðarkynslóða til að njóta þeirra. Að ferðaþjónusta sem byggir á sérstöðu svæðisins, náttúru, menningu og sögu, verði efld með þróun og markaðssetningu afþreyingar og þjónustu fyrir ferðamenn sem geti einnig nýst íbúum. Lögð verði áhersla á uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu sem byggir á gæðum svæðisins en gengur ekki á þau og laðar að fjölbreyttan hóp ferðamanna. Að stefna aðalskipulagsins stuðli að sjálfbærum vexti samfélagsins og nýtingu auðlinda, með hagsmuni umhverfisins og komandi kynslóða að leiðarljósi.

Umfjöllun um atvinnusvæði skiptist í *verslun og þjónustu, afþreyingar- og ferðamannasvæði, athafnasvæði og efnistökusvæði* þar sem gert er ráð fyrir nýjum og stærri verslunar- og þjónustusvæðum, tveimur nýjum afþreyingar- og ferðamannasvæðum og þremur nýjum efnistökusvæðum. Ekki eru gerðar breytingar á athafnasvæði. Talsverðar breytingar verða á verslun og þjónustu þar sem uppbyggingaráform fyrir ferðaþjónustu að Þúfu og í Hvammsvík stækka talsvert og við bætast veruleg uppbyggingaráform fyrir ferðaþjónustu í Þúfukoti og Bæ. Munu þessi áform hafa veruleg áhrif á atvinnulíf í hreppnum, bæði á uppbyggingartíma og þegar rekstur hefst, og getur skapað grundvöll fyrir fjölgun starfa og aukna þjónustu fyrir íbúa. Áformin eru þó einsleit sem skapar áhættu og getur ógnað stöðugleika í hreppnum, verði ferðamannaiðnaðurinn fyrir áfalli af einhverjum toga. Slík starfsemi af þeim stærðartoga sem hér um ræðir er líkleg til að hafa nokkur áhrif á umferð, loftslag og ásýnd og því er mjög mikilægt að ákvæðum 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag,* sem gilda um alla uppbyggingu í sveitarfélaginu, sé framfylgt og hugað að áhrifum uppbyggingar á ásýnd og yfirbragð og loftslag á öllum stigum uppbyggingar, allt frá hönnun til framkvæmdar. Uppbyggingaráform að Þúfu og Hvammsvík falla í b flokk 2. viðauka laga 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þar sem heildarbyggingarmagn er a.m.k. 5.000 $m^2$ eða fjöldi gistirúma a.m.k. 200, og kunna að vera háðar umhverfismati. Samanlagður fjöldi gistirúma að Bæ er 200 en á þremur aðskildum svæðum, svo meta þarf hvort uppbygging í Bæ falli í b flokk 2. viðauka laga 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### 10.3.1. VALKOSTIR FYRIR VERSLUN OG ÞJÓNUSTU

Við gerð aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036 var horft til tveggja kosta varðandi staðsetningu fyrir ný eða stækkuð verslunar- og þjónustusvæði í Kjósarhreppi:

Kostur 1. Stefna aðalskipulags um sjö ný/stækkuð verslunar- og þjónustusvæði.

Kostur 2. Núllkostur, þ.e. óbreytt verslun og þjónusta frá gildandi aðalskipulagi.

Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein um allt land undanfarin ár, en þó mjög mis mikið eftir landsvæðum. Um leið og hefðbundinn landbúnaður hefur víða lagst af í Kjósarhreppi er mikill áhugi meðal landeigenda í sveitarfélaginu að fara í uppbyggingu ferðaþjónustu á landi sínu. Það er litið jákvæðum augum, með fyrirvara um vandaða uppbyggingu og hættu á of mikilli einsleitni í uppbyggingaráformum og þjónustuframboði. Lögð er áhersla á að gott ræktarland sé verndað til framtíðar og því sé ekki ráðstafað varanlega til annarra nota, né gæði lands og samfella í góðu landbúnaðarlandi rýrð með annarri landnotkun. Þannig eru engin ný verslunar- og þjónustusvæði skilgreind á landbúnaðarlandi í flokki L1 og L2. Þá mæla skipulagsákvæði fyrir um að leitast skuli við að takmarka fjölda bygginga á verslunar- og þjónustusvæðum þar sem ekki þykir fýsilegt að landið steypist út í miklum fjölda aðskildra smáhýsa fyrir ferðamenn, með tilheyrandi áhrifum á ásýnd lands og dreifbýlisyfirbragð. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið skapar tækifæri og sérstöðu á sviði ferðaþjónustu og ef vel er staðið að málum getur uppbygging ferðaþjónustu fyrir fjölbreyttan hóp ferðafólks þar sem vandað er til verka og hugað að áhrifum uppbyggingar á samfélag, náttúru og ásýnd lands haft jákvæð áhrif á samfélagið í Kjós.

| Verslun og þjónusta | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Samfélag | Náttúrufar & dýralíf | Náttúru- & menningarminjar | Vatn, sjór & strandlína | Landslag & ásýnd | Náttúruvá & öryggismál | Loftslag |
| VÞ5 Þúfa | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag, stuðlar að fjölgun starfa í sveitarfélaginu. Með fyrirvara um of mikla einsleitni í atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. Óheimilt er að valda varanlegu raski á L1 og L2. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Mikið byggingarmagn og því mikilvægt að vanda til verka, staðarvals og hönnunar mannvirkja svo þau falli vel að umhverfinu. | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Nálægt núverandi innviðum. Mikið byggingarmagn og mikilvægt að huga að líftíma mannvirkja. |
| VÞ9 Þúfukot | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag, stuðlar að fjölgun starfa í sveitarfélaginu. Með fyrirvara um of mikla einsleitni í atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. Óheimilt er að valda varanlegu raski á L1 og L2. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Nokkuð mikið byggingarmagn og því mikilvægt að vanda til verka, staðarvals og hönnunar mannvirkja svo þau falli vel að umhverfinu. | Óveruleg áhrif | Nálægt núverandi innviðum. |
| VÞ10 Bær | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag, stuðlar að fjölgun starfa í sveitarfélaginu. Með fyrirvara um of mikla einsleitni í atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Mikilvægt að vanda til verka, staðarvals og hönnunar mannvirkja svo þau falli vel að umhverfinu. | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Í nokkurri fjarlægð frá núverandi innviðum. |
| VÞ11 Bær | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag, stuðlar að fjölgun starfa í sveitarfélaginu. Með fyrirvara um of mikla einsleitni í | Óveruleg áhrif. Óheimilt er að valda varanlegu raski á L1 og L2. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Nálægt núverandi innviðum. |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. | | | | | | |
| VÞ12 Bær | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag, stuðlar að fjölgun starfa í sveitarfélaginu. Með fyrirvara um of mikla einsleitni í atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Nokkuð byggingarmagn og því mikilvægt að vanda til verka, staðarvals og hönnunar mannvirkja svo þau falli vel að umhverfinu. | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Í nokkurri fjarlægð frá núverandi innviðum. |
| VÞ13 Hvammsvík | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag, stuðlar að fjölgun starfa í sveitarfélaginu. Með fyrirvara um of mikla einsleitni í atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. Óheimilt er að valda varanlegu raski á L1 og L2. | Óveruleg áhrif. Nokkuð er af minjum á svæðinu og brýnt er að tekið sé fyllsta tillit til þeirra. | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Mikið byggingarmagn og því mikilvægt að vanda til verka, staðarvals og hönnunar mannvirkja svo þau falli vel að umhverfinu. | Óveruleg áhrif | Óviss áhrif. Nálægt núverandi innviðum. Mikið byggingarmagn og mikilvægt að huga að líftíma mannvirkja. |
| VÞ14 Eyjar II | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag, stuðlar að fjölgun starfa í sveitarfélaginu. Er innan L2 og skal halda raski í lágmarki. Með fyrirvara um of mikla einsleitni í atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar og landslag. Óheimilt er að valda varanlegu raski á L1 og L2. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Nálægt núverandi innviðum. |
| | | | | | | | |
| Núllkostur Óbreytt ástand | Óveruleg eða neikvæð áhrif þar sem uppbygging mun ekki eiga sér stað. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. |

### *Niðurstaða samanburðar*

Með stefnumörkun í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036 um verslun og þjónustu er komið til móts við óskir landeigenda um ný og stærri verslunar- og þjónustusvæði. Samtals er gert ráð fyrir 940 gistirúmum þegar allt er talið og er það mikil fjölgun frá núgildandi aðalskipulagi. Ber þar helst að nefna mjög umfangsmikil uppbyggingaráform að Þúfu (250 gistirúm) og einnig áform um fjölgun gistirúma í Hvammsvík upp í 180 og ný svæði í Bæ með samtals 200 gistirúm og nýtt svæði í Þúfukoti með 100 gistirúm. Svo umfangsmikil uppbygging er líkleg til að hafa sjónræn áhrif. Því er sérstaklega mikilvægt að vandað sé til verka og ákvæðum aðalskipulags um umhverfi og yfirbragð sé fylgt til að vernda dreifbýlisyfirbragð sveitarfélagsins. Þá er mikilvægt að á verslunar- og þjónustusvæðum verði áhersla lögð á starfsemi sem geti þjónað bæði íbúum og gestum. Stefna aðalskipulags mun hafa neikvæð og óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og auðlindir en jákvæð áhrif á samfélagslega þætti.

Til þess að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru á verslunar- og þjónustusvæðum skal í deiliskipulagi forðast að raska vistgerðum með hátt verndargildi. Lögð er áhersla á að ákvæði 3. kafla *Stefna og markmið aðalskipulags*, og kafla 3.1. *Umhverfi og yfirbragð* og 3.2 *Loftslag* gilda fyrir öll verslunar- og þjónustusvæði og ákvæðunum skal fylgja við deiliskipulagningu svæðanna. Hönnun byggðarinnar skal miða að því að byggðin falli vel að landslagi, s.s. með staðsetningu mannvirkja, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Uppbygging skal miða að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu sem og ferðamönnum og huga þarf að áhrifum ferðamennsku á húsnæðismarkað. Skipulagsákvarðanir um ferðaþjónustu og ferðamannastaði skulu byggja á gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. Það lýtur t.d. að framboði og eftirspurn gistingar, afþreyingar og annarrar þjónustu. Mikilvægt er að koma í veg fyrir einsleitni í atvinnulífi hreppsins og að uppbygging ferðaþjónustu verði á kostnað möguleika framtíðarkynslóða til landbúnaðarræktunar.

### 10.3.2. VALKOSTIR FYRIR AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI

Í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036 er gert ráð fyrir 7 afþreyingar-og ferðamannasvæðum, og þar af eru tvö ný; bílastæði við upphaf gönguleiðar á Meðalfell og tjaldsvæði í Eyjum II. Nýju svæðin eru 0,5 og 1 ha að stærð.

| Afþreyingar- og ferðamannasvæði | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Samfélag** | **Náttúrufar & dýralíf** | **Náttúru- & menningarminjar** | **Vatn, sjór & strandlína** | **Landslag & ásýnd** | **Náttúruvá & öryggismál** | **Loftslag** |
| AF6 Meðalfell | Jákvæð áhrif á samfélag, lýðheilsu og efnahag með bættri aðstöðu til útivistar og hreyfingar í náttúrunni. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. |
| AF7 Eyjar II | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag með fjölbreyttari valmöguleikum ferðafólks til gistingar og aukin efnahagsleg umsvif. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. |
| | | | | | | | |
| Núllkostur Óbreytt ástand | Óveruleg eða neikvæð áhrif þar sem aðstaða til útivistar verður óbreytt. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Óveruleg áhrif |

*Niðurstaða samanburðar*

Ekki er um miklar breytingar að ræða á afþreyingar- og ferðamannasvæðum og umhverfisáhrif af þeirra völdum eru lítil eða óveruleg þar sem um lítil svæði er að ræða. Þau munu hafa jákvæð áhrif á samfélagslega þætti, s.s. lýðheilsu.

### 10.3.3. VALKOSTIR FYRIR EFNISTÖKU- OG EFNISLOSUNARSVÆÐI

Í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2024-2036 er gert ráð fyrir 39 efnistöku- og efnislosunarsvæðum. Tvö efnistökusvæði falla út (E12 Háls, E14 Hvammur) og þrjú bætast við (E37 Eyjafellsnáma, E38 Laxárnáma, E39 Sandsárnáma). Nýju svæðin eru öll 1 ha á stærð og heimil efnistaka er 5000 m$^3$. E37 og E39 eru ekki matsskyldar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, en E38 er á verndarsvæði Laxár í Kjós og kann því að vera háð mati á umhverfisáhrifum, sbr. 18. gr. laganna og iii. lið 2. tölul. 2. viðauka, og er háð sérstöku leyfi Umhverfis- og orkustofnunar, Fiskistofu og Veiðifélags Laxár. Öll efnistaka nærri ám og vötnum skal unnin í samráði við veiðifélög og efnistaka allt að 100 metrum frá bakka er háð leyfi Fiskistofu skv. 33 gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006.

| Efnistöku- og efnislosunarsvæði | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Samfélag** | **Náttúrufar & dýralíf** | **Náttúru- & menningarminjar** | **Vatn, sjór & strandlína** | **Landslag & ásýnd** | **Náttúruvá & öryggismál** | **Loftslag** |
| E37 Eyjar II Eyjafellsnáma | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg eða neikvæð áhrif. Vandaður frágangur að efnisvinnslu lokinni er mikilvægur. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Getur stytt vegalengdir í efnistöku og þannig haft jákvæð áhrif. |
| E38 Eyjar I, II, Hjalli og Vindás. Laxárnáma | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir, og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif.Möguleg neikvæð áhrif á vatnafar | Óveruleg eða neikvæð áhrif. Vandaður frágangur að efnisvinnslu lokinni er mikilvægur. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Getur stytt vegalengdir í efnistöku og þannig haft jákvæð áhrif. |
| E39 Eyjar I, II, Hjalli og Sandur. Sandsárnáma | Jákvæð áhrif á samfélag og efnahag. | Óveruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf, jarðfræði og jarðmyndanir og landslag. | Óveruleg áhrif. Engar þekktar minjar á svæðinu. | Óveruleg áhrif | Óveruleg eða neikvæð áhrif. Vandaður frágangur að efnisvinnslu lokinni er mikilvægur. | Óveruleg áhrif | Óveruleg áhrif. Getur stytt vegalengdir í efnistöku og þannig haft jákvæð áhrif. |
| | | | | | | | |
| Núllkostur Óbreytt ástand | Óveruleg eða neikvæð áhrif þar sem | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða jákvæð áhrif, ekkert rask. | Engin eða neikvæð áhrif þar sem |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | vegalengdir í efnistöku geta lengst. | | | | | | vegalengdir í efnistöku geta lengst. |

*Niðurstaða samanburðar*

Ekki er um miklar breytingar að ræða á efnistöku- og efnislosunarsvæðum, en markmiðið er að efnistökusvæði í aðalskipulagi anni þörf eftir efni á skipulagstímanum, og að ekki þurfi að fara um langan veg eftir efni. Dreifing efnistökusvæða er jöfn. Umhverfisáhrif af völdum nýrra efnistöku- og efnislosunarsvæða eru lítil eða óveruleg þar sem um lítil svæði er að ræða.

## 10.4. Stefna aðalskipulags um innviði og orku

Undir kaflann *innviðir og orka* falla eftirfarandi landnotkunarflokkar: *Iðnaðarsvæði, vegir, götur og stígar og veitur.* Megin markmið sveitarfélagsins er að innviðir samfélagsins, svo sem hitaveita, háhraðanet, aðgengi að orku og öruggar og áreiðanlegar samgöngur, standist kröfur nútímans og veiti skilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf og vöxt samfélagsins. Allir vegfarendur komist leiðar sinnar á öruggan máta. Innviðir og aðlaðandi umhverfi hvetji til notkunar vistvænna samgöngumáta og neikvæðum umhverfisáhrifum umferðar haldið í lágmarki.

Þær breytingar sem gerðar eru í þessum málaflokkum eru stækkun iðnaðarsvæðis I2 að Möðruvöllum um sem nemur tæpum 4000 $m^2$ til þess að ná yfir núverandi heitavatnsborholur. Umhverfisleg áhrif þess eru óveruleg en þar sem stækkunin er innan hverfisverndarsvæðis Bugðu og Laxár HV5 er mikilvægt að fyllstu varúðar sé gætt við allar framkvæmdir. Samfélagslegur ávinningur af stækkuninni og þeirri starfsemi sem þar fer fram er ótvíræður.

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á vegakerfinu í sveitarfélaginu en hjólastíg er bætt inn á uppdrátt meðfram Hvalfjarðarstrandarvegi sem er mikið framfaramál fyrir vistvænar samgöngur og útivist í sveitarfélaginu og getur haft jákvæð áhrif á loftslag og lýðheilsu, en útfærsla er mikilvæg til að tryggja öryggi hjólandi vegfarenda. Slíkur hjólastígur getur haft jákvæð áhrif á efnahag með möguleikum á markaðssetningu sveitarfélagsins fyrir hjólandi ferðamenn og dagsferðalanga af höfuðborgarsvæðinu.

*Niðurstaða umhverfisáhrifa fyrir innviði og orku*

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036 sem snýr að innviðum og orku með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru, sérstaklega samfélag og loftslag.

## 10.5. Stefna aðalskipulags Kjósarhrepps um vatn, vernd og vá

Umfjöllun um verndar- og náttúruvársvæði í aðalskipulagi tekur á eftirfarandi þáttum: vötn, ár og sjór, strandsvæði, vatnsverndarsvæði á strandsvæðum við ár, vötn og sjó, vatnsból og vatnsvernd vatnsbóla, óbyggð svæði, friðlýst svæði, önnur náttúruvernd, minjavernd, hverfisvernd og náttúruvá.

Ekki er um miklar breytingar að ræða á þessum landnotkunarflokkum, en Hvalfjörður er hér skilgreindur undir aðra náttúruvernd en hann er tilnefndur á Náttúruminjaskrá (B-hluti) vegna fjöruvistgerða, fugla og sela. Þá er umfjöllun um vatnshlot bætt við.

Megin stefnumið sveitarfélagsins um sjálfbærni verði höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku um að ekki verði gengið á umhverfis- og menningargæði sveitarfélagsins né líffræðilegan fjölbreytileika náttúrunnar. Öryggi allra íbúa og gesta sveitarfélagsins sé ávallt tryggt. Öruggt aðgengi íbúa og gesta að náttúru svæðisins sé tryggt, án þess að umhverfið bíði skaða af. Sérstakar náttúru- og menningarminjar í sveitarfélaginu verði varðveittar og stuðlað að aukinni þekkingu íbúa um þau verðmæti sem í þeim felast. Stuðlað verði að varðveislu friðlýstra svæða, annarra náttúruminja og umhverfislegra gæða almennt. Staðinn verði vörður um menningarverðmæti sem felast í dreifbýlisyfirbragði sveitarfélagsins.

Mörkuð er stefna um verndun og friðlýsingu einstakra svæða og varðveislu friðlýstra svæða, náttúru- og menningarminja og umhverfislegra gæða almennt. Fjögur svæði eru á náttúruminjaskrá innan Kjósarhrepps, og auk þess hefur Hvalfjörður verið tilnefndur á Náttúruverndarskrá (B-hluti) vegna fjöruvistgerða, fugla og sela (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2025). Eitt friðlýst svæði er innan Kjósarhrepps, Steðji, og fjórar friðlýstar fornminjar. Tvö friðlýst hús er að finna í hreppnum (Vindáshlíðarkirkju og Reynivallakirkju) og auk þeirra eru fjögur aldursfriðuð hús. Það er stefna sveitarfélagsins að stuðla að varðveislu þessara minja, lögum samkvæmt.

Lögð er áhersla á að tryggt sé að ávallt verði nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og fyrirtæki í Kjósarhreppi og vatnsverndarsvæði séu virt.

Skipulagsáætluninni er ætlað að skilgreina svæði þar sem talið er að náttúruvá sé til staðar en engin skilgreind hættusvæði vegna náttúruvár eru til staðar. Þó kann að vera staðbundin hætta af völdum ofanflóða og er nauðsynlegt að framkvæma hættumat á slíkum svæðum áður en farið er í framkvæmdir. Þá kann að skapast aukin hætta á landbroti af völdum sjávargangs á lágsvæðum vegna hækkandi yfirborðs sjávar og er mikilvægt að vel sé fylgst með þróun mála.

*Niðurstaða umhverfisáhrifa fyrir vatn, vernd og vá*

Á heildina litið kemur stefnumörkun aðalskipulags Kjósarhrepps 2024-2036 sem snýr að vatni, vernd og vá fyrst og fremst til með að hafa jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru.

## 10.6. Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum

Í aðalskipulagi Kjósarhrepps eru þrjár framkvæmdir sem kunna að vera matsskyldar samkvæmt lögum nr. 111/2021. Uppbyggingaráform að Þúfu og Hvammsvík falla í b flokk 2. viðauka laga 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þar sem heildarbyggingarmagn er a.m.k. 5.000 m$^2$ eða fjöldi gistirúma a.m.k. 200, og kunna að vera háðar umhverfismati. Samanlagður fjöldi gistirúma í Bæ er 200 en á þremur aðskildum svæðum, svo meta þarf hvort uppbygging í Bæ falli í b flokk 2. viðauka laga 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá fellur efnistökusvæði E38 Laxárnáma einnig í b flokk sömu laga, þar sem það er á verndarsvæði Laxár og Bugðu.

## 10.7. Samlegðaráhrif og heildarniðurstaða matsvinnu

Líkleg áhrif Aðalskipulags Kjósarhrepps eru á heildina litið jákvæð á samfélag sveitarfélagsins en gert er ráð fyrir fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, blómlegrar frístundabyggðar í sátt við samfélag og eflingu atvinnutækifæra sem byggir á sérstöðu svæðisins. Þar er horft sérstaklega til uppbyggingar ferðaþjónustu en vert er að minnast á að ákveðin áhætta er fyrir hendi á of mikilli einsleitni í atvinnuuppbyggingu sem getur ógnað stöðugleika. Því er mikilvægt að horfa einnig til uppbyggingar annarra og fjölbreyttari atvinnugreina til mótvægis. Stefnumótunin og aðalskipulagsvinnan miðar að því að styrkja og efla sveitarfélagið og leitast er við að samrýma umhverfisvernd, nýtingu auðlinda og tækifæri á sviði atvinnu og samgangna. Umhverfismat Aðalskipulags Kjósarhrepps er liður í að aðalskipulagsvinnan stuðli að sjálfbærri þróun í samræmi við markmið 1. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

### 10.7.1. VÖKTUNARÁÆTLUN

Lagt er til að Kjósarhreppur hafi umfjöllun umhverfisskýrslu til hliðsjónar við skipulagsvinnu hvers konar og grípi til þeirra mótvægisaðgerða sem eiga við hverju sinni. Gera skal ráð fyrir að nánari vöktunaráætlun framkvæmda verði sett fram við mat á umhverfisáhrifum þeirra sem og að nánari vöktunaráætlanir komi fram á deiliskipulagsstigi.

# 11. SKIPULAGSFERLIÐ

## 11.1. Tímaáætlun - sett fram til viðmiðunar og með fyrirvara um breytingar.

| | |
|---|---|
| **Undirbúningur**<br>Janúar - mars 2024 | ▪ Fundir með sveitarstjórn og skipulags- og byggingarnefnd, vettvangsskoðun.<br>▪ Yfirfara framtíðarsýn og helstu markmið og áherslur.<br>▪ Uppsetning á kortagrunnum í samræmi við skipulagsreglugerð og landnotkunarflokkum. |
| **Lýsing**<br>Mars - ágúst 2024 | ▪ Öflun og úrvinnsla grunnupplýsinga horft sérstaklega til íbúaþróunar, íbúðarhúsnæðis, atvinnusamsetningar, nýtingu auðlinda og stærð og ástand svæða sem njóta verndar.<br>▪ Forsendur frá gildandi stefnum svo sem Landsskipulagsstefnu og stefnu stjórnvalda um loftslagsmál.<br>▪ Umfang og áherslur umhverfismats.<br>▪ Skipulagslýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum og kynnt almenningi. |
| **Mótun skipulagstillögu**<br>September 2024 – september 2025 | ▪ Stefnumótun - Skilgreining framtíðarsýnar og meginmarkmiða.<br>▪ Endurskoðun á landnotkun horft sérstaklega á landbúnaðarsvæði, íbúðarbyggð, frístundabyggð, skógrækt og landgræðslusvæði og efnistökusvæði.<br>▪ Samantekt, úrvinnsla gagna og tillögugerð. Fyrstu drög að umhverfisskýrslu. |
| **Tillaga til forkynningar**<br>Nóvember- desember 2025 | ▪ Landnotkunaruppdrættir og skýringarkort fyrir einstaka þætti skipulagsins.<br>▪ Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla kynnt og samþykkt í nefndum og sveitarstjórn. |
| **Athugun Skipulagsstofnunar**<br>Janúar 2026 | ▪ Frágangur og samþykkt skipulagstillögu og umhverfisskýrslu.<br>▪ Athugun Skipulagsstofnunar á skipulagstillögu. |
| **Auglýsing Skipulagstillögu**<br>Febrúar-mars 2026 | ▪ Frágangur skipulagstillögu og umhverfisskýrslu til auglýsingar.<br>▪ Auglýsing skipulagstillögu og umhverfisskýrslu (6 vikur). |
| **Lokaafgreiðsla aðalskipulags**<br>Mars-apríl 2026 | ▪ Svör og viðbrögð við athugasemdum. Frágangur á skipulagstillögu eftir auglýsingu.<br>▪ Afgreiðsla á skipulagstillögu til Skipulagsstofnunar.<br>▪ Staðfesting Skipulagsstofnunar. |

## 11.2. Samráð og kynning

Mikilvægur þáttur við endurskoðun aðalskipulags er að kynna það á ýmsum stigum þar sem m.a. er leitað eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu fyrir sveitarfélagið. Skipulags- og matslýsing var kynnt í samræmi við gr. 4.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 og gefinn rúmlega fimm vikna frestur til að koma á framfæri ábendingum. Opnir samráðs- og kynningarfundir verða haldnir í Kjósarhreppi og auglýstir í miðlum og á heimasíðu sveitarfélagsins. Meginmarkmið slíkra funda er að virkja íbúa sveitarfélagsins til þátttöku í aðalskipulagsvinnunni og kalla fram skoðanir og hugmyndir þeirra á upphafsstigum skipulagsvinnunnar. Íbúum gefast nokkur tækifæri til að koma athugasemdum, hugmyndum, ábendingum og spurningum á framfæri. Auk lögbundins samráðs- og kynningarferlis aðalskipulags hefur verið notast við vef sveitarfélagins og spurningakannanir til að kalla eftir ábendingum og hugmyndum frá íbúum. Drög að skipulagstillögu á vinnslustigi var kynnt á opnu húsi í Ásgarði. Vinnslutillaga var auglýst á vef sveitarfélagsins og íbúum og öðrum hagsmunaaðilum boðið að senda inn ábendingar. Fréttum af helstu áföngum vinnunnar verður jafnframt miðlað eftir því sem tilefni er til.

### Umsagnar- og samráðsaðilar

Skipulagstillaga þessi verður send til umsagnar Skipulagsstofnunar og eftirtalinna aðila sem hafa annað hvort lögbundið hlutverk sem tengist gerð aðalskipulags eða að þeir hafa staðið að áætlunum sem hafa bein áhrif á aðalskipulagið eða það mun taka mið af. Tillagan verður einnig send til nágrannasveitarfélaganna, Reykjavíkurborgar, Bláskógabyggðar og Hvalfjarðarsveitar. Sömu aðilar munu jafnframt fá tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi til kynningar og umsagnar, fyrir formlega auglýsingu í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Tillagan verður jafnframt send til kynningar til ýmissa atvinnutengdra hagsmunasamtaka og félagasamtaka í sveitarfélaginu.

Haft verður samráð við aðila sem fara með málaflokka sem varða skipulagið. Óskað verður eftir samráði og ábendingum frá eftirfarandi aðilum um mál sem snerta sérsvið þeirra:

- Umhverfis- og orkustofnun
- Forsætisráðuneytið, Innviðaráðuneyti, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Atvinnuvegaráðuneytið,
- Aðliggjandi sveitarfélög, Hvalfjarðarsveit, Bláskógabyggð og Reykjavíkurborg
- Samtök sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Rarik, Landsnet, Míla, Fjarskiptastofa
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin, Samgöngustofa
- Ferðamálastofa
- Veðurstofa Íslands
- Fiskistofa
- Náttúrufræðistofnun
- Land og skógur
- Landvernd
- Hafrannsóknarstofnun
- Viðkomandi nefndir Kjósarhrepps
- Önnur félaga- og hagsmunasamtök í Kjós.

## 11.3. Breytingar eftir auglýsingu.

Efnislegar breytingar sem gerðar voru að lokinni auglýsingu tillögu.

# 12. Heimildaskrá


Hermannsdóttir, Á., Lárusdóttir, B., Hreiðarsdóttir, E. Ó., Þórsdóttir, K., & Magnúsdóttir, U. (2008). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Sótt Janúar 2025 frá https://www.kjos.is/static/files/ONE/Fornleifar/forleifaskraning-i-kjosarhreppi-i.pdf

Alþingi. (2011). *https://www.althingi.is/altext/140/s/0418.html.* Sótt frá althingi.is: https://www.althingi.is/altext/140/s/0418.html

Alþingi. (2024). *Landsskipulagsstefna 2024–2038.* Reykjavík: Alþingi. Sótt frá https://www.althingi.is/altext/154/s/1724.html

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. (2020). Sjálfbær orkuframtíð. Orkustefna til ársins 2050. Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök ferðaþjónustunnar. (2015). *https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/vegvisir_2015-pdf.* Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök ferðaþjónustunnar. Sótt frá https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/vegvisir_2015-pdf

Atvinnuvegaráðuneytið. (2016). *Saman gegn sóun – Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016 - 2027.* Raykjvík: Atvinnuvegaráðuneytið. Sótt frá https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2016/01/22/Saman-gegn-soun-Almenn-stefna-um-urgangsforvarnir-2016-2027/

Ásta Hermannsdóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Unnur Magnúsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, & Sigurjóna Guðnadóttir. (2008-2012). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I-III.* (Birna Lárusdóttir, & Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Ritstj.) Reykjavík. Sótt 25. Júní 2024 frá https://fornleif.is/wp-content/uploads/2023/07/FS394-07121-Kjosarhreppur-I.pdf

Beck, S. G., & Guðnadóttir, S. (2012). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III: Káranes, Káraneskot, Laxárnes, Miðdalur, Miðdalskot, Hækingsdalur og Vindás.* (B. I. bindi). (S. G. Beck, Ritstj.) Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Sótt 25. Júní 2024 frá https://www.kjos.is/static/files/ONE/Fornleifar/forleifaskraning-i-kjosarhreppi-iii.pdf

Björnsson, H., Ólafsdóttir, A. H., Sigurðsson, B. D., Katrínardóttir, B., Davíðsdóttir, B., Gunnarsdóttir, G., . . . Matthíasdóttir, T. (2023). *Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi. Fjórða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar.* Reykjavík: Veðurstofa Íslands. doi:ISBN 978-9935-9414-3-5

Efla, Land og skógur. (4.. Nóvember 2025). *Flokkun ræktunarlands*. Sótt frá Flokkun ræktunarlands: https://storymaps.arcgis.com/stories/bbfaf9c0af07469c851606b34e31689e

Fráveita;. (25. júní 2024). *www.kjos.is.* Sótt frá https://www.kjos.is/static/files/ONE/samthykkt-um-rotthro-fraveita-i-kjosarhreppi.pdf

Guðmundsdóttir Beck , S. (2010). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi II.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Sótt frá https://www.kjos.is/static/files/ONE/Fornleifar/forleifaskraning-i-kjosarhreppi-ii.pdf

Guðmundsdóttir Beck, S., & Guðnadótt, S. (2012). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III. II bindi.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. Sótt frá https://www.kjos.is/static/files/gamalt/files/Skra_0078190.pdf

Guðmundsdóttir Beck, S., & Guðnadóttir , S. (2012). *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III. I. bindi.* Reykajvík: Fornleifastofnun Íslands. Sótt frá https://www.kjos.is/static/files/ONE/Fornleifar/forleifaskraning-i-kjosarhreppi-iii.pdf

Guðni Þ. Þorvaldsson, Guðrún Lára Sveinsdóttir, & Salvör Jónsdóttir. (2021). *Leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar.* Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Gunnarsson, T. (2022). *SAMEIGINLEG SVÆÐISÁÆTLUN UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS 2022 - 2033.* Reykjavík: Mannvit hf. Sótt frá https://www.kjos.is/static/files/Urgangsmal/svaedisaaetluntil-samthykktar_14.01.2022.pdf

Hagstofa Íslands. (25. júní 2024). *Hagstofa Íslands*. Sótt frá Hagstofa Íslands: https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/

*Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun*. (án dags.). Sótt 7. Janúar 2026 frá Heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun: https://www.heimsmarkmidin.is/

HMS. (23. 12 2025). *HMS.is*. Sótt frá HMS.is: https://hms.is/gogn-og-maelabord/maelabordfasteignaskra/fjoldi-ibuda-og-sumarhusa

Hreinsson, E. Ö. (2023). *Mannfjöldaspá 2023-2074.* Byggðastofnun.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. (2024). *Fasteignaskra.is*. Sótt frá Fasteignaskra.is: https://www.fasteignaskra.is/gogn/fasteignagattin/fjoldatolur-ur-fasteignaskra/fjoldi-ibuda/

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. (3. Nóvember 2025). *fasteignaskra.is*. Sótt frá fasteignaskra.is: https://fasteignaskra.is/gogn/fasteignagattin/fjoldatolur-ur-fasteignaskra/fjoldi-sumarhusa/

*Húsnæðisáætlun.* (2024). Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Kristinsson, Ó. S. (2013). *Hjólabókin. 3. bók: Suðvesturland. Dagleiðir í hing á hjóli.* Reykjavík: Vestfirska forlagið.

Land og skógur. (2025). *Gæðaviðmið við val á landi til skógræktar.* Reykjavík: Land og skógur. Sótt frá https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/3DiT2eJNmJxvEdW6iH0zcm/4680783958f15063afc

7fd1ef328b4b6/G%C3%83_%C3%83_avi%C3%83_mi%C3%83__vi%C3%83__val_%C3%83__landi_til_sk%C3%83_gr%C3%83_ktar_1%C3%83%C2%BAtg

Landbúnaðarráðuneytið. (27. Maí 2004). *Auglýsing nr. 460/2004.* Sótt frá Stjornartidindi.is: https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=0cbb92b7-d648-4c9e-afd3-c353179fc594

Landlínur, Áskelsdóttir, S. Ó., & Þórðarson, Þ. (2007). *Kjósarhreppur aðalskipulagi 2005-2017.* Kjósarhreppur.

Landsnet. (2021). *Kerfisáætlun landsnets 2021-2030. Langtímaáætlun um þróun flutningskerfis raforku.* Reykjavík: Landsnet. Sótt frá https://www.landsnet.is/library?itemid=9b6dfde6-4b6e-45ee-8746-dad540ced29a

Landsnet. (2025). *Kerfisáætlun 2025-2034. Langtímaáætlun.* Reykjavík.: Landsnet. Sótt frá https://www.landsnet.is/library/?itemid=736f9e44-677b-4b9b-8cd4-0255784bbfa8

Landsnet. (án dags.). *Háspennulínur. Aðgát skal höfð.* Sótt frá landsnet.is: https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932

*Lögbýlaskrá.* (2024). Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Sótt frá https://hms-web.cdn.prismic.io/hms-web/Z63iNZbqstJ9-kVU_logbylaskra_2024.pdf

Matvælaráðuneytið. (2023). *Matvælastefna Íslands til ársins 2040.* Matvælaráðuneytið.

Menningar- og viðskiptaráðuneyti. (2024). *Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030.* Reykjavík: Menningar- og viðskiptaráðuneyti. Sótt frá https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/final-ferdamalastefna.pdf

Menningar- og viðskiptaráðuneytið. (2024). *Velkomin. Ferðamálastefna og aðgerðir til ársins 2030.* Reykjavík: Stjórnarráð Íslands - Menningar- og viðskiptaráðuneytið. Sótt frá https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ATRN/Fylgiskjol-med-frettum/final-ferdamalastefna.pdf

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Stjórnarráð Íslands. (22. janúar 2025). *Góðar leiðir*. Sótt frá Góðar leiðir: https://godarleidir.is/

Náttúrufræðistofnun. (2. mars 2026). *www.natt.is*. Sótt frá www.natt.is: https://www.natt.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/hvalfjordur

Náttúrufræðistofnun Íslands. (15. Janúar 2025). *Náttúrufræðistofnun Íslands*. Sótt frá ni.is: https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/hvalfjordur

Náttúrufræðistofnun Íslands. (Janúar 2025). *ni.is*. Sótt frá ni.is: https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/hvalfjordur

Náttúruminjaskrá. (25. Júní 2024). *Ust.is*. Sótt frá Ust.is: https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vesturland/

*RAMSAR*. (án dags.). Sótt frá RAMSAR: https://www.ramsar.org/

Samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034. (2019-2020). Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034;. *435. mál, þingsályktunartillaga, Þingsályktun 41/150*. Sótt frá https://www.althingi.is/altext/150/s/1944.html.

Samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040. (2025). Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026–2040 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030. *157. löggjafarþing 2025–2026. Þingskjal 463 — 322. mál. Stjórnartillaga.* Sótt frá https://www.althingi.is/altext/150/s/1944.html: chrome-extension://efaidnbmnnnibpcajpcglclefindmkaj/https://www.althingi.is/altext/pdf/157/s/0463.pdf

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH. (2015). *Höfuðborgarsvæðið 2040.* Reykjavík: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sótt frá https://www.ssh.is/static/files/storybook/SSK/Gildandi/hb2040-2015-07-01-web_undirritad.pdf

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi. (25. Júní 2024). *https://www.kjos.is.* Sótt frá https://www.kjos.is/static/files/f/samthykkt-um-medhondlun-urgangs-i-kjosarhreppi_b_nr_30_2007.pdf

Stefán Gíslason, & Birna Sigrún Hallsdóttir. (2022). *Loftslagsstefna höfuðborgarsvæðisins.* Reykjavík: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Sótt 25. júní 2024 frá https://www.kjos.is/static/files/f/loftslagsstefna-hofudborgarsvaedisins_stefna-og-verkfaerakista_sept-2022.pdf

Stjórnarráð Íslands - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. (2024). *Uppfærsla aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum: Formáli.* Reykjavík: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Sótt frá https://samradapi.island.is/api/Documents/128148b4-8f2c-ef11-9bc3-005056bcce7e

Umferðaröryggisáætlun 2024-2038. (2023). Stjórnarráð Íslands.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið - Stjórnarráð Íslands. (2021). *Í ljósi loftslagsvár - Stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum.* Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sótt frá https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/I_ljosi_loftslagsvar.pdf

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2021). *Í átt að hringrásarhagkerfi Stefna umhverfis– og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.* Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sótt 7. Janúar 2026 frá https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/UAR_stefnal_att_ad_hringrasarhagkerfi.pdf

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. (2025). *Líffræðileg fjölbreytni: Stefna og markmið til ársins 2030.* Reykjavík: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Sótt frá https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/URN/Líffræðileg%20fjölbreytni%20–%20Stefna%20og%20markmið%20til%20ársins%202030-digital.pdf

Umhverfisráðuneytið. (2008). *Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni.* Umhverfisráðuneytið. Sótt frá https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/liffjolbreytni.pdf

Umhverfisstefna Kjósarhrepps. (25. Júní 2020). *https://www.kjos.is.* Sótt frá https://www.kjos.is/static/files/Nefndir/Hreppsnefnd/umhverfisstefna-kjosarhrepps_11.11.2020.pdf

Umhverfisstofnun. (2017). *Hreint loft til framtíðar - Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029.* Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sótt frá https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Hreint%20loft%20til%20framt%c3%ad%c3%b0ar,%20lokaeintak.pdf

Umhverfisstofnun. (2022). *Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.* Reykjavík: Umhverfisstofnun. Sótt frá https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatnaáætlun%202022-2027%20-%20Copy%20(1).pdf

Umhverfisstofnun. (20. Ágúst 2024). *Alþjóðlegar skuldbindingar*. Sótt frá www.ust.is: https://ust.is/nattura/althjodlegar-skuldbindingar/

Umhverfisstofnun. (10. Janúar 2025). *https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbodyinfo*. Sótt frá VATNAVEFSJA.VEDUR.IS: https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbodyinfo

Umhverfisstofnun. (Janúar 2025). *Steðji (Staupasteinn).* Sótt frá Umhverfisstofnun.is: https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/stedji-staupasteinn/

Vegagerðin. (Janúar 2025). *Vegaskrá.* Sótt frá vegagerdin.is: https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/gagnasafn/skyrslur/media-10870

Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. (2020). *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. útgáfa.* Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sótt frá https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20utgafa.pdf

Vésteinsson, O. (2020). *Menningar- og búsetulandslag. Greinargerð unnin fyrir Minjastofnun Íslands.* Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í fornleifafræði. Sótt frá https://www.minjastofnun.is/static/files/skjol-i-grein/Menningar-og-busetulandslag.pdf